Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi I: Húsatóftir og Skaftholt



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Birna Lárusdóttir, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveig G. Beck.

FS660-16241
Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2017

Forsíðumyndin er af vörðu ÁR-291:035 í Skaftholti. Horft er til norðurs af Skaftholtsfjalli. Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.

© 2017
Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

Samantekt 5

1. Inngangur 7

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 9

3. Aðferðir við fornleifaskráningu 11

4. Fornleifaskrá 13

ÁR-239 Húsatóftir 13

ÁR-291 Skaftholt 47

ÁR-661 Fornleifar á fl. en einni jörð 77

ÁR-671 Fornleifar á fl. en einn jörð 91

5. Niðurstöður 96

Heimildir 103

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93 107

Viðauki II: Minjakort 109

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

Samantekt


Hér er kynntar niðurstöður fornleifaskráningar í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ráðist var í skráninguna í tengslum við vinnu sem nú fer fram við aðalskipulag sveitarfélagsins enda ljóst að töluverðar framkvæmdir yrðu í sveitarfélaginu á næstu árum. Skráningin sem um er að ræða var annars vegar full heimildaúttekt (svæðisskráning) á öllu sveitarfélaginu og hins vegar vettvangsskráning (aðalskráning) á tveimur þéttbýlissvæðum á svæðinu, Árnesi og Brautarholti. Svæðisskráningin var unnin fyrrihluta ársins 2017 og aðalskráningin í júnílok sama ár. Á vormánuðum 2017 kom út skýrsla um svæðisskráningu fornleifa en í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum aðalskráningarinnar sumarið 2017.

Samtals voru skráðir 133 minjastaðir á Húsatóftum og Skaftholti/Réttarholti auk 12 sem teljast vera á fleiri en einni jörð í báðum hreppum (oftast leiðir). Innan minjastaðanna 145 reyndust 163 minjaeiningar, þar sem á sumum stöðum var að finna fleiri en eina tóft eða garðlög svo dæmi séu tekin.

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

1. Inngangur

Í lok árs 2016 gerðu Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Fornleifastofnun Íslands með sér samning um svæðis- og aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Ráðist var í skráninguna í tengslum við vinnu sem nú fer fram við aðalskipulag sveitarfélagsins enda ljóst að töluverðar framkvæmdir yrðu í sveitarfélaginu á næstu árum. Skráningin sem um er að ræða var annars vegar full heimildaúttekt (svæðisskráning) á öllu sveitarfélaginu en slík heimildaskráning lá ekki fyrir og hins vegar vettvangsskráning (aðalskráning) á tveimur þéttbýlissvæðum á svæðinu, Árnesi og Brautarholti. Svæðisskráningin var unnin fyrrihluta ársins 2017 og aðalskráningin í júnílok sama ár. Á vormánuðum 2017 kom út skýrsla[1] um svæðisskráningu fornleifa en í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum aðalskráningarinnar sumarið 2017.



Mynd 1. Rauðu punktarnir sýna skráningarsvæðið, Húsatóftir eru vestar og Skaftholt austar.

Byggðakjarnarnir eru tveir í sveitarfélaginu, einn í hvorum hinna sameinuðu hreppa. Brautarholt er í gamla Skeiðahreppi, byggt úr landi Húsatófta. Þar hafði ekki farið fram fornleifaskráning áður en þessi vinna hófst. Árnes er í gamla Gnúpverjahreppi, byggt úr landi Réttarholts en Réttarholt var byggt úr landi Skaftholts árið 1961. Árið 2006 voru minjar á afmörkuðu svæði í landi Réttarholts skráðar vegna fyrirhugaðs deiliskipulags svæðisins og

[1] Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016

fyrirhugaðra byggingaframkvæmda.[2] Við skráningu að þessu sinni (2017) var skráningin frá árinu 2006 endurskoðuð og hún lagfærð eftir þörfum.

Samtals voru skráðir 133 minjastaðir á Húsatóftum og Skaftholti/Réttarholti auk 12 sem teljast vera á fleiri en einni jörð í báðum hreppum (oftast leiðir). Innan minjastaðanna 145 reyndust 163 minjaeiningar, þar sem á sumum stöðum var að finna fleiri en eina tóft eða garðlög svo dæmi séu tekin.

Um vettvangsskráningu sáu þau Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Gylfi Björn Helgason. Ragnheiður sá um ritun skýrslu, uppsetningu og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar nema annað sé tekið fram. Loftmyndirnar í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. en Skeiða- og Gnúpverjahreppur veitti aðgang að þeim.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og kort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum þeirra heimildamanna sem rætt var við á svæðinu. Þeir miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum áhuga.

[2] Sólveig G. Beck, 2007.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
>
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og

leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og aðalskráningu hafa jarðirnar tvær ekki verið þaulgengnar í leit af fornleifum líkt og gert er í deiliskráningu. Við slíka skráningu sem gerð er í tengslum við deiliskipulög koma oft áður óþekktar minjar í ljós. Að auki geta minjar sem sjást ekki eða illa á yfirborði komið í ljóst við framkvæmdir. Fornleifar eru þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask. Ef slíkar minjar koma í ljós, eða ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvaða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu



Mynd 2. Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.


mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattsta staðarins ef unnt hefur verið að ákvaða hann á grundvelli fyrir liggjandi upplýsinga með um 50 m fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Aftast í fornleifaskrá er að finna fornleifar sem skráðar voru innan landamerkja jarðanna en ná engu að síður yfir stærra svæði, oftast voru þetta leiðir. Slíkar minjar eru skráðar eftir hlaupandi númeraröð undir númerunum ÁR-661 og ÁR-671. Í skýrslunni eru aðeins upplýsingar um slíkar minjar í landi Húsatófa eða Skaftholts en mun fleiri minjar eru auðvitað víða um sveitarfélagið. Það skýrir þá staðsreynd að númeraröðin er slitrótt að þessu sinni enda upplýsingar ekki birtar um minjar sem eru að finna annars staðar.

4. Fornleifaskrá

ÁR-239 Húsatóftir



1686 og 1695: 13 hdr 80 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.
1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 196.
1847: 22 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63.
Í Flóamanna sögu segir: "Þorgils bóndi ok þræll hans, Kolr, riðu síð um kveldit ofan hjá Húsatóptum." ÍF XIII, 320.
8.9.1537: "Vrskvrdur og sam(þyckt) logmanzenz yfer domum erle(n)ds. [...] a faustudagin næstan fyrir mariumesso einu seirni uar eg a husatottum aa skeidum aa þingstad riettum at skipa malum manna," DI X, 329.
3.10.1567: "Husatoptadomur Ad kyrnagotz skule fyr vtgreidast enn maale kuenna eda adrar skullder. [...] aa Husatopntum aa þingstad Riettum. At epter Raadi haufudzmannzins Heinreks Kraghs vorum vier til skodunar og doms nefnder af heidarligum dandis manne Gisla Bonda Sueinssyni er þa hafdi kongsins vmbod yfer Arnes Syslu," DI XV, 25.
1.6.1719: "Framan skrifadur domur [frá 11.12.1492] var opinberlega upplesinn a Grafar, Nups, Husatoffta, Wælugerdis, Bæjar og Stoxeyrar Mantalsþingum a þessu voru þingsöfnudenum äheyrande," DI VII, 152.
1.6.1719: "Framan skrifadur domur [frá 18.11.1511] var opinberlega upplesinn ä Grafar, Nups, Husatoffta, Wælugerdis, Bæjar og Stoxeyrar Mantalsþingum ä þessu vore þingsöfnudenum äheyrande," DI VIII, 362.

Árið 1896 voru 11 bæjarhús og 13 peningshús samtals á báðum býlum Húsatófta. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 3 peningshús gjörfallin, 5 bæjarhús og 9 peningshús mjög skemmd en 6 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.
"Hollt eður Husatoptakot. Eyðihjáleiga, bygð í úthögum á fornu fjárhússtæði hjer um fyrir 40 árum og varaði bygðin inn til næstliðins árs [1708], þó stundum í eyði þar á milli. [...] Fóðraðist lítið eður mikið eftir því sem heimabóndinn aflagði, og brúkar það nú heimajörðin fyrir fjárhús, og landið til beitar, og má því hjer ekki aftur byggja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 196.
"Einbýli er lengst af á jörðinni en þó taldir tveir ábúendur sum árin. Frá 1859 er tvíbýli á jörðinni og þá byggður austurbærinn. [...]. Nú [2005] eru 5 íbúðarhús á jörðinni og veitinga- og gistihús "Hestakráin" austan við Húsatóftaholtið," segir í örnefnaskrá JE, 3.
Þríbýli er á jörðinni og voru Húsatóftir III byggðar úr landi Húsatófta I árið 1965. Skóla-og samkomuhús var einnig byggt árið 1933 í landi Húsatófta, suðaustantil í Húsatóftaholti, nefnt Brautarholt, skv. Sunnlenskum byggðum I, 447-448.
Húsatættur I - Túnakort 1920: Tún 1,6 ha, slétt. Nátthagi 1,3 ha. Matjurtagarðar 7,6 arar.
Hústættur II - Túnakort 1920: Tún 2,0 ha, nærri slétt. Matjurtagarðar 9,1 arar.
"Túninu grandar hveraversluvatn, sem jetur úr rótina. Enginu grandar ogso vatn, sem jetur út rótina. Úthagar spillast mjög af sandfoki, sem áeykst árlega," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 196.
Árið 2017 eru 5 íbúðarhús á jörðinni og búskapur á tveimur lögbýlum Húsatóftum I og II. Það er búið í hinum húsunum en ekki stundaður búskapur.

ÁR-239:001 *Húsatóftir* bæjarhóll bústaður A 425654 N 392357

Sjö bæjarhús með kálgörðum að norðvestan og suðvestan eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. "Frá 1859 er tvíbýli á jörðinni og þá byggður austurbærinn," segir í örnefnaskrá. "Árið 1908 var byggt skóla- og samkomuhús á Húsatóftum [sjá 014] og var heimagönguskóli, en áður var farskóli í sveitinni. Húsið var timburhús og járnklætt. Það var notað sem skóla-, funda- og samkomuhús til 1933," segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Bæjarhóllinn er fast norðvestan við íbúðarhúsin á Húsatóftum I og II. Þau eru í kálgörðum sem voru suðaustan við bæjarhúsin, skv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Íbúðarhús Húsatófta II (vesturbær) er byggt 1948 en hús Húsatófta I (austurbær) er byggt 1950.



Mynd 3.Friðrik áttundi og fylgdarlið fóru framhjá Húsatóftum árið 1907. Á myndinni sést húsaskipun og heimatúnið vel. Ljósmynd í eigu Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns.

Bæjarhóllinn er talsvert raskaður. Á nyrðri hluta bæjarhólsins er malarborið plan. Útihús eru til norðausturs og norðvesturs og íbúðarhús Húsatófta I og II til suðurs og suðausturs. Hóllinn sést



Mynd 4. Bæjarhóll ÁR-239:001, horft til norðurs.

einna best til vesturs og austurs, þar sem malavarvegurinn er og malaplön.
Bæjarhóllinn er 60x55 að stærð og tæplega 2 m hár. Hann snýr nálega norðaustur-suðvestur og eru mörk hans skýr að suðaustan- og suðvestanverðu en ógreinileg til norðausturs og norðvesturs sökum mannvirkja. Ekki eru heimildir um kjallara í húsunum. Minjasvæðinu hefur verið umbylt á síðastliðnum árum, einkum vegna framkvæmda ýmiss konar. Útihús voru reist þar um miðja síðustu öld, skemma og fjárhús eru á sömu slóðum og gömlu útihúsin voru, auk margvíslegra framkvæmda tengdum hefðbundnum búskap á 21. öldinni. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 eru bæirnir merktir hlið við hlið og smá sund á milli þeirra, nyrst fyrir miðju í túni, með kálgörðum til suðausturs og norðvesturs. Bæirnir voru í beinni línu og snéru norðaustur-suðvestur. Kálgarðarnir til suðausturs eru komnir undir íbúðarhús Húsatófta I og II. Kálgarðurinn til norðvesturs er á opnu svæði sem hefur verið sléttað og engin ummerki um kálgarð sjást á yfirborði á þeim slóðum. Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru bæirnir sambyggðir hvor öðrum. Bæjarþyrpingin sést vel á myndum í eigu heimildamanns. Þar sjást bæði austur- og vesturbær ásamt þinghúsi/barnaskóla þar fyrir miðju. Samanburður milli ljósmynda heimildamannsins, annars vegar mynd frá árinu 1907 og hins vegar mynd skömmu eftir 1908, sýnir að þinghúsið var reist ofan á grunni eldra húss. Það hús er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906. Á báðum myndunum er fjós greinilegt fast vestan við bæjarþyrpinguna. Stafnar bæjarins sneru til suðausturs, ef frá er talið stafn fjóss sem sneri mót suðvestri. Búið er að reisa ný útihús fast norðvestan grunni eldri bygginganna sem voru hluti af gömlu bæjarþyrpingunni. Aftur á móti sést í steinlímdan grunn íbúðarhúss, sem var reist árið 1934, á grunni þinghússins, en það hús hefur verið rifið. Í því húsi var kjallari sem var fylltur með alls kyns rusli þegar það var rifið um 1950. Þetta er fyrir miðju bæjarhólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Ö-Húsatóftir JE, 3; JS, 80; Túnakort 1920

ÁR-239:002 vegur traðir A 425696 N 392337
Traðir eru sýndar á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1920. Þær komu að bæ 001 úr suðaustri. Norðurhluti traðanna, fast suðaustan við bæ 001, er enn (2017) varðveittur, en suðurhluti þeirra er horfinn vegna sléttunar. Malarvegur að bænum lá yfir þeim en einungis nyrsti hluti hans er ennþá varðveittur, fast austan við íbúðarhúsið á Húsatóftum I.
Traðirnar liggja frá íbúðarhúsi Húsatófta I til suðausturs. Til vesturs er bakgarður íbúðarhúss og til suðurs er ræktað sem og sléttað tún.
Ummerki um traðirnar sjást á um 35 m löngum kafla og liggja þær frá bæ 001 í suðaustur og út í mitt heimatún. Traðirnar eru 5 m á breidd og sléttar í botninn. Veggir eru beggja vegna, báðir útflattir og eru þeir 0,1-0,2 m á hæð. Búið er að leggja fyrrnefndan malarveg að stórum hluta ofan á traðirnar þar sem þær eru varðveittar til norðurs og ljóslega hefur það raskað minjastaðnum á því svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920



Mynd 5. Traðir ÁR-239:002, horft til norðurs.

ÁR-239:003 heimild kálgarður A 425606 N 392918
Um 60 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 90 m vestan við traðir 002 er kálgarður merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920.
Þar sem kálgarðurinn var, er grasivaxið ræktað tún.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði. Svæðið hefur tekið allmiklum breytingum á undanförnum áratugum. Landið hefur verið sléttað, sem og túnið stækkað, og það raskað minjastaðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920

ÁR-239:004 heimild útihús A 425720 N 392224
Um 150 m SSA við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er tæpum 110 m norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.
Svæðið er í gróskumikilli brekku, á milli ræktaðs túns annars vegar og Skeiða- og Hrunamannavegs 30 hins vegar.
Engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði. Líklegasta skýringin er að túnasléttun og -stækkun hafi raskað minjasvæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920

ÁR-239:005 heimild útihús A 425732 N 392232
Um 150 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á inn túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er rúmum 20 m norðaustan við útihús 004.
Á þessum slóðum er fremur sléttlent og ræktað tún.
Ekki sér til minja á yfirborði og sennilegt er að túnasléttun og -stækkun hafi raskað minjastaðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920

ÁR-239:006 heimild útihús A 425796 N 392273
Um 170 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra

landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er rúmum 30 m suðaustan við Húsatóftir III (b.1963).
Minjastaðurinn er svo að segja á sléttu landi. Landið er algróið og til norðurs er bakgarður íbúðarhúss Húsatófta III.
Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði og vísast hefur það horfið vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920

ÁR-239:007 heimild útihús A 425811 N 392231
Um 200 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er tæpum 70 m norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.
Svæðið er í jaðri gróðurmikillar brekkurótar, sem nýtt er til hrossabeitar.
Ekki sér til ummerkja um útihús á yfirborði og trúlega hafa minjarnar skemmst vegna túnasléttunar á 20. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920

ÁR-239:008 heimild útihús A 425794 N 392205
Um 200 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Minjastaðurinn er rúmum 70 m norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið frá 1920 á þessum slóðum og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.
Minjastaðurinn er í miðri gróðursælli brekku, sem hallar lítillega til norðurs.
Ekki sér til ummerkja um útihús á yfirborði. Líklega hefur það horfið vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906

ÁR-239:009 heimild útihús A 425631 N 392172
Um 200 m sunnan við bæ 001 og rúmum 100 m austan við túngarð 011-02 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið frá 1920 á þessum slóðum og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.
Þar sem útihúsið var, er ræktað tún.
Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Ekki er óhugsandi að það sé horfið vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906

ÁR-239:010 heimild útihús A 425530 N 392167
Útihús er teiknað inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, rúmum 220 m suðvestan við bæ 001 og rúmlega 30 m norðaustan við túngarð 011-02. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið frá 1920 á þessum stað og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.
Á þessum slóðum er slétt og ræktað tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Búið er að slétta túnið og sennilega hefur það raskað minjastaðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906

ÁR-239:011 garðlag túngarður yfirlit
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var túngarður meðfram öllu

heimatúninu, nema til norðvesturs og hluta norðausturhliðar. Á sama korti er sýndur þvergarður sem liggur til suðurs frá kálgarði sunnan við bæ 001. Túngarðurinn greinist í tvennt um 90 m frá bænum: Annar garðurinn liggur þá um 60 m til suðvesturs og endar þar. Hinn garðurinn liggur um 60 m í suðaustur en tekur þá stefnu sunnan að túnjaðri og sameinast sjálfum túngarðinum aftur. Þessi garður aðgreindi líklega tún bæjanna. Á túnakorti frá 1920 var túngarður í tveimur pörtum merktur inn, það voru suðvestur- og suðausturhliðar. Nú (2017) sér einungis til túngarða á vesturhluta túnsins og er um tvær útfærslur að ræða. Til aðgreiningar er minjunum lýst undir sérstökum einingum í þessari fornleifaskrá.
Minjarnar eru í grasivöxnu og sléttu túni. Að hluta til er landið nýtt til ræktunar en í aðra rönd er það í órækt. Til hásuðurs er gróðurmikil og þýfð brekka.

ÁR-239:011-01 renna túngarður A 425565 N 392157
Við yfirferð loftmynda sást renna á vesturhluta minjasvæðisins. Hún sást ekki í vettvangsathugun árið 2017. Rennan er um 3-4 m á breidd, rúmlega 90 m á lengd og liggur nálega norðvestur-suðaustur. Hún er á sama stað og liggur í sömu stefnu eins og túngarðurinn sem merktur er inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakortið frá 1920. Hér er því líklega um leifar túngarðsins að ræða. Skv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði túngarðurinn svæði sem var um 350x300 m að stærð og snéri nálega norður-suður. Búið er að slétta sem og stækka túnið og hefur það raskað minjastaðnum. Önnur ummerki túngarðsins eru horfin, bæði þess sem er sýndur á bæjarteikningunni sem og túnakortinu.

ÁR-239:011-02 garðlag túngarður A 425517 N 392156
Á vesturhluta minjasvæðisins, fast austan við garðlag 011-01 má greina með ágætum vilja 90 m langt garðlag sem liggur nálega NNV-SSA. Veggir eru útflattir, mesta hæð veggja er 0,2 m og er mesta veggjabreidd 0,3 m. Búið er að slétta minjasvæðið, sem óneitanlega hefur raskað minjastaðnum. Þetta garðlag hefur ekki sömu stefnu og túngarðurinn sem sýndur er á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakortinu frá 1920. Því er um aðra útfærsla að ræða og hugsanlega eru þetta leifar eldri túngarðs áður en bæjarteikning danskra landmælingamanna frá 1906 var gerð.


Mynd 6. Garðlag ÁR-239:011-02, horft til suðurs.

Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Túnakort 1920
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:012 garðlag nátthagi yfirlit
Afgirtur 1,3 ha nátthagi er merktur inn á túnakort frá 1920. Nátthaginn er um 660 m austan við bæ 001 og rúmum 70 metrum norðan við þjóðveg 30. Þetta svæði kallast einnig Skálholt eða

Stekkatún (sjá 013/048 og 049). Nátthaginn er ekki sýndur á réttum stað á túnakortinu, bæði eru fjarlægðir og afstaða minjanna röng. Minjunum er lýst nánar eftir einingum hér neðar.
Grasivaxið ræktað tún, umkringt lauf- og barrtrjám að sunnan. Holt og móar eru til annarra átta.

ÁR-239:012-01 garðlag túngarður A 426247 N 392520




Mynd 7. Garðlag ÁR-239:012-01, horft til austurs.

Garðlagið liggur umhverfis ræktað tún, upp á holtið að vestan. Það umlykur ekki allt holtið, það afmarkast við vesturhluta þess. Nátthaginn er um 140 x 120 metrar að innanmáli og líklega var op í suðvesturhorni. Veggirnir eru 0,4 - 0,8 metrar á hæð og um 1 metri á breidd. Veggirnir eru mjög grónir til vesturs en uppi á holtinu eru þeir sumstaðar rofnir og lægri, eða 0,4 - 0,5 metrar á hæð. Þeir eru torf- og grjóthlaðnir uppi á holtinu, þar sem gróður er ekki eins mikill, sést móta fyrir 1 umfari.

ÁR-239:012-02 garðlag túngarður A 426299 N 39258

Til norðausturs er sambyggt hólf eða rétt við utanverðan nátthaga 012-01. Það er undir klettahól





Mynd 8.Hólf ÁR-239:012-02, horft til suðvesturs.

sem liggur austan megin í nátthaganum og hallar nokkuð til suðvesturs þar sem efsti hluti þess er byggður upp við klettahólinn.
Hólfið er 21 x 5 metrar að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mjókkar lítillega til endanna og er þar um 3 metrar á breiddina. Það er 19 x 3 metrar að innanmáli og er opið til norðvesturs. Veggir eru torfhlaðnir og eru um 0,5 metrar á hæð. Að öllum líkindum hefur hólfið verið notað sem aðhald fyrir búfénað, líklega rétt.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar og ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-239:013 þúst rétt stekkur A 426319 N 392581
Á herforingjaráðskorti frá 1908 sjást fimm útihús (sjá 048, 049, 021, 019) á svæði sem kallast Stekkatún sem er á Efra-Húsatóftaholti. Þetta útihús sem hér er skráð er nyrst þeirra. Útihúsin hafa líklega verið byggð á svipuðum stað og býli 048/049, í norðurhorni Stekkatúns, rúmum 700 metrum austan við bæ 001 og 180 m norðan við þjóðveginn. Þar sést nú lítill sléttur grasblettur þar sem útihúsið stóð og myndar holtið skjól frá norðan og austan áttum. Svæðið er snjóþungt á vetrum og líklega var hér um rétt eða stekk að ræða.



Mynd 9. Stekkur ÁR-239:013, horft til norðurs.

Engin ummerki sjást á yfirborði eftir bæinn fyrir utan sléttan grasigrænan blett sem stendur örlítið hærra en svæðið í kring. Grasið er grænna og safaríkara en það gras sem vex á túninu sem gæti gefið til kynna að undir sverði leynist leifar bæjarhúsanna. Svæðið var mælt upp og er 22 x 13 metrar að stærð og snýr NNV-SSA.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-239:014 tóft+garðlag þingstaður yfirlit
"Þinghús sveitarinnar var áður austur á holtinu en árið 1908 var byggður barnaskóli [sjá 001] heima á Húsatóftum sem jafnframt var samkomuhús sveitarinnar," segir í örnefnaskrá. "Þinghús munu Skeiðamenn hafa átt með Gnúpverjum fyrr á öldum, því árið 1852 sendir Ófeigur Vigfússon, hreppstjóri í Fjalli, sýslumanni bréf ásamt bænaskrá bændanna á Skeiðum "um að þingstaður sveitarinnar verði aftur fluttur frá Sandlæk og að Húsatóftum [...]." Sýslumaður varð við þessu, en það virðist hafa dregist í 43 ár, að þinghúsið væri byggt á Húsatóftaholti [...]," segir í Jarðabók Skeiðahrepps. "Það voru venjulega haldin tvö böll á vetri í litlum þinghúskofa hjá Húsatóftum. Hann stóð þar austur á holtinu og var gamalt torfhús, en er nú horfið af yfirborði



Mynd 10. Barnaskólinn/þinghúsið sem byggt var 1908 sést hér á milli bæjanna á Húsatóftum. Ljósmynd í eigu Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns.

jarðar," segir í Þjóð í önn e. Guðmund Daníelsson. Þinghús, um 250 m suðaustan við bæ 001, fast norðan við leið (ÁR-661:041), er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, þar er það þó ekki sýnt á réttu stað. Tóft og garðlag þinghússins eru um 330 m sunnan við bæ 001 og tæpum 30 m vestan við íbúðarhús Húsatófta 2A (b. 1982). Minjarnar eru á svæði sem er rúmlega 60x50 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hvert mannvirki fær sér einingarnúmer til aðgreiningar í þessari fornleifaskrá.
Mannvirkin eru í gróskumikilli brekku sem hallar lítillega til norðurs. Móta sést fyrir litlum lautum í landslaginu, en meirihluti þess er þó sléttlent. Lauslega má segja að norðurhluti svæðisins sé innan afmarkaðs túns en suðurhluti þess innan bakgarðs íbúðarhús Húsatófta 2A.

ÁR-239:014-01 garðlag vörslugarður A 425879 N 392107




Mynd 11. Garðlag ÁR-239:014-01, horft til SSV.

Austurlega á minjasvæðinu sést móta fyrir garðlagi. Garðurinn er L-laga, liggur norður-suður á um 45 m löngu svæði, þegar hann sveigir til vesturs og heldur þeirri stefnu á tæpum 50 löngum kafla; uns hann endar upp við nýlegt hlið. Auðveldlega má greina 4 umför af stæðilegu grjóti í garðlaginu. Ofan á því voru þrír gaddavírsstrengir samkvæmt Gylfa Guðmundssyni. Mesta hæð er 0,5 m og mesta breidd 0,4 m. Til norðurs endar garðurinn upp við malarborinn vegslóða að íbúðarhúsi Húsatófta 2A, sem óneitanlega hefur raskað garðlaginu. Til vesturs endar garðurinn við unglegt hlið sem vísar inn í ræktað svæði. Suðurhluti garðsins er grafinn um 0,5 m inn í kant. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt, en hugsanlega hefur hann verið einhvers konar aðhald fyrir dýr, mögulega einnig fyrir hesta sveitafólks sem mætti á hreppsþingsfundi.

ÁR-239:014-02 tóft þinghús A 425873 N 392089

Þinghústóft er um 10 m sunnan við suðvesturhluta garðslags 014-01. Það svæði hefur tekið



Mynd 12. Þinghús ÁR-239:014-02, horft til norðurs. Til hægri er teikning af minjunum.

stakkaskiptum á umliðnum árum og er tóftin innan bakgarðs íbúðarhús Húsatófta 2A. Tóftin er einföld, 5x4 að stærð og snýr nálega austur-vestur. Unnt er að greina allar veggjahliðar ef frá er talið suðurhlið tóftarinnar sem er horfin; sennilega sökum trjáræktar. Hleðslur eru útflattar og má greina með góðum vilja 1 umfar af stæðilegu grjóti á yfirborði. Mesta hæð veggja er 0,2 m og mesta veggjabreidd 0,3 m. Ekki er unnt að greina neitt op, en sennilega hefur verið innangegnt í tóftina til suðurs. Tóftin er í stórhættu vegna trjágróðurs og munu rætur þeirra raska minjastaðnum í nánustu framtíð.

Heimildir: Danskar bæjarteikningar 1906; Ö-Húsatóftir JE, 3; JS, 79; Guðmundur Daníelsson, 188; Hkort 47 Skálholt SV
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-239:015 *Laugin* lind vatnsból A 425690 N 392368

Rúmum 30 m austan við bæ 001 er laug merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælinganna frá 1906. "Volg laug hefur verið frá fornu fari rétt austur af gamla bænum með 60° heitu vatni. Laugin var eina vatnsból bæjanna þar til samveita á köldu vatni komst á árið 1962. Bændur létu bora við laugina og leiddu heita vatnið í hús sín og fyrir búpening. [...] Lauginni sjálfri hefur verið lokað en borað eftir vatni, síðast 1987. Bar sú borun góðan árangur, vatnið um 73° heitt og mikið sem ábúendur nýta ásamt Hitaveitu útbæja, samkvæmt samningi. Laugarhóll," segir í örnefnaskrá. Laugin er ennþá nýtt til hitaveitu á Húsatóftum. Lítið hús er yfir borholunni og laugin sést ekki á yfirborði. Laugin er sem fyrr segir rúmum 30 m SSA við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við útihús 002.



Mynd 13. Laug ÁR-239:015, horft til austurs.

Laugin sést ekki á yfirborði enda búið að bora þar eftir heitu vatni og yfir henni er lítill kofi. Yfirfall úr borholunni rennur í skurði til austurs, fast sunnan núverandi heimreiðar að bæjunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1906; Ö-Húsatóftir JE, 2, 18

ÁR-239:016 heimild A 425607 N 392005

"Í Holtinu voru miklar malarnámur áður fyrr. Hefur gríðarlegt magn af möl verið tekið þar þegar Skeiðavegurinn [661:016] og vegir í grennd voru lagðir og til viðhalds þeirra. Malartekju var hætt þegar Skeiðavegurinn var endurbyggður yfir holtið upp úr 1980 og lagður bundnu slitlagi," segir í örnefnaskrá. Malarnáman er rúmlega 370 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.
Á þessum slóðum er malbikað bílaplan fyrir mótel norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þéttbýlið Brautarholt er þar skammt sunnan við.
Ekki sér til fornleifa á yfirborði. Búið er að malbika bílastæði á svæðinu eins og fyrr segir og líklega hafa námurnar lent undir bílaplaninu.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-239:017 heimild rétt A 425591 N 392350
"Guðmundur Eyjólfsson segir 27/5 2001: „Þegar ég var strákur sagði mér maður, að ég held fræðimaður, að Ólafur tvennumbrúni hafi haft hér bú og nefnt Hrossatóftir. Þegar ég fór að búa 1942 stóð hér á rima vestur af bænum, um 100 metra langur, mikill, hlaðinn garður allt að mannhæðarhár en ég lét ýta honum út þegar ég stækkaði túnið. Garðurinn lá í suðvestur frá bænum og í boga til vesturs og gæti hafa verið hringlaga. Sést sumsstaðar móta fyrir honum enn og hefur þetta verið mikið mannvirki. Þau munnmæli hafa fylgt garðinum að Ólafur tvennumbrúni hafi látið hlaða hann. Má ætla að ekki hafi verið föst búseta á „Hrossatóftum“ heldur aðhald fyrir hrossin og einhverjir húskofar. Þegar föst búseta hófst svo hér á Húsatóftum hafi bærinn fengið nafn sitt af hinum fornu tóftum. „Ég man vel eftir garðinum,“ segir Solveig Þorleifsdóttir frá Árhrauni, f. 1915. „Þegar ég var í barnaskólanum á Húsatóftum vorum við oft í risaleik sunnan undir garðinum. Þetta var hár garður, um mannhæð að sunnanverðu en lægri að norðan og ferkantaður. Kartöflugarður var í honum miðjum og skarð inn í hann að norðan.“ Lýsingin bendir til þess að þetta hafi verið hrossarétt og jafnvel frá dögum Ólafs tvennumbrúna," segir í örnefnaskrá. Guðmundur Eyjólfsson sléttaði réttina út um miðja síðustu öld og þar sést nú eingöngu smá halli til norðurs, rétt utan við vírgirðingu umhverfis ræktað tún. Réttin var rúma 60 m VSV við bæ 001 og rúma 30 m norðan við útihús 003.
Á þessu svæði eru grasivaxin tún sem nýtt eru til beitar. Skammt austar er malarplan, sunnan við núverandi skemmu/hesthús.
Engin ummerki um réttina sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 1

ÁR-239:018 *Gerði* heimild A 425760 N 392296
"Gerði. Túnskiki austur af austurbænum, lélegt tún og nú að hluta komið undir íbúðarhús Garðars Vigfússonar," segir í örnefnaskrá (JE). "Gerði, skammt (100m) SA frá bænum, ofan við veginn," segir í örnefnaskrá (JE eldra). Gerði var lítill túnblettur og er íbúðarhúsið á Húsatóftum 3 þar nú yfir. Gerði var rúmum 130 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 60 m ANA við Lambhústún 020. Það var ekki hlaðinn garður meðfram túninu en engu að síður er það talið hér til fornleifa vegna örnefnisins.
Umhverfis íbúðarhúsið eru gróin, slétt tún. Gerði er hluti af þeim túnum í dag (2017) og hefur verið lengi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 18; Ö-Húsatóftir JE eldra, 2

ÁR-239:019 heimild fjárhús A 426346 N 392471
Á Herforingjaráðskorti frá 1908 eru sýnd fimm fjárhús (sjá 013, 021, 048 og 049) á Efra-Húsatóftaholti sem einnig gengur undir nafninu Stekkatún. Þarna eru fjölmargar minjar frá mismunandi tímum en ummerki um þetta fjárhús eru horfin. Skógræktarlundur er um 10 m norðaustar.
Fjárhúsið var sunnarlega á holtinu, við mörk þess og mýrlendis. Túngarður 012-01 liggur nánast beint yfir áætlaða staðsetningu þessa húss.
Engin ummerki um fjárhúsið sjást á yfirborði.

ÁR-239:020 *Lambhústún* örnefni lambhús
"Lambhústún. Túnið suður af austurbænum fram undir Holtið," segir í örnefnaskrá. Engin ummerki útihúss sáust á yfirborði fyrir sunnan bæina. Túnið er stórt og er búið að slétta það. Sökum stærðar þess þarf nánari upplýsingar til þess að hnitsetja minjastaðinn innan 50 m skekkju. Ekki er óhugsandi að örnefnið sé dregið af öðrum útihúsum sem staðsett voru í túninu skv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920 (i.e, 004,

005, 006, 007, 008, 009, 010), en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 18

ÁR-239:021 þúst beitarhús A 426326 N 39249



Mynd 14. Þúst ÁR-239:021, horft til SSA.

Samkvæmt Herforingjaráðkorti voru fimm fjárhús (sjá 013, 019, 048, 049) á Efra-Húsatóftaholti sem einnig gengur undir nafninu Stekkatún. Þar sem þetta beitarhús var sést enn hóll í ræktuðu túni, um 680 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við fjárhús 048.
Grasivaxið ræktað tún. Því hallar til suðurs og víða eru hólar og hæðir í því. Skógræktarreitur er suðaustan við holtið.
Hóllinn er 19x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er sléttur, 0,3-0,5 m á hæð en víða eru ójöfnur ofan á honum. Ekki er ólíklegt að útihús frá býlinu (sjá 048 og 049) hafi verið þarna fyrir, áður er beitarhúsið var reist.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-239:022 *Kolslækur* sögustaður A 425472 N 392548



Mynd 15. Kolslækur Ár-239:022, horft til suðvesturs.

"Þorgils bóndi ok þræll hans, Kolr, riðu síð um kveldit ofan hjá Húsatóptum. Ásgrímr hafði fengit þrælnum þrjár merkr silfrs til höfuðs Þorgilsi. Kolr hafði hest latan, ok hvkaði hestrinn undir honum. Þorgils laust þrælinn, ok fell fésjóðrinn undan yfirhöfn hans. Þorsgils spyr hvaðan féit kom at. Þrællinn sagði sem var. Síðan drap hann þrælinn, þar sem nú heitir Kolslækr," segir í Flóamanna sögu, ÍF XIII.
"Kolslækur liggur skammt norður af bæjunum á Húsatóftum og er farið yfir hann þegar farinn er Vorsabæjarvegur. Lækurinn er óhreyfður sitt hvoru megin við veginn en fór í áveituskurð ofar. Hann verður friðlýstur í nýju aðalskipulagi Skeiðahrepps," segir í örnefnaskrá Húsatófta. Kolslækur er rúmum 250 m norðan við bæ 001 og 50 m norðan við stekk 034. Líkt og getið er hér í örnefnalýsingum er búið að grafa lækinn í skurð en hann sést einna best á kafla fast vestan við veginn.
Gróin, framræst tún. Þau eru ekki í ræktun en nýtt til beitar.
Lækurinn liggur fast norðan við vélgrafinn skurð, austan við Vorsabæjarveg. Hann sést hlykkjast í grónum, framræstum túnum vestan við veginn og hverfur að endingu við vélgrafinn

skurð. Það er hægt að rekja Kolslæk á 500 m kafla, vestan við Vorsabæjarveg. Hann er 1-2 m á breidd og hlykkjast austur-vestur. Farvegurinn er þurr, 0,3-1 m á dýpt og gróinn. Áveitumannvirki 053 og 027 eru gerð í Kolslæk og eru við farveg hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: ÍF XIII, 320; Ö-Húsatóftir JE, 7-8

ÁR-239:023 brú brú A 426410 N 392168



Mynd 16. Brú ÁR-239:023, horft til austurs.

"Steinsteypt brú var sett á áveituskurðinn [059-03] þegar hann kom," segir í örnefnaskrá. Brúin er tæpum 780 m suðaustan við bæ 001 og rúmlega 550 m austan við minjar 014. Sandbrautin (ÁR-661:010) liggur yfir brúnna. Brúin er enn (2017) í notkun og er notuð fyrir bílaumferð.
Landið hefur verið ræst fram og til allra átta eru sléttuð og ræktuð tún ef frá er talið til norðausturs. Þar er gróskumikið smáhæðótt graslandi og er kjarrgróður áberandi á því svæði.
Brúin er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 2,5-3 m á hæð og er steinsteypt yfir áveituskurð 059-03 eins og fyrr segir. Er vatni úr skurðinum veitt þvert í gegnum hana með járnræsi. Til hliðar má sjá að brúin er tekin að molna í sundur og sjá má sæmilega stóra steinsteypuklumpa á jörðinni, sem ugglaust hafa hrunið úr brúnni í tímanna rás.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 8

ÁR-239:024 *Bakkarnir* gata leið yfirlit
"Bakkar. Þeir rísa upp úr landinu, greinilega fornir árbakkar frá því Þjórsá rann þar í eina tíð, aflíðandi til vesturs. Góð reiðleið var meðfram Bökkunum," segir í örnefnaskrá. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og lá til norðausturs af leið 661:011 og sameinaðist leið 661:014 og 661:012 til norðausturs. Suðurhluti gatnanna er enn varðveittur og viðhaldið m.a. af lausagöngu hrossa. Hún er horfin í slétt, ræktuð tún til norðurs. Það má greina tvær útgáfur leiðarinnar en stutt er á milli þeirra. Leiðin er rúmlega 1,3 km suðaustan við bæ 001
Göturnar liggja í gegnum frjósamt landslag, þar eru sendnir, lágir rimar og bakkar. Sjá má litla hóla hér og þar sem margir hverjir eru teknir að blása upp.

ÁR-239:024-01 gata leið A 426628 N 391564
Þessar götur eru sunnar og eru tæplega 800 m að lengd. Leiðin liggur til norðausturs frá leið 661:011 og hverfur skammt suðvestan við gróið tún. Hún er á bakka, fornum árbakka sem minnst er á hér ofar. Leiðin er greinileg og mold er í botni hennar að sunnan. Það má greina 4-10 paldra í henni. Óljóst vottar fyrir hestaslóðum meðfram leiðinni og fara þeir á köflum þvert yfir hana.

ÁR-239:024-02 gata leið A 426475 N 391313
Þessar götur eru 60 m norðar og kljúfa sig frá leið 01, nánast í miðju þeirra. Hún er rúmlega

400 m löng, 3-4 m á breidd og á henni sjást 2-6 grasivaxnir paldrar, sem eru um 0,2 m djúpir. Er botn þeirra mosagróinn. Vesturhluti leiðarinnar liggur í gegnum laut þar sem hún verður óljós og hverfur, en austurhluti hennar rennur smátt og smátt saman við þúfur í landslaginu.



Mynd 17. Til vinstri eru Bakkarnir ÁR-239:024-01, horft til austurs og leið 024-02, horft til vesturs, er til hægri.

Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 12; Hkort 47 SV
Hættumat: engin hætta

ÁR-239:025 *Brenniþúfa* heimild landamerki A 425334 N 392624
"Brenniþúfa. Áður hlaðin þúfa en nú horfin, hornmark jarðanna Húsatófta, Efri- og Syðri-Brúnavalla," segir í örnefnaskrá. Brenniþúfa var um 170 m vestan við Skothús 041 og tæpa 410 m norðvestan við bæ 001. Sumarbústaður í landi Syðri-Brúnavalla er um 20 m norðaustar, og er nánast á merkjum. Vírgirðing er nú á merkjum þessara þriggja jarða. Brenniþúfa var líklega sléttuð út þegar girðingin var sett þarna.
Ræktað, framræst tún sem komið er í órækt. Það er nýtt til beitar.
Engin ummerki Brenniþúfu sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 12

ÁR-239:026 *Drykkjarsteinn* náttúrumin vatnsból A 426484 N 392580
"Drykkjarsteinn. Móbergssteinn austast á Skálholtinu. Steinninn ber nafn sitt af því að ofan í hann eru tveir bollar sem vatn er í og sjaldan þrýtur," segir í örnefnaskrá. Steinninn er austarlega á holtinu, 840 m austan við bæ og 160 m austan við býlið Holt [021]. Um 20 metrum sunnan við hann er trjáreitur sem liggur meðfram þjóðveginum.
Svæðið í kringum er vaxið grasi en einnig kjarri og lyngi, þó í minna magni. Litla hóla er að sjá til austurs.
Steinninn er mjög mosavaxinn. Hann er um 1 x 0,5 metrar að stærð og snýr norður - suður. Hann er 0,3 metrar á



Mynd 18. Drykkjarsteinn ÁR-239:026, horft til norðurs.

hæð og í honum eru smávaxin göt. Götin eru um 8-10 sentimetrar í þvermál og álíka djúp. Ekkert vatn var að finna í þeim þegar skráningarmaður mætti á vettvang.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 12

ÁR-239:027 *Flóðgarður* garðlag áveita A 425114 N 392417



Mynd 19. Flóðgarður ÁR-239:027, horft til suðvesturs.

"Flóðgarður. Heill og gerðarlegur flóðgarður vestast í landinu," segir í örnefnaskrá. Flóðgarðurinn sést enn í norðvesturhorni jarðarinnar. Hann liggur til suðvesturs frá landamerkjum Syðri-Brúnavalla og nær allt að landamerkjum Hlemmiskeiðs. Vélgrafinn skurður liggur þvert í gegnum garðinn ofarlega til norðurs. Líklega var flóðgarðurinn tengdur áveitu úr Kolslæk 022 og ekki hluti af Skeiðaáveitunni.
Svæðið er flatt en hér og þar eru grunnar dælur og lágir rimar. Svæðið er nýtt til beitar og hefur ekki verið sléttað.
Flóðgarðurinn er um 470 m langur og hlykkjast SSV-NNA. Hann er torfhlaðinn og algróinn en hér og þar eru komin rof í hann. Hann er 3-4 m á breidd neðst en mjókkar eftir því sem ofar dregur. Hann er 0,5-0,6 m á hæð og renna eftir efnistöku sést beggja vegna hans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 13

ÁR-239:028 *Gestshús* heimild beitarhús A 427019 N 391885
"Gestshús. Húsin stóðu austur í Heiðinni en eru nú horfin í tún og sést aðeins bali þar sem þau voru. Þetta voru sauðahús sem Jón Ólafsson, bóndi í vesturbænum 1872-1879 byggði en voru síðar nefnd eftir Gesti Eyjólfssyni bónda í vesturbænum 1879-1908. Húsin voru notuð fram undir 1940," segir í örnefnaskrá. Gesthús eru 1,4 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 300 metrum suðaustan við Bakkabraut 661-012. Þar er lítill hóll í túninu.
Þar er nú ræktað tún.
Engin ummerki eru um húsin á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 13

ÁR-239:029 *Grafir* náma mógrafir A 425910 N 391822
"Grafir. Gamlar mógrafir og enn óhreyfðar. Þangað var sótt vatn í steypuna þegar Brautarholtsskóli var byggður 1933 (G.E.)," segir í örnefnaskrá (JE)." Í Suðurmýri, upp við Holtið, eru gamlar Mógrafir," segir í örnefnaskrá (VÞ). Mógrafirnar eru um 600 m sunnan við bæ 001 og rúmum 330 m norðaustan við áveituskurð 661:001-03.
Minjasvæðið er votlent fyrir miðju en þornar upp því fjær sem dregur miðju þess. Landið er nær algróið og störum vaxið og þegar því sleppir tekur við smáþýft graslendi.
Mógrafir eru á svæði sem er 270x130 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Sökum stærðar svæðisins er snúið að áætla fjölda grafa, en þær skipta líklega tugum. Algengasta form

mógrafanna er ferhyrningslaga og er stærð þeirra iðulega 10x8 m. Algengsta bil á dýpt grafa er frá 0,4-0,8 m og hin almenna regla er að þær snúi norður-suður. Eru sumar grafirnar byrjaðar að renna saman. Það heyrir til undantekninga að vatn sé í mógröfunum, en þær eru margar hverjar rakar. Landið hefur verið ræst fram og eru ófáar mógrafir teknar að gróa, þó má sjá mold í botninum á sumum þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 13; Ö-Húsatóftir VÞ, 4



Mynd 20. Grafir ÁR-239:029, horft til vesturs.

ÁR-239:030 *Grautarvarða* varða landamerki A 424981 N 392103
"Grautarvarða. Gjótvarða á lágum hraunbala. Varðan er hornmark jarðanna Húsatófta, Hlemmiskeiðis, Brúnavallakots og Syðri-Brúnavalla," segir í örnefnaskrá. Grautarvarða er 660 m suðvestan við Kolslæk 022 og um 720 m VSV við bæ 001. Varðan sést enn á lágum hraunhól á merkjum fyrrnefndra jarða en er röskuð. Þarna eru vírgirðingar á landamerkjum sem koma saman
Gróinn, mýrlendur mói. Svæðið er framræst en það sér enn móta fyrir mýrardælum inn á milli lágra rima hér og þar í móanum.
Varðan er hlaðin úr hraungrýti, það eru 1-2 umför í henni. Að öllum líkindum er grjót úr vörðunni einnig komið undir vírgirðingarnar sem þarna eru, undir þeim eru víða steinar. Varðan er 0,2 m á hæð og 1 m í grunnflatarmáli.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 13



Mynd 21. Grautarvarða ÁR-239:030, horft til norðvesturs.

ÁR-239:031 *Heiðarhús* tóft beitarhús A 427130 N 392580
"Heiðarhús. Þetta voru sauðahús og stóðu vestast á Heiðarhúsabarðinu. Þorsteinn bóndi í austurbænum hafði þar sauði fram undir að hann hætti að búa 1926. Komust um 50 sauðir í húsið og var ætlað kapall hverjum. Dygði það ekki var hey borið í laup að heiman og var þá gott að hvíla sig á steininum Lat [037]. Tóftir hússins eru óhreyfðar enn, hlaðnar úr snyddu. Sauðahúsið hefur verið um 6x10 m að utanverðu og sunnan við það var hlaða, 5x6 metrar (Þ.V.)," segir í örnefnaskrá. Tóftir Heiðarhúsa eru rúmum 1,5 km ASA við bæ 001 og um 80 m





Mynd 22. Heiðarhús ÁR-239:31, horft til suðurs.

sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.
Tóftin er efst á grasivöxnum, náttúrulegum hól og er auðsýnileg úr öllum áttum. Líklega hefur umhverfið við hólinn verið deiglent, jafnvel votlent, en í seinni tíð hefur það verið ræst fram. Snarrótarpuntur setur sterkan svip á landið og til suðurs má sjá stök hávaxin tré hér og þar.
Tóftin er 18x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er tvískipt og er hverju hólfi gefið sérstakt númer til aðgreiningar í þessari lýsingu, hefst hún að norðan, á hólfi 1. Það er 8x5 m að stærð að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er torf- og grjóthlaðið. Greina má með miklum vilja 1 umfar af grjóthleðslu, en hnullungsstórir steinar eru víðsvegar umhverfis hólfið, einkum á vesturhluta þess, sem óneitanlega eru leifar veggjahruns. Hólfið er veigamikið og er mesta hæð veggja 1,7 m til norðausturs og er mesta veggjabreidd 1 m. Op er sjáanlegt til norðurs fyrir miðju. Það svæði er þýft og er opið tekið að hverfa undir þúfur. Kindur voru hafðar í þessu hólfi. Í hásuður er hólf 2. Það er 4x4 m að stærð að innanmáli. Hólfið er niðurgrafið og er mesta dýpt þess 0,5 m. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir og það má greina 3 umför af grjóti í þeim. Hólf 2 er verr varðveitt en hólf 1. Bæði til austurs og vesturs eru hleðslur teknar að sökkva og er mesta veggjahæð 0,4 m, og að innanverðu er hólfið stórþýft. Ekki er um að villast að um hlöðu sé að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 13

ÁR-239:032 tóft fjárskýli A 427177 N 393537
"Kerlingarsteinn. Steinn sem stendur uppi á allháum hól. Vestan við hólinn eru rústir lambabyrgis," segir í örnefnaskrá. Lambabyrgið er 1,9 km norðaustan við bæ 001 og rúma 760 metra norðvestan við brúnna á Sandbrautinni 661:010. Það liggur upp við lítinn hól í mýrinni. Þar er nú framræst, þýfð mýri, nokkur mýrargróður og kjarrlendi. Hóllinn sem Kerlingarsteinn situr uppi á er norðvestan við byrgið.
Fjárskýlið er 11 x 8 metrar að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Tóftin er einföld og innanmálið er 9 x 6 metrar. Veggir eru grjóthlaðnir og nánast ógrónir, 1-2 umför af grjóti sést í þeim. Grjótið er frekar mosavaxið og sokkið. Veggir eru um 0,3 - 0,5 metrar á hæð og líklega er op á norðvestur hlið en hrun er í gangveginum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 14





Mynd 23. Tóft ÁR-239:032, horft til suðvesturs.

ÁR-239:033 *Lambabrunnur* heimild brunnur A 425712 N 392310

"Lambabrunnur. Hann var í Lambhústúninu [020], vestan við gömlu heimreiðina um 50 metra suður af bænum (Þ.V.)," segir í örnefnaskrá (JE). "Lambabrunnur, rétt suðaustur af bænum, nú horfinn," segir í örnefnaskrá (JE eldra). Að sögn Guðjóns Vigfússonar, heimildamanns, var brunnurinn þar sem nú er járnstaur með rafmagnstengi á. Þar flæðir sífellt upp vatn og rás lá í túninu frá þessu svæði frá því að hann man eftir sér. Hann mundi ekki eftir brunni þarna. Þetta er um 80 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 SSV við traðir 002. Engin ummerki um minjar sjást á yfirborði. Ekki er óhugsandi að mannvirkið sem heimildamaður geti um sé Lambabrunnur og að brunnurinn hafi horfið vegna túnasléttunar.

Fyrir miðju svæðisins er jarðvegurinn mjög rakur og vatn seytlar hér upp, en þegar því sleppir til suðurs tekur við gróðurmikið og þurrt flatlendi.

Ekki sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 18; Ö-Húsatóftir JE eldra, 2



Mynd 24. Lambabrunnur ÁR-239:033, horft til suðvesturs.

ÁR-239:034 heimild stekkur A 424495 N 392508

"Kolslækur [022] hefur verið gamall graflækur og átt upptök sín í Fljótinu í Efri-Brúnavallalandi en fór að mestu leyti í áveituskurð (sem er ekki á korti) og síðar í túnrækt. Enn er þó lækurinn heill að hluta ofan við Vorsabæjarveg og sunnan hans meðfram Stórudæl að austan gæti hafa verið stekkur áður fyrr," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi stekkur var með vissu eða hvort að hann var á þessu svæði yfir höfuð. Það er ekki þekkt tóft á þessum slóðum en þó er það alls ekki útilokað. Stekkurinn var um 210 m norðvestan við bæ 001 og

rúmum 30 m austan við Skothús 041.
Á þessu svæði er nú slétt, ræktað tún.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 15

ÁR-239:035 Kotastekkur heimild stekkur A 426849 N 393408



Mynd 25. Kotastekkur ÁR-239:035, horft til austurs.

"Kotastekkur. Lítill, gróinn grjóthóll með þúfu efst. Vestan við hólinn er lítið kringlótt rimabarð. [...] Þessi örnefni [Kotastekkur, Kotastekksdælar og Kotastekksflóð] benda til þess að ábúandi Húsatóftakots [049] hafi nytjað landið þarna upp í Sundum," segir í örnefnaskrá. Kotastekkur er í framræstri mýrinni, tæpum 350 metrum vestan við Lambabyrgi [032] og rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001. Rúmum 180 metrum vestan við stekkinn eru Rekstrargötur 039.
Þýfð, framræst mýri og á svæðinu er mikið um uppþornuð flóð. Svæðið er vaxið grasi mýrargróðri og kjarri.
Ekki sjást nein ummerki um stekkinn á yfirborði, aðeins hringlaga rimi vestan við klettahól. Hugsanlega leynast þar einhver veggjabrot en ekki nægilega sýnileg til þess að mæla þau upp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 15

ÁR-239:036 *Kvíar* heimild kvíar A 427008 N 393375
"Kvíar. Þær voru uppi í Sundum en ekki lengur vitað hvar," segir í örnefnaskrá (JE). "Sunnan við fljótið er Hrossarimi (að nokkru í Reykjalandi) og suður af honum er blautlend mýri. [...] Sunnan við mýrina er Kvíarimi og Kvíadæl og síðan Álftadæl," segir í örnefnaskrá (VÞ). Kvíarimi er rúmum 1,6 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 230 m suðvestan við Lambabyrgi 032.
Í kringum rimann er framræst mýri en mun minna þýfi er á honum en í kring. Þar í kring vex kjarrgróður, gras og mýrargróður, en riminn sjálfur er grasmeiri og því ekki ólíklegt að þar hafi verið þurr blettur í mýrinni, góður til beitar.
Engin ummerki eftir fornleifar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 15; Ö-Húsatóftir VÞ, 3

ÁR-239:037 heimild leið A 426171 N 392468
"Latur. Móbergssteinn, mátulega hár til að setjast á og hvíla sig með heylaup þegar gengið var til gegninga á Heiðarhúsin [031]," segir í örnefnaskrá. Steinninn er 510 metrum austan við bæ 001 og 140 metrum suðvestan við tóft 047 í afgirtu beitarhólfi fyrir hesta. Þjóðvegur 30 liggur um 120 m suðaustan við steininn.
Á svæðinu er gróðurþekja rofin og hafa hestar sparkað upp jarðveginn. Þar er mestmegnis gras, mosi og arfi.
Steinninn er 1,3 x 1,2 metrar að stærð og 0,7 metrar á hæð . Hann er flatur að ofan og þægilegur

á að sitja. Öll ummerki um leiðina eru horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 15



Mynd 26. Latur ÁR-239:037, horft til norðurs.

ÁR-239:038 *Efri-Markhóll* heimild landamerki
A 424082 N 392424
"Markhóll, Efri-. Grjótvarða á lágum hraunbala eða hóli. Hóllinn er millimark Húsatófta og Syðri-Brúnavalla," segir í örnefnaskrá. Efri-Markhóll er rúmum 570 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 330 m NNA við Grautarvörðu 030. Markhóll er klettahóll, á lágum hraunrima og sést hann vel úr fjarlægð. Varðan er horfin, þarna er nú einungis jarðfastur, lítill klettur.
Hóllinn er 0,2-0,4 m á hæð og sést vel. Þar er nú vírgirðing á merkjum jarðanna. Steinninn er á kafi í grasi en hvergi sést glitta í hrun eða hleðslur.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 15



Mynd 27. Efri-Markhóll ÁR-239:038, horft til vesturs.

ÁR-239:039 *Rekstrargötur* gata leið
A 426684 N 393435
"Rekstrargötur. Gamlar reið- og heybandsgötur ofan úr Sundum," segir í örnefnaskrá. Rekstrargötur er leið sem liggur í mýrinni, norðan við Sandbrautina 661:010. Þær sjást fyrst um 500 metrum norðan við nátthaga 012 og liggja til norðausturs, fram hjá Kotastekk 035.
Þar er nú framræst, þýfð mýri vaxin kjarri, grasi og mýrargróðri.
Göturnar sjást sem einfaldur eða tvöfaldur moldarstígur sem liggur suðvestur-norðaustur. Þær eru mjórri



Mynd 28. Rekstrargötur ÁR-239:039, horft til suðvesturs.

en Sandbrautin 661:010. Hún er rúmir 550 metrar á lengd en hverfur í mýrinni eftir það. Þýfðir bakkar hafa myndast meðfram moldarstígunum
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 16

ÁR-239:040 *Sauðhústóft* tóft fjárhús A 427052 N 392779
"Sauðahústóft. Forn, lítil tóft austurbæjarbóndans," segir í örnefnaskrá. Tóftin er 210 m norðan við Heiðarhús 031 og rúmum 1,4 km ANA við bæ 001. Tóftin er á lágum hól, fast austan við einn af áveituskurðum Skeiðaáveitunnar.
Gróinn mói. Kjarrgróður er áberandi á þessu svæði en þar eru einnig lágir rimar og þurrar dælar. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.
Tóftin er 9x7 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er útflött, veggirnir eru algrónir og líklega torfhlaðnir. Rof er í veggjum á köflum og hvergi glittir í grjót þar né sést það í jarðvegi umhverfis hana. Það er brött brún á norðvesturhlið tóftarinnar, uppi á veggnum. Tilgangur hennar er óviss, mögulega er búið að hrynja meira utan af veggnum. Tóftin er líklega opin til austurs, þar er lág í veggnum. Ekki sér móta fyrir opi annars staðar. Tvær stórar þúfur, eða hryggur, eru inni í tóftinni og bendir það mögulega til hólfaskiptingar. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd. Þeir eru hæstir til vesturs, að utan. Tóftin er á lágum hól eða rima og ber ekki mikið á henni úr fjarlægð.



Mynd 29. Tóft ÁR-239:040, horft til norðvesturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 16

ÁR-239:041 *Skothús* heimild skotbyrgi A 425469 N 392497
"Skothús. Þar lágu menn í mínu ungdæmi og stunduðu skotveiðar á álft og gæs á Stórudæl (G.E.). Húsið var hlaðið byrgi, sunnan við Stórudæl en er farið undir tún," segir í örnefnaskrá. Skothúsið var rúma 220 m norðvestan við bæ 001 og 190 m suðaustan við Brenniþúfu 025. Það var sléttað út um miðja síðustu öld, ef ekki fyrr. Kolslækur 022 rennur hér skammt norðar.
Slétt tún. Það var ræktað en nú komið í órækt og nýtt til beitar.
Engin ummerki Skothússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 17

ÁR-239:042 *Stífla* heimild áveita
"Stífla. Stífla og Stíflurimi eru gömul örnefni, samanber örnefnaskrá Br. J. Frá því um 1911 eða fyrir daga Skeiðaáveitunnar. Ekki er lengur vitað hvar Stíflan var en miðað við örnefnakort V.Þ.

er líklegt að vatni hafi verið veitt úr Fljótinu í Efri-Brúnavallalandi fram í dælarnar og Stíflan á þeirri leið," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Stífla og Stíflurimi er að finna fyrir norðvestan við Rekstrargötur 039 en ekki var hægt að staðsetja stífluna sjálfa með meiri nákvæmni. Þarna eru skurðir og áveitugarðlög en engin ummerki um stíflu fundust. Frekari heimilda er þörf til þess að staðsetja fornleifarnar nákvæmlega.
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 17

ÁR-239:043 *Torfdæl* heimild rista A 425220 N 392068
"Torfdæl. Lítil dæl og léleg til slægna," segir í örnefnaskrá. Torfdæl er um 530 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 240 m ASA við Grautarvörðu 030. Þarna er ein fremur stór dæl auk nokkurra minni, ekki er ljóst hver þeirra er umrædd Torfdæl.
Þetta svæði er gróið með þurrum dælum og rimum. Það er nýtt til beitar og engin ummerki um ristuna sjást á yfirborði. Ekki er ólíklegt að torf hafi verið rist í flestum dælum á svæðinu.
Engin ummerki torfristu sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 17

ÁR-239:044 tóft fjárhús A 425896 N 392045
Fjárhús eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908, tæpum 380 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m vestan við fjárhús 046.
Tóftin er ofarlega á grasigróinni brekku sem er aflíðandi til suðurs. Hún er byggð upp við klettahrygg að norðanverðu.
Tóftin er 12x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er á grösugum hól og ekki er óhugsandi að hann sé að hluta til uppsafnaðar mannvistarleifar. Tóftin skiptist í tvö hólf og hefst lýsing þessi á syðra hólfinu. Það er 8x4 m að stærð að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru hlaðnir úr stæðilegu grjóti. Hleðslur eru veglegar og grónar. Það má telja 8-9 umför í þeim og er mesta hæð veggja 1,8 m. Breidd veggja er 1 m. Grjóthlaðin jata er meðfram endilöngum austur- og norðurvegg. Hún er 0,5 m á hæð og 0,6 m breið. Ekki er unnt að greina umför í henni;




Mynd 30. Tóft ÁR-239:044, horft til norðurs.

því hún er nær öll horfin undir gróður. Milli efstu grjóthleðslanna til norðvesturs glittir í bárujárn sem er tvímælalaust leifar þaks. Hólfið er opið til suðurs. Að innanverðu er hólfið grasivaxið og hefur rusl verið sett í nyrsta hluta þess. Til hánorðurs er hólf 2. Það er 9x4 m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Mest má sjá 10 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Um 2-2,5 m hár klettahryggur afmarkar norðurhlið hólfsins. Mesta veggjahæð er 0,6 m til vesturs. Í norðausturhorni hólfsins eru veggirnir teknir að hverfa undir gróður. Hólfið er

niðurgrafið og nær allt að 2 m dýpt. Innan hólfsins er mikið magn bárujárnsplatna sem hugsanlega eru leifar þaks. Lögun og stærð hólfsins gefur til kynna að um hlöðu sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 SV

ÁR-239:045 heimild leið A 425797 N 392175
Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá bæ 001 til suðausturs að leið 661:041. Svæðið var gengið en það hefur tekið róttækum breytingum vegna túnasléttunar á norðurhluta svæðisins og vegalagningu Skeiða- og Hrunamannavegar 30 á suðurhluta þess. Af þeim sökum var ekki unnt að greina dældir, paldra eða önnur ummerki leiðinnar í landslaginu. Leiðin var hnitsett út frá staðsetningu hennar á herforingjaráðskortinu.
Minjasvæðið er í þýfðri brekku sem hallar til norðurs. Landið er algróið og er snarrótarpuntur ríkjandi gróðurfar. Þéttbýlið Brautarholt er VSV við minjastaðinn.
Engin ummerki um götur sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-239:046 tóft fjárhús A 425910 N 392053
Fjárhús eru merkt um 390 m suðaustan við bæ 001 inn á herforingjaráðskort frá 1908 og rúmum 20 m austan við fjárhús 044.
Tóftin er á smáþýfðum hól. Landið er algróið og er bakgarður Húsatófta 2A fast austan við tóftina og meðfram allri norðurhlið hennar er klettahryggur.
Tóftin er 18x12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Um 2-2,5 m hár klettahryggur afmarkar norðurhlið tóftarinnar. Tóftin er tvöföld og hefst lýsing þessi á eystri hluta hennar, á hólfi 1. Það er 18x5 m að stærð að innanverðu og snýr nálega austur-vestur. Auðveldlega má



Mynd 31. Tóft ÁR-239:046, horft til suðvesturs.

telja 9 umför af stórgrýti í grjóthleðslum. Hólfið er vandlega hlaðið og er mesta hæð veggja 1,5 m til norðausturs en suðurhluti austurveggjar er að nokkru hruninn og er veggjahæð þar mest 0,7 m. Veggir eru 1-1,5 m breiðir. Búið að planta trjám og reisa vírgirðingu áfast eystri hlið hólfsins. Hólfið er opið til suðurs. Að innanverðu í suðurhluta þess er 8 m langur grjóthlaðinn garði. Hann er 0,5 m á hæð og 0,4 m á breidd. Grjótið er stæðilegt og sjá má 2-3 umför. Hólf 2 er norðvestan við hólf 1. Það er 8x5 m að stærð innanmáli og snýr svo að segja austur-vestur. Eingöngu vesturveggur hólfsins er uppistandi, en greina má með góðum vilja vegg til suðurs,


sem er 0,3 m hár og 0,5 m breiður. Vesturveggurinn er voldugur og mest sjást 6 umför af stórgrýti í veggjum. Hann er 1,8 m á hæð og um 1 m breiður. Hólfið er ekki niðurgrafið og ekki sér móta fyrir garði eða jötu innan þess. Þetta var hrútakofi. Hugsanlega sjást tvö byggingarstig á tóftinni og hólf 2 er varðveittar leifar eldra fjárhúss, sem hafi verið minnkað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 SV

ÁR-239:047 tóft hesthús A 426273 N 392565
Tóft er tæpa 630 m ANA af bæ 001 og um 100 m suðvestan við tóft 049. Það er fast norðan við nátthaga 012-01, utan hans. Að sögn Guðjóns Vigfússonar, heimildamanns, var þetta hesthús sem var byggt um miðja síðustu öld. Hann tók þátt í gerð þess. Hesthúsið tók við af hesthúsi sem var í heimatúninu. Það er haft hér með vegna forns verklags.
Þar er nú grasivaxið tún og lítil brekka til norðvesturs.



Mynd 32. Hesthús ÁR-239:047, horft til austurs

Tóftin er 8 x 7 metrar að stærð og er opin til norðvesturs. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er opin til norðvesturs. Hún er einföld og innanmál hennar er 5 x 4,5. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést í 3-4 umför af grjóti að innan. Enginn veggur er norðvestan megin og má ætla að þar haf verið viðarþil. Veggir eru um 1,2 - 1,4 metrar á hæð en hleðslur eru nokkuð hrundar í suður horni tóftarinnar. Að utan er tóftin gróin og ekki sést í grjóthleðslur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 33. Minjar á Stekkatúni (Efra-Húsatóftaholti). Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-239:048 *Stekkatún*
yfirlit
Í örnefnaskrá (JE) segir: "Stekkatúnið. Það er vestan í Skálholtinu og tún. Stekkatúnshóll. Hóllinn var vestast í Stekkatúninu." Í

örnefnaskrá (VÞ) segir. "Fer svo hækkandi [frá Lágholti] aftur að Stekkatúni, sem er allstórt ræktað tún. Á Stekkjarhólnum var lengi fjárhús og fjárrétt, en það er nú horfið og ný fjárhús reist norðar á holtinu.“ Stekkjarhóll er innan nátthaga 012, í túninu miðju. Þar eru fjárhús merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og á túnakorti frá 1920 er sýnt mannvirki á sama stað. Þarna sést lítil dæld í miðjum hólnum en önnur ummerki um mannvist eru horfin. Dældin er í hlöðunni að sögn Guðjóns Vigfússonar, heimildamans. Fjárhúsin voru 670 m ANA við bæ 001 og tæpum 50 m norðvestan við Holt 049.
Þar er nú ræktað tún.

ÁR-239:048-01 þúst fjárhús býli A 426303 N 392530



Mynd 34. Þúst/hóll ÁR-239:048-01, horft til suðvesturs.

Fjárhúsin eru sýnd á kortum frá fyrrihluta 20. aldar líkt og kemur fram hér ofar. Þau voru sléttuð út og fyllt upp í tóftina. Jarðvegur er farin að síga niður í hlöðunni en hún var mjög djúp. Fjárhúsin voru sunnan við hlöðuna, sambyggð henni. Þessi mannvirki voru sléttuð út þegar yngra fjárhús var reist nokkuð norðar og standa þau hús enn.
Stekkatúnshóllinn er mjög umfangsmikill og líklega mikil mannvistalög þar undir sverði. Hann er 52x44 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,5-2 m á hæð, sléttur en víða eru ójöfnur ofan á honum. Ekki er útilokað að bær 049 hafi staðið á þessum hól, það verður að teljast afar líklegt. Hóllinn er samt óvenju umfangsmikill ef búseta þarma var stutt og greinilegt að hér er afar áhugavert rannsóknarefni á ferðinni. Frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta það. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsin á yfirborði nema dæld sem er 7 x 6 metrar að stærð, þar sígur jarðvegur niður í hlöðuna.

ÁR-239:048-02 heimild rétt
Fjárrétt var á Stekkatúnshól líkt og kemur fram í lýsingum hér ofar. Ekki er vitað hvar hún var á hólnum eða hvort hún var sambyggð fjárhúsum 01. Einnig gæti verið um hólf 012-02 að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV; Túnakort 1920; Ö-Húsatóftir JE, 17; Ö-Húsatóftir VÞ, 2

ÁR-239:049 *Holt Húsatóftakot* yfirlit
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir "Hollt eður Husatoptakot. Eyðihjáleiga, bygð í úthögum á fornu fjárhússtæði hjer um fyrir 40 árum og varaði bygðin inn til næstliðins árs [1708], þó stundum í eyði þar á milli. [...] Fóðraðist lítið eður mikið eftir því sem heimabóndinn aflagði, og brúkar það nú heimajörðin fyrir fjárhús, og landið til beitar, og má því hjer ekki aftur byggja." Í örnefnaskrá (JE) segir ennfremur: "Holt eður Húsatóftakot mun hafa staðið á efra holtinu sem í daglegu tali er kallað Stekkatún [sjá 048], enda fjárhús þar lengi og sjálfsagt stekkur. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi nefnir holtið Skálholt í örnefnaskrá sinni frá 1911. [...] Skálholt gæti verið réttnefni því skál er í landinu vestur af holtinu. Nú er ræktað tún upp að holtinu og engar tóftir sjáanlegar." Í örnefnaskrá (VÞ) segir. "Fer svo hækkandi [frá Lágholti] aftur að Stekkatúni, sem er allstórt ræktað tún. Á Stekkjarhólnum var

lengi fjárhús og fjárrétt [048], en það er nú horfið og ný fjárhús reist norðar á holtinu. Austan við hólinn hækkar holtið og myndar fallega brekku móti suðri. Hæst er það um Klettinn og er útsýni þaðan mikið og fagurt til hins fagra sunnlenska fjallahrings. Í brekkunni mótar fyrir gömlum tóftum og segja munnmæli að þarna hafi verið bær er Skálholt hét." Á herforingjaráðskorti frá 1908 sjást fimm hús [013, 019, 021, 048] um 650 m ANA af bæ. Þessi fjárhús hafa líklega verið byggð á svipuðum stað og býlið, í norður horni Stekkatúns. Meintur bæjarhóll er rúmum 720 metrum austan við bæ 001 og 35 m norðaustan við þúst 021. Hann er uppi á holtinu þar sem holtið fer að lækka, skammt sunnan við Klettinn.
Holtið er mólent og óræktað að norðan. Stekkatún, ræktað tún er á vesturhluta holtsins. Túnið er í halla til suðurs.

ÁR-239:049-01 þúst býli A 426365 N 392515
Hóllinn er 18x12 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,5-1 m á hæð og sléttur. Til norðausturs beygir hóllinn til norðausturs, þar gæti hafa verið önnur tóft. Það er greinilegt að mannvist er hér undir sverði. Hóll 048 er þó allt eins líklegur til þess að vera bæjarhóll og hér hafi verið útihús.



Mynd 35. Þúst/hóll ÁR-239:049-01, horft til austurs.

ÁR-239:049-02 heimild fjárhús
Fjárhúsin sem sýnd eru á Herforingjaráðskorti frá 1908 voru á þessum hól, þeim sama og talað er um í örnefnaskrá sem bæjarhól Skálholts. Öll ummerki fjárhúsanna eru horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV; JÁM II, 196; Ö-Húsatóftir JE, 4; Ö-Húsatóftir VÞ, 2

ÁR-239:050 heimild legstaður A 391926 N 425649
Í Jarðabók Skeiðahrepps segir: „Árið 1933 var byggður á einu ári barnaskóli syðst á Húsatóftaholti […]. Skólinn fékk nafnið Brautarholt. […] Hádegishóllinn lenti undir húsinu þegar það var byggt. Þar fundust mannabein. Eru trúverðugar sögur um reimleika í skólanum mörg ár eftir að farið var að kenna þar 1934.“ Þessi beinafundur var ekki tilkynntur til Þjóðminjasafns og því ekki staðfest hvort að um mannabein var að ræða. Beinin komu í ljós þegar strýtulaga hóll var grafinn í burtu, Hádegishóll. Hann var álíka og þúst 051 að stærð og lögun. Beinin fundust um 440 m suðvestan við bæ 001 og 180 m VSV við þúst 051. Þarna er enn félagsheimili auk leikskólans Leikholts í byggðakjarna sem kallast Brautarholt.
Heimildir: JS, 204
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:051 þúst legstaður A 425820 N 391985



Mynd 36. Hóll ÁR-239:051, horft til suðurs.

Hóll, eða þúst, er um 420 m SSA við bæ 001 og 180 m norðaustan við legstað 050. Samkvæmt munnmælum er þessi hóll alveg eins og sá (sjá 050) sem fór undir Brautarholtsskóla og bein fundust í árið 1933. Getgátur eru uppi um að þetta sé einnig dys vegna líkinda hólanna. Austurjaðar byggðakjarnans Brautarholts er tæpum 50 m vestan við hólinn.
Gróið tún uppi á Húsatóftaholti. Túnið hefur aldrei verið sléttað, einungis nýtt til beitar. Það er grunnt niður á kletta og stakstæða steina í gegnum svörð. Hóllinn sést vel uppi á miðju holtinu og þaðan er víðsýnt til allra átta.
Þústin, eða hóllinn, er um 9x9 m að stærð og er egglaga. Hann snýr norðaustur-suðvestur og er 0,2-0,4 m á hæð. Þústin er áberandi og ekki ólíklegt að mannvist sé þarna að finna undir sverði. Rof er í vesturhluta hennar og þar sést glitta í grjót án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir tilgangi þess eða hvort að um manngerða hleðslu sé að ræða. Jaðrar þústarinnar eru þýfðir og víða rof og "stallar".
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:052 hleðsla brú A 424461 N 391910



Mynd 37. Brú ÁR-239:052, horft til SSV.

"Við skulum nú skoða Merkurhraunsveginn [ÁR-661:015] nánar og leggjum af stað af Húsatóftaholti. Suðvestur af holtinu, þar sem vélaskemma Búnaðarfélagsins stendur nú, var blautt mýrarsund og illfært. Þar var byggð "brú" yfir sundið og komu til þess smá upphæðir frá sýslunni. [...] Meira fé hefur komið til "brúarinnar" síðar því í skýrslum sýsluvegasjóðs kemur fram, að Húsatóftabrúin hefur verið endurbætt og borið í hana möl árin 1898 og 1899. Enn má sjá leifar brúarinnar efst, að Guðmundur Eyjólfsson, bóndi á Húsatóftum taldi, f. 1917," segir í Jarðabók Skeiðahrepps. "Leiðin lá af Húsatóftaholti þar sem vélaskemma búnaðarfélagsins stendur. Þar var illfært mýrarsund og var hlaðinn yfir það vegarspotti, svokölluð „brú“. Enn sjást leifar hennar 10-15 metrar vestan í holtsbrúninni (G.E.)," segir í örnefnaskrá Húsatófta. Brúin er 25 m vestan við þjóðveg 30 og sést illa fyrr en að henni er komið. Hún er tæpum 500 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 290 m suðaustan við Torfdæl 043.

Brúin er á grónu svæði, fast norðaustan við girðingu sem umlykur skemmu Búnaðarsambandsins, núverandi gámasvæði. Það er gróið en slétt. Ræktuð tún eru skammt norðar.
Brúin er 4,5 m á breidd og 10-15 m á lengd. Vírgirðing liggur þvert yfir vesturhluta hennar og mikill gróður þar, við vélaskemmuna. Hún er 0,1-0,2 m á hæð og algróin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JS, 553; Ö-Húsatóftir JE, 6-7

ÁR-239:053 garðlag áveita A 425225 N 392486

Garðlag er rúmum 100 m austan við Flóðgarð 027 og rúmum 430 m norðvestan við bæ 001. Þurr farvegur Kolslækjar liggur þvert í gegnum garðlagið og líklega um hluta af áveitu úr læknum að ræða. Garðlagið, ásamt Flóðgarði 027, eru bæði við Kolslæk 022 og afar líklegt að um sama áveitukerfi sé að ræða. Vélgrafinn skurður er 13 m sunnar.
Gróinn bithagi. Svæðið er flatt en hér og þar eru grunnar dælur og lágir rimar. Svæðið er nýtt til beitar og hefur ekki verið sléttað.
Garðlagið er 30 m langt og liggur norður-suður. Það er 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það er torfhlaðið og liggur eftir lágum rima.
Hættumat: engin hætta



Mynd 38. Garðlag ÁR-239:053, horft til SSA.

ÁR-239:054 *Einbúi* heimild landamerki A 427001 B 393950

"… beina línu í Einbúa sem er allstór hóll með hlaðinni vörðu. Hann er hornmark milli Efri-Brúnavalla, Álfsstaða, Reykja og Húsatófta," segir í örnefnalýsingu. Varða er á hólnum Einbúa og eru þar landamerki fjögurra jarða, eins og sagt er frá í örnefnalýsingu. Hún er um 2 km norðaustan við bæ 001 og 450 metrum norðvestan við lambabyrgi 032.
Þar er nú stór klettur og framræst, þýfð mýri í kring.
Varðan er hrunin en grjóthrun úr henni sést umhverfis hólinn, helst að norðan og vestan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir VÞ, 1



Mynd 39. Einbúi ÁR-239:054, horft til norðausturs.

ÁR-239:055 garðlag áveita yfirlit

Áveitugarðlög eru í mýrinni 1,6 km norðaustan við bæ 001, norðvestan við Sandbraut 661:010,



Mynd 40. Garðlag ÁR-239:055-01, horft til norðausturs.

þar sem hún beygir til austurs. Ekki er ljóst hvort að garðlögin eru hluti af Skeiðaáveitunni eða ekki. Af þeim sökum er þau skráð undir sérstöku númeri í þessari skrá og lýst eftir einingum.
Þar er nú þýfð framræst mýri og vex þar nokkuð kjarr og mýrargróður.

ÁR-239:055-01 garðlag áveita
A 423257 N 393257
Áveiturgarðurinn liggur norðaustur – suðvestur, frá landamerkjum Efri-Brúnavalla og er um 650 m að lengd. Það sveigir til NNA og endar eftir 370 m við landamerki Reykja. Garðlagið er 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það eru mjög beint og meðfram því liggur lítill áveituskurður, líklega þar sem efni var tekið og vatni hleypt á.

ÁR-239:055-02 garðlag áveita A 427062 N 393313
Þessi áveitugarður er mun minni umfangs. Hann liggur til norðvesturs frá garði 01 og endar skammt suðaustan við kvíar 036. Hann er tæplega 70 m að lengd og liggur þvert yfir mýrarsund á milli tveggja rima. Hann er eins að gerð og áveitugarður 01.
Hættumat: engin hætta


ÁR-239:056 frásögn A 425833 N 392150
Samkvæmt Aðalsteini Guðmundssyni, heimildarmanni, voru tvær bensínstöðvar, Shell annars vegar og Esso hins vegar, byggðar í grennd við hvor aðra um 290 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 25 m sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þær eru innan 40x10 m stórs svæðis sem snýr austur-vestur. Bensínstöðvarnar voru reistar skömmu eftir 1920 og teljast því ekki til fornleifa í lagalegum skilningi. Frásögnin er á hinn bóginn heimild um merkar samgönguminjar innan hreppsins og því tekin með í þessa fornleifaskrá.
Skipta má svæðinu í stórum dráttum í tvennt. Annas vegar er slitróttur og veigalítill trjágróður til austurs og hins vegar ræktað tún til vesturs. Á milli þeirra er heimreið sem liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi 30 að íbúðarhúsinu á Húsatóftum 2A.
Ekki sér til minja á yfirborði. Minjasvæðið hefur tekið róttækum breytingum í kjölfar lagningu Skeiða- og Hrunamannavegar 30. Sennilega hefur veglagningin átt stóran þátt í að staðurinn sé ekki lengur sjáanlegur á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-239:057 frásögn kvíar A 425813 N 392208
Að sögn Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns, var stöðull um 220 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við útihús 007. Stöðulinn var rétt utan heimatúns miðað við túnakort frá 1920.
Landið er í órækt og í grasigróinni brekku sem hallar til norðurs. Snarrótarpuntur þekur stóran hluta svæðisins. Óljóst vottar fyrir vegslóða víðsvegar um svæðið og til suðurs liggur Skeiða- og Hrunamannavegur 30.

Engin ummerki stöðuls sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:058 tóftir fjárhús yfirlit
Þrjár tóftir eru fast norðan við hesthúsið á Húsatóftum 2a, á Húsatóftaholti. Þær eru tæpum 100 m norðan við tóft 061 og um 400 m suðaustan við bæ 001. Tóftirnar eru sunnan í holtsbrúninni beint ofan við hesthúsið og hlaðnar upp að lágu klettabelti. Sé tekið mið af lagi, staðsetningu og gerð tóftanna eru þetta fjárhús. Tóftunum er hverri fyrir sig lýst hér að neðan undir einingum.
Gróin brekka í suðurhlíðum Húsatóftaholts, nærri austurenda þess. Klettabelti liggur þar norðaustur-suðvestur, beint ofan við tóftirnar, efst í brekkunni. Trjárækt er 10 m norðar.
Tóftirnar eru á svæði sem er 18x9 m að stærð og snýr ANA-VSV.



Mynd 41. Tóftir ÁR-291:058

ÁR-239:058-01 tóft fjárhús A 425954 N 392107
Tóft 01 er í miðju svæðisins. Hún er 10 x 9 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 2 hólf. Hún er hlaðin úr torfi og gjóti og grafin inn í holtið. Hólf 1 er vestar. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og þar má greina 1-2 umför grjóthleðslu að innan. Hólfið er grafið inn í holtið og veggirnir eru lægri að utan og algrónir. Það er opið til suðausturs og hefur verið nýtt sem leiksvæði fyrir börn í genum tíðina. Hólf 2 er austar. Það er ógreinilegra, veggirnir lægri og útflattari. Það er 8x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og sem fyrr segir grasivaxnir. Þeir sjást lítið sem ekkert að utan og hólfið grafið niður og líklega var hér hlaða. Það er opið til suðausturs.


Mynd 42. Tóft ÁR-239:058-01, horft til suðausturs.

ÁR-239:058-02 tóft fjárhús A 425960 N 392113
Tóftin er 4 m norðaustan við tóft 01. Hún er 4x3 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er niðurgrafin og klettar afmarka norðurhlið hennar. Þeir eru 2 m á hæð og

ókleifir. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og sjást ekki að utan, tóftin sést eingöngu sem niðurgröftur og það glittir í 1 umfar þar ofan í. Ekkert op er inn í tóftina.

ÁR-239:058-03 tóft fjárhús A 425947 N 392105
Tóft 03 er fast við norðvesturhorn tóftar 01, sú tóft er byggð upp við eða ofan á þessari að hluta. Ekki víst að þær hafi verið í notkun á sama tíma og mögulega er um tvö byggingarstig að ræða. Tóftin er 7x4 m að stærð, snýr NNV-SSA og er einföld. Hún er sigin, þýfð og óljós. Veggir eru 1-1,5 m á breidd, algrónir og hvergi glittir í grjót. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og greinilegastir að innan. Það mótar óljóst fyrir opi til SSV, fast við horn tóftar 01, og öðru á miðri suðurhlið.



Mynd 43. Til vinstri er tóft ÁR-239:058-02, horft til suðausturs. Til hægri er tóft 058-03, horft til NNV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:059 gata leið A 427158 N 392747
Reiðgötur sjást tæpum 60 m fyrir sunnan beitarhús 040, áveituskurður 661:001 sker þær í tvennt, nánast fyrir miðju. Leiðin er ekki sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1908 né er hennar getið í örnefnaskrá. Hér er líklega um útgáfu af leið 661:012 að ræða en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Af þeim sökum er leiðin höfð hér stök í fornleifaskrá.



Mynd 44. Götur ÁR-239:059, horft til vesturs.

Gróinn mói. Kjarrgróður er áberandi á þessu svæði en þar eru einnig lágir rimar og þurrar dælar. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.
Leiðin er greinileg, að vestan er hún horfin, líklega vegna girðingar sem þarna er meðfram þjóðvegi 30 og fór upp á Skálholt. Að austan fjarar hún í grónu svæði, þar var líklega dæla. Leiðin 5 m breið og greinileg. Það má greina 3-5 paldra í henni og eru þeir 0,2 m djúpir og grónir. Leiðin var líklegra ekki notuð eftir að Skeiðaáveitan tók til stafa, skurður henni tengdri sker hana í tvennt.
Hættumat: engin hætta

ÁR-239:060 hleðsla brú A 426730 N 392936

Steypt brú er á Sandbrautinni 661:010, þar sem hún liggur yfir skurð 661:001, í mýrinni tæpum 1,2 km norðaustan við bæ 001.
Þar er nú þýfð og framræst mýri, sem er grasi- og kjarrivaxin.
Brúin er steypt en undir henni glittir í hlaðnar grjóthleðslur og sést í 1-2 umför af grjóti. Brúin sjálf hefur verið steypt ofan í hleðslurnar. Brúin er 3 x 2,20 metrar að stærð og snýr ASA-VNV. Hleðslurnar undir brúnni eru um 0,5 metrar á hæð.
Hættumat: engin hætta




Mynd 45. Brú ÁR-239:060, horft til suðausturs.

ÁR-239:061 tóft fjárhús A 425948 N 392008

Gömul fjárhústóft er um 130 m austan við þúst 051 og tæpum 470 m suðaustan við bæ 001. Að sögn Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns, var ástand tóftarinnar álíka í minni Eyjólfs Gestssonar, afa hans sem var fæddur árið 1883 á Húsatóftum og bjó þar til ársins 1976 er hann lést. Tóftin er innan túngirðingar, fast sunnan við vegslóða sem liggur að núverandi fjárhúsum á Húsatóftum 2a. Lag og staðsetning tóftarinnar gefur til kynna að þetta hafi verið fjárhús.
Slétt, ræktað tún er allt umhverfis tóftina. Hún er nyrst í túninu, fast við vegslóða. Túnið er nýtt til beitar.





Mynd 46. Tóft ÁR-239:061, horft til suðurs.

Tóftin er 14x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er í aflíðandi halla til SSA og líklega var hún grafin inn í brekkuna þótt þess sjáist ekki greinileg ummerki nú. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og 2,5 m á breidd. Öll tóftin er sigin, útflött og jarðvegssöfnun er inni í henni. Það sést glitta í einn stein inni í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:062 náma mógrafir A 426476 N 391685



Mynd 47. Mógrafir ÁR-239:062, horft til norðvesturs.

Greinilegt mógrafasvæði er um 1,1 km suðaustan við bæ 001 og um 180 m NNV við götur 024.
Minjasvæðið er deigt til blautt fyrir miðju þess. Svæðið er störum vaxið og eru þúfur og rimar mosavaxnir. Landið tekur að þorna við jaðar svæðisins og við tekur grösugt og smáhæðótt graslandi.
Minjasvæðið er um 160x130 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið er stórt umfangs og af þeim sökum er erfitt að áætla um fjölda grafa innan þess, þær hafa þó skipt á tugum. Hin dæmigerða mógröf á svæðinu er 4x2 m að stærð, 0,5 m djúp og snýr nálega norður-suður. Engin gröf er dýpri en 1 m. Velflestar grafirnar eru teknar að gróa. Af þeim sökum er lítið, eða ekkert, vatn í flestum þeirra. Sumar grafirnar eru rakar og er mold í botninum á fáeinum þeirra.
Hættumat: engin hætta

ÁR-239:063 heimild sundlaug A 425437 N 391936
Sundlaug var byggð árið 1938 í landi Húsatófta að sögn Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns. Í bókinni HSK í 100 ár segir: „ […] og árið 1938-1939 steyptu ungmennafélagar á Skeiðum upp laug við skólann í Brautarholti sem var 8x12,5 m að flatarmáli. Til hennar var veitt heitu sjálfrennandi vatni í tréstokki.“ Laugin var um 40 m norðvestan við brú 052 og rúmum 480 m suðvestan við bæ 001. Hún er skammt norðaustan við skemmu Búnaðarfélagsins. Sundlaugin er horfin en þar mótar enn fyrir lág í landinu, fast við enda á vélgröfnum skurði.
Gróið tún sem nýtt er til beitar er á þessu svæði. Ræktað tún er fast norðar. Það sjást ennþá steypubitar í túninu sem tilheyrðu sundlauginni.
Engin ummerki um sundlaugina sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: HSK í 100 ár, 134

ÁR-239:064 garðlag áveita
A 426679 N 392115
Áveitugarðlag er tæpa 580 metra suðaustan við Skálholt / Holt 021 og rúman 1 km suðaustan við bæ 001, sunnan við þjóðveg 30 sem liggur í gegnum Brautarholt. Það liggur skammt sunnan við malarveg að Þjórsárbökkum. Ekki er ljóst hvort að garðlagið er hluti af Skeiðaáveitu 661:001 og haft stakt af þeim sökum.
Hluti garðlagsins liggur nú í ræktuðu túni en annar hluti þess er í beitarhólfi fyrir hross.



Mynd 48. Garðlag ÁR-239:064, horft til austurs.

Garðurinn er 1,2 metrar á breidd og 0,5 metrar á hæð. Hann er tæplega 400 m að lengd en er rofin af vegslóða, nánast fyrir miðju. Það er torfhlaðið og mikið rof í því vestanverðu, þeim hluta sem liggur innan beitarhólfsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-239:065 tóft óþekkt A 426233 N 392442

Lítil tóft er rúmum 580 m austan við bæ 001 og tæpum 70 m suðaustan við steininn Lat 037. Tóftin er sunnan í svokölluðu Lágholti, skammt suðaustan við Stekkatún 012/048. Tóftin er á lágum rima, umhverfis hana er blautt svæði.
Óræktað tún, nýtt til beitar er á þessu svæði. Svæðið er blautt og þýft, hér og þar koma móbergssteinar uppúr sverði. Tóftin er á lágum, þýfðum rima.
Tóftin er 6x3 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur.



Mynd 49. Tóft ÁR-239:065, horft til austurs.

Hún er opin til suðvesturs og torfhlaðin. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og þýfðir. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt, líklega var þetta aðhald af einhverju tagi.


ÁR-239:066 frásögn lambhús A 426269 N 392556

Samkvæmt Guðjóni Vigfússyni var lambhús nokkrum metrum suðvestan við hesthús 047, innan nátthaga 012, í svokölluðu Stekkatúni (sjá 048). Það er í notkun frá því að hann man eftir sér en hætt að nota það þegar yngri fjárhús voru byggð norðan við Stekkatún 012/048.
Lambhúsið var hlaðið úr torfi og grjóti en hann mundi ekki hversu stórt það var eða önnur atriði sem tengjast notkun þess.
Lambhúsið var á óræktuðu svæði, skammt sunnan við túngarð 012-01. Allt umhverfis er ræktað tún.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.

ÁR-239:067 frásögn hesthús

Samkvæmt Guðjóni Vigfússyni, heimildamanni, var hesthús syðst í túninu, fast við veg 045 og malarveg sem lá yfir tröðum 002. Steypt gólf var í hesthúsinu en hætt að nota það þegar hesthús 047 var byggt nokkuð austar. Hér er líklega um sama stað og útihús 008 eða 007 en ekki var hægt að staðfesta það að svo stöddu.
Engin ummerki hesthússins sjást á yfirborði.

ÁR-291 Skaftholt



1686: 26 hdr 160 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.
1695: 26 hdr 80 ál, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.
1709: Dýrleiki óviss. Skálholtstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 210.
1847: 38 2/3 hdr. Bændaeign skv. Jarðatali Johnsens, 65. Árið 1861 er þessi jörð metin á 20.6 hundruð og er þá með dýrustu jörðum í sveitinni. Jarðarinnar er getið í Landnámabók: ""Þeir frændr, Ofeigr grettir ok Þormóðr skapti, fóru til Íslands ok váru enn fyrsta vetr með Þorbirni laxakarli mági sínum. En um várit gaf hann þeim Gnúpverjahrepp,, Ófeigi enn ytra hlut milli Þverár ok Kálfár, ok bjó <hann> á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti, en þormóði gaf hann enn eystra hlut, ok bjó hann í Skaptaholti." ÍF I, 380.
Í Grettis sögu segir: "Ófeigr nam inn ýtra hlut [Gnúpverjahrepps], á milli Þverár ok Kálfár; hann bjó á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti; en Þormóðr nam inn eystri hlut, ok bjó hann í Skaptaholti." ÍF VII, 15.
1384: Landamerki Núps: "rædr þa stighren til skoghar gautu ok sidan gatan vpp til grofuar firir ofuan skapthollt," DI III, 380.
Árið 1896 voru 6 bæjarhús og 10 peningshús í Skaftholti. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 4 bæjarhús og 10 peningshús gjörfallin, 1 bæjarhús mjög skemmt en 1 bæjarhús lítið skemmt, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 173.
Nýbýlið Réttarholt var stofnað 1961 af helmingi jarðarinnar Skaftholts. Nýbýlið Hamratunga var stofnað 1974 úr 30 ha spildu sem Gnúpverjahreppur keypti af Skaftholtslandi, skv.

Sunnlenskum byggðum I, 398-399.
Túnstærð 1919: Tún 7 ha og 3/5 slétt. Aukatún: 0,6 ha. "Afrjétt af supra. Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Móskurður hefur verið, meinast eyddur. Silungaveiðivon í Kálfá hefur verið góð, nú að öngvu gagni í mörg ár. Skóg til kolagerðar í almenningi brúkar jörðin ut supra. Enginu granda jarðföll úr brattlendi til stórskaða sem árlega fer í vöxt. Landþröngt er og nýtur ábúandi þolinmæði nábúa sinna, en geldur ei víst fyrir. Vatnsból þrýtur vetur og sumar, og er þá óbærilegur vatnsvegur í Þjórsá eður Kálfá að sækja. Átroðning stórkostlegan líður þessi jörð framar öllum öðrum í sveitinni af afrjettarfé úr öllum Flóa, Eyrarbakka, Skeiðum og þessari sveit, sem rjetta hjer fje sitt þrennum réttum hvert sumar, og uppetur svo þetta fje og hestarnir rjettamanna haga jarðarinnar, so að þar fyrir þarf ábúandi að þiggja haga af öðrum jörðum: en ábúandi fær þó fyrir þennan átroðning öngvan betalíng, hverki fyrir þenna áðurnefnda átroðning nje jarðarspjöll, sem þó verða ei alllítil, að byggja upp svo stóra rjett og marga dilka úr torfi. " segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 211-212. "Öll er hún [jörðin] grasi gróin, þurrt heiðarland á hrauni að mestu, en fjalllendi að minni hluta. Skaftholtsréttir standa vestan undir Múlanum. Þær voru fram til 1881 lögréttir allra hreppa milli Hvítár og Þjórsár nema Hrunamannahrepps," segir í Sunnlenskum byggðum I, 400. "Er þessi jörð notagóð fyrir fé og hefi nokkrar valllendisslægjur í kringum áminnst fjall [Skaftaholtsfjall], en svarar þó öngan veginn til dýrleika." SSÁ, 92. Í dag er starfar Skaftholtsjálfseignarstofnun á jörðinni og m.a. er þar hefðbundin búskapur.

ÁR-291:001 *Skaftholt* bæjarhóll bústaður A 441344 N 394180
"Bæjarhúsin standa á dálitlum hjalla austan undir lágu fjalli sem kennt er við bæinn. Íbúðarhúsið var byggt 1931 úr steinsteypu" segir í Sunnlenskum byggðum I. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur heimildarmanni var steinhúsið byggt á sama stað og torfbærinn stóð. Þetta hús hefur nú verið rifið. Bæjarhúsin stóðu norðvestan við heimreiðina sem liggur upp að núverandi bæjarhúsum og sumarbústað. Þar standa nú tvö útihús og skemma og voru þau á sínum tíma sambyggð íbúðarhúsinu. Íbúðarhúsið stóð norðaustan við útihúsin sem enn standa. Suðaustur af bæjarhólnum er brött brekka niður í Kaupmannsdalinn 016.


Mynd 50. Bæjarhóll Skaftholts ÁR-291:001, horft til vesturs.

Á bæjarhólnum eru uppistandandi hús og malarheimreið. Þar eru einnig ræktuð tún og lauftré suðvestan við heimreiðina.
Núverandi bæjarhús standa á litlum útflöttum hól sem er 28 x 22 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Engar tóftir sjást á bæjarhólnum enda hafa yngri hús, sem nefnd voru hér að ofan, verið byggð á þann stað þar sem gamli torfbærinn stóð Bæjarhóllinn sést best þar sem íbúðarhúsið sjálft stóð en þar sést móta fyrir litlum hól. Hóllinn er þó að mestu undir malarplani og hefur því líklega verið dreift út honum og hann sléttaður niður að hluta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919 og Sunnlenskar byggðir I, 400

ÁR-291:002 heimild kálgarður A 441347 N 394158
Kálgarður við bæ 001 er merktur inn á túnakort frá 1919. Kálgarðurinn hefur verið u.þ.b 15 m suðaustan við bæinn, líklega á svipuðum stað og heimreiðin og brekkan suðaustan við bæinn mætast.
Þar er nú brött grasi gróin brekka niður á gamalt tún sem notað er til beitar fyrir búfénað. Rafmagnsgirðing liggur suðvestur-norðaustur, meðfram heimreiðinni og þar standa einnig tvö lauftré við girðinguna
Nú sjást engin ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hafa garðlög hans verið sléttuð undir heimreiðina og svæðið þar í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


ÁR-291:003 brunnur brunnur A 441313 N 394151



Mynd 51. Brunnur ÁR-291:003, horft til suðvesturs.

Inn á túnakort frá 1919 er merkt hringlaga tákn sem samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur heimildamanni var brunnur. Brunnurinn er rúmum 40 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 70 m suðaustan við Fornufjós 019. Brunnurinn er vestan við heimreiðina, í túnbletti.
Svæðið er grasi vaxið og hallar smávegis til suðurs í átt að heimreiðinni.
Brunnurinn sést enn en byrgt hefur verið yfir hann með vörubretti og viðarplötum, undir þeim sést glitta í hleðslur. Brunnurinn er að öllum líkindum hringlaga og um 1,2 í þvermál. Lögun hans sést ekki nákvæmlega vegna vörubrettisins sem hylur hann. Í gegnum vörubrettið sést smávegis ofan í hann og virðist hann vera um 1 metri á dýpt. Hleðslur eru að miklu leyti hrundar og sjást aðeins ofan í brunninum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-291:004 tóft rétt A 441506 N 394193
Inn á túnakort frá 1919 er merkt útihús í túnjaðri. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur, heimildamanni, er fjárrétt á þessu svæði. Réttin sést ennþá og er rúmum 160 metrum austan við bæ 001 og tæpum 200 m austan við brunn 003. Réttin er í túnjaðri núverandi túns en norðan hennar er þýfð órækt. Réttin er neðan við holtið sem bærinn stendur á og er því lægri í landslaginu. Girðing liggur yfir tóftina miðja og er nyrðri helmingur hennar innan beitarhólfs.
Þar eru nú ræktuð tún til suðurs en þýfður móí sem notaður er til beitar til norðurs. Mikil hætta skapast af búfénaði sem traðkar yfir veggi tóftarinnar og tætir þá upp.
Réttin er 19 x 9 metrar að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er tvískipt og er byggð í jaðri lítils hóls sem stendur við suðvestur horn hennar. Hólf I er 5,5 x 5,5 m að innanmáli og er það opið til suðurs. Hólf II er 9 x 6 að innanmáli og er opið til vesturs upp við hólinn sem tóftin er byggð



Mynd 52. Rétt ÁR 291:004, horft til suðurs.

í. Mikil hraungrjótshrúga er í innganginum sunnan megin sem gæti verið hrun úr tóftinni, en tóftin er grjóthlaðin og byggð úr hraungrýti. Hún er þó frekar gróin en hólf II er ekki eins gróið og hitt enda sá hluti innan beitarhólfs búfénaðar. Þar er einnig rof í veggjum sem rekja má til ágangs búfénaðar á veggina. Veggjahæð réttarinnar er um 0,4 - 0,8 og en austurveggurinn er þau hæstur og er um 1 metri á hæð. Veggirnir eru um 2 m breiðir og sést í 1-3 umför af hleðslum í veggjum.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-291:005 heimild fjárhús A 441464 N 394182
Inn á túnakort frá 1919 er merkt útihús 120-130 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 metrum vestan við rétt 004. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur heimildamanni, stóð kindakofi á þessu svæði. Útihúsið hefur staðið þar sem nú er lítil tjörn í túninu, hún skapaðist vegna þess að það rennur niður úr haughúsinu niður brekkuna.
Þarna er nú brekka upp á holtið til vesturs og norðvesturs. Mjög blautt er á svæðinu og haugur af mykju. Ræktuð tún eru til suðurs og suðausturs.
Ekki er hægt að greina nein ummerki um útihúsið á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-291:006 heimild hesthús A 441325 N 394074
Inn á túnakort frá 1919 er merkt útihús um 110 m sunnan bæ 001. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttir heimildamanni, stóðu hesthús og hrossarétt á þessu svæði. Útihúsin sjást ekki lengur en á svæðinu er ræktað tún nýtt til beitar og gróðurhús standa þar rétt sunnar. Útihúsin hafa að öllum líkindum staðið í jaðri núverandi túns, ekki langt frá núverandi heimreið.
Þar er nú tún og lauftré í tún jaðrinum. Túnið er afgirt með rafmagnsgirðingu.
Engin ummerki sjást um fornleifarnar á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-291:007 heimild traðir A 441326 N 394153
Inn á túnakort frá 1919 eru merktar traðir heim að bæ 001. Traðirnar hafa legið á svipuðum stað og núverandi heimreið liggur upp að bæjunum, á milli bæjarhólsins og kálgarðsins. Þær hafa svo beygt niður til vesturs/suðvesturs.

Þarna er núverandi heimreið og tún til sitthvorrar hliðar.
Engin ummerki sjást eftir traðirnar á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-291:008 *Huldusteinar* heimild huldufólksbústaður
"Norðvestur af Skaftholt[s]réttum, líklega um 300 metra frá réttunum, eru tveir stakir hraunsteinar, heita þeir Huldusteinar. Fylgir með sú saga og er höfð eftir Katrínu, sem bjó hér og var annar ábúandi hér á undan mér [Gesti Jónsssyni sem kom í Skaftholt 1955]. Hana dreymir, að til hennar kemur kona um vor og biður hana að hjálpa sér með konu í barnsnauð. Hún geti lítið launað henni, nema hvað hún skuli líta eftir ánum hennar um vorið. Katrínu þykir konan fara með sig að þessum steinum, sem heita síðan Huldusteinar," segir í örnefnaskrá. Árið 2006 var komið í Réttarholt og jörðin skoðuð með tilliti til fornleifa. Þá segir Ingunn Halldórsdóttir, heimildamaður, að Huldusteinar séu í norðausturhorni landareignar Réttarholts. Jafnframt segir hún að sumarbústaður sé byggður fast upp við Huldusteina. Huldusteinar voru utan þess svæðis sem skráð var 2006 og ekki var farið á þann stað sem Ingunn talar um. Það er ljóst að lýsingu í örnefnaskrá og lýsingum Ingunnar ber ekki saman, af þeim sökum erfitt að staðsetja minjastaðinn.
Landið hefur tekið róttækum breytingum á umliðnum árum vegna trjáræktar og framkvæmda.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Skaftholt, 1

ÁR-291:009 *Þrívörður* varða samgöngubót A 439944 N 393840



Mynd 53. Þrívörður ÁR-291:009, horft til vesturs.

Í örnefnaskrá Skaftholts segir: "Í vestur frá Skaftholtsréttum eru þrjár vörður, á að gizka 500 metra frá réttunum. Þær standa í röð uppi á hraunhól og heita Þrívörður." Í örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur segir: "Þrívörður; smáhæð í heiðinni skammt frá Árnesi, með þremur hlöðnum vörðum. Kjartan Jóhannesson organisti hlóð þær upphaflega". Kjartan þessi fæddist 05.01.1893 og lést 31.10.1972. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur, heimildarmanni, voru vörðurnar hlaðnar í gamni en urðu seinna gott kennileiti. Ekki vitað nákvæmlega hvenær Kjartan hlóð vörðurnar. Vörðurnar þrjár eru um 530 m VNV við Skaftholtsréttir og tæpan 1,5 km vestan við Skaftholt. Vörðurnar standa uppi á mosa- og grasigrónum, 3-4 m háum hól sem snýr norður-suður.
Vörðurnar eru þrjár og standa í svo til beinni röð efst á hól sem snýr norður-suður. Vörðurnar eru byggðar úr hraungrýti og eru þær 0,5 - 1 m á hæð (2-5 umför). Þær eru 0,25-1 m í þvermál og eru þær tígullaga. Hrunið hefur úr tveimur þeirra. Svæðið sem vörðurnar standa á er um 4 m á breidd og 15 m á lengd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Skaftholt, 1

ÁR-291:010 *Hádegisholl* heimild eyktamark A 441418 N 393981

Í örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur segir: "Hádegisholl; hóllinn í heiðinni beint niður undan bænum (gamalt eyktarmark)." Í örnefnalýsingu segir svo: "Sunnan við túnið er Hádegisholl, í norður frá honum er Lambholt". Hólinn er rúmum 210 metrum SSA við bæ 001 og tæpum 230 metrum suðvestan við rétt 004. Sunnan við hann standa gróðurhús og trjáreitur.

Þarna eru nú ræktuð tún allt í kring en lauftrjáreitur í vesturenda hólsins. Hóllinn sjálfur er mosa- og grasivaxinn en það sést glitta í kletta efst í honum. Hóllinn er um 2 metra hár.



Mynd 54. Hádegisholl ÁR-291:010, horft til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 2; Ö-Skaftholt, 1

ÁR-291:011 *Knarrarholt* þjóðsaga legstaður A 440774 N 393159

"Suðvestur frá bænum í Skaftholti í mörkum milli Þjórsár og Skaftholts, er lágt grjótholt grasi og mosa vaxið, heitir það Knarrarholt. Þar er sagt, að grafinn sé knerrir (svo í hdr): hefur holtið lögun líkt og skip á hvolfi," segir í örnefnaskrá. Knarrarholt er rúmum 1,2 km suðvestan við svæðið þar sem gamli bærinn í Skaftholti stóð og um 800 m suðaustan við beitarhús 032.

Knarrarholt er um 8-10 m hár, náttúrulegur malarkambur sem liggur [norð]austur-[suð]vestur. Kamburinn er í laginu eins og skip á hvolfi, grasi- og mosavaxinn en rofinn á toppnum.



Mynd 55. Knarrarholt ÁR-291:011, horft er til suðurs.

Ekki sést til fornleifa. Engin ummerki er að sjá um mannaverk á hólnum og verður að teljast afar ólíklegt að hóllinn sé annað en náttúrusmíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skaftholt, 2

ÁR-291:012 *Lambholt Lambhúsholt* heimild lambhús A 441404 N 394356

Í viðbótum við örnefnaskrá Gests Jónssonar segir: "Lambholt dregur nafn af lambhúsi sem þar stóð,". Þetta holt kallar Ingunn Halldórsdóttir Lambhúsholt. Í örnefnaskrá hennar segir: "Lambhúsholt er norðan og austan við gamla hesthúsið." Samkvæmt Ingunni stóð lambhúsið nálægt fjallsrótum, nær bænum frekar en á sjálfu holtinu. Lambhúsið sést á málverki sem málað

var af Skaftholti og er í eigu Ingunnar. Vegur hefur nú verið lagður um holtið. Lambhúsið var um 190 norðan við bæ 001 og er horfið.
Slétt, ræktað tún er þarna nú. Umhverfis túnið er skjólbelti og öll ummerki um mannvist horfin þar. Í miðju túninu er hins vegar hóll, ekki er ólíklegt að lambhúsið hafi verið þar sé tekið mið af málverkinu. En það er ágiskun skrásetjara, það gæti allt eins hafa verið vestar.
Öll ummerki lambhússins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefnaskrá Gests Jónssonar, 2; Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 2

ÁR-291:013 *Stekkjardalur* örnefni stekkur A 441150 N 394626
"Stekkjardalur: ekki veit Gestur [Jónsson kom að Skaftholti 1955] um stekkjarrúst þar," segir í örnefnaskrá. Í örnefnalýsingu segir: "Fjallið fyrir norðan bæinn heitir Skaftholtsfjall, uppi á fjallinu er Stekkjardalur norður frá honum er Mosabumba, hjá henni er Fjallsklofi, vestur af honum er Tófuklif." Stekkjardalur er uppi á Skaftholtsfjalli, tæpa 470 metra norðvestan við bæ 001 og 350 metra suðaustan við vörðu 035, sem er á norðausturodda fjallsins. Dalurinn liggur þvert yfir fjallið frá austri til vesturs og yfir hann liggja stórar rafmagnslínur. Vegslóði liggur þar upp á fjallið og inn Stekkjardalinn.
Dalurinn sést sem lág og aflöng dæld í fjallinu. Þar er þýfður mói, grasi og mosa vaxinn. Á stöku stað sést glitta í möl en einnig sést smávegis moldarrof í bökkum dældarinnar/dalsins.
Engin ummerki sjást á yfirborði um fornleifar á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Gests Jónssonar, 2; Ö-Skaftholt, 1

ÁR-291:014 heimild bústaður A 441465 N 394290
Í örnefnalýsingu segir: "Norður á túninu eru miklar húsarústir nafnlausar. Var hinn fyrsti mannabústaður byggður þar sem rústirnar eru nú." Að sögn Guðfinns Jakobssonar, heimildamanns, er minjastaðurinn um 160 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m norðan við rétt 004. Ástand minjanna er óljóst á 20. öld og hvenær þeim var raskað. Þegar Guðfinnur kemur um 1980 var ekki neitt þarna á hólnum.


Mynd 56. Hóll ÁR-291:014, horft til norðurs.

Á þessum slóðum er áberandi grasivaxinn hóll. Næst hólnum er skemma og skógræktarsvæði norðan hennar. Þegar sunnar dregur tekur við ræktað og fremur hallalítið tún.
Engin ummerki um minjar sjást á yfirborði. Minjastaðurinn er á áberandi, náttúrulegum hól, sem er um 30x25 m að stærð og 5-10 m hár. Hann snýr nálega norður-suður. Mörk hólsins eru skýr til suðurs en óljósari til norðurs vegna ýmiss konar framkvæmda, m.a. vegslóða og bygginga frá seinni hluta 20. aldar. Enginn sjáanlegur munur er á gróðri á hólnum eða nánasta umhverfi hans. Fáein rofabörð eru sjáanleg á syðri hluta hólsins, en ekki er unnt að greina mannvist í þeim. Eins og fyrr segir er minjastaðurinn á náttúrulegum hól, en hann gæti að hluta til verið uppsafnaðar mannvistaleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skaftholt, 1

ÁR-291:015 *Stöðulskarð* heimild kvíar A 441227 N 394157

"Stöðulskarð er rétt sunnan við túngirðinguna. Stöðullinn var neðan við skarðið, um 70 m frá bæ. Engar sagnir eru um hvenær hann var síðast notaður," segir í athugasemdum í örnefnaskrá Gests Jónssonar. "Austan á Skaftholtsfjalli er Stöðulskarð," segir í örnefnalýsingu. Stöðulskarð er sýnt á örnefnakorti sem varðveitt er á skrifstofu sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi. Stöðulskarð er rúmum 90 m vestan við bæ 001, við túngarð 039. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega stöðullinn var, þar sést ekki neinn hóll eða annað sem gefur nánari staðsetningu hans til kynna.



Mynd 57. Stöðulskarð ÁR-291:015, horft til suðausturs.

Stöðulskarð sést enn, það liggur niður Skaftholtsfjall vestan við bæinn. Brekkan er um 20 m há, brött og gras nær allt upp á topp holtsins eða fjallsins. Klettar eru víða í brúninni en ekki hér.
Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefnaskrá Gests Jónssonar, 3; Ö-Skaftholt, 1.

ÁR-291:016 *Kaupmannadalur* örnefni A 441385 N 394146

"Kaupmannadalur er um 30 m frá bæ í suðaustur, löng laut, sem liggur eftir endilöngu túni frá suðvestri til norðausturs," segir í athugasemdum í örnefnaskrá Gests Jónssonar. "Á túninu í Skaftholti er Kaupmannadalur, norðan við hann er Akrabrekka, öðru nafni Akragerði" segir í örnefnalýsingu. Þennan dal kallar Ingunn Halldórsdóttir Túndal í örnefnaskrá sinni. Dalurinn er beint niður holtið frá bænum, til suðausturs og 130 m suðvestan við rétt 004. Dalurinn afmarkast af langri dæld í landslaginu með holtið sem bærinn stendur á til norðvesturs.



Mynd 58. Kaupmannadalur ÁR-291:016, horft til vesturs.

Dalurinn er beitarland fyrir kýr og annan búfénað á svæðinu. Suðaustan við dalinn þar sem hann hækkar aftur upp, er lauftrjáreitur. Engin ummerki eru um minjar í dalnum sem gætu bent til athafna kaupmanna. Örnefnið er engu að síður athyglisvert en þó þarf ekki að vera að það tengist einhverjum fornleifum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Gests Jónssonar, 3; Ö-Skaftholt, 1; Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 1

ÁR-291:017 *Nónsteinsvað* heimild vað A 438712 N 393926



Mynd 59. Nónsteinsvað ÁR-291:017, horft til norðurs.

Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi eru talin upp örnefnin Nónsteinn og Nónsteinsvað í landi Skaftholts. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur var vað yfir Kálfá staðsett um 90 m austsuðaustan við Nónstein og um 100 m norðvestan við félagsheimilið í Árnesi. Farið var yfir með hesta á þessu vaði á leið til kirkju, í réttir og fleira. Leið ÁR-671:075 liggur m.a. yfir Kálfá um 2,6 km V af bæ á herforingjaráðskorti frá 1908.
Á þessum stað eru bakkar Kálfár grasivaxnir og 0,3-0,5 m háir. Áin er um 20-30 m breið og ekki stígvélafær. Á flatlendinu SA við vaðið sést hugsanleg gata á loftmynd sem gæti hafa legið til/frá vaðinu NV-SA.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefnaskrá BJ, 1

ÁR-291:018 *Gerðin* heimild nátthagi
Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er talið upp örnefnið Gerðin í landi Skaftholts. "Líklegra væri í fyrsta áliti að ímynda sér það [garðlög (ÁR-266:002) í Sauðhúsdal í landi Fossness] hefðu verið akrar, en svo stór akrastæði eru þó hvurgi þar sem til þeirra sér nærlendis t.a.m. [...] Gerðin í Skaftholti," segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur voru gerðin nátthagi fyrir fé og voru þau lágur torfhlaðinn garður með gaddavír ofan á. Ekki er vitað hvar Gerðin voru, þau voru utan þess svæðis sem var skráð 2006 en þá var rætt við Ingunni. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Heimildir: Örnefnaskrá BJ, 1; ÞJÁ IV, 132

ÁR-291:019 *Fornufjósin* örnefni fjós A 441269 N 394203
Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er talið upp örnefnið Fornufjósin í landi Skaftholts. Í örnefnalýsingu segir: "Vestur frá bænum eru Fornufjós." Samkvæmt örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur eru Fornufjós "brekkan upp og norður af Lindinni ofan við gamla hesthúsið, sem nú er horfið." Þetta hesthús stóð fast upp við bæ 001. Hér stangast frásagnir á. Samkvæmt Ingunni var svæðið sem kallast Fornufjós beint ofan við bæinn í brekkunni, það er að segja norðan við



Mynd 60. Fornufjósin ÁR-291:019, horft til norðurs.

bæ, ekki vestan við bæ eins og sagt er í örnefnalýsingu Örnefnastofnunar. Á því svæði var heygarður sem nú er búið að slétta. Ekki er alveg hægt að gera sér með vissu hvar Fornufjós stóðu en tæpum 80 m norðvestan við bæ 001 er nokkur hóll í brekkunni, aftan við útihúsin gömlu.
Þar hallar landið mikið niður að bænum, til suðausturs. Mikill gróður er í brekkunni, gras og sóleyjarbreiða.
Engin ummerki eru að sjá um minjar á yfirborði. Hóllinn sem um ræðir er lágur en samt greinilegur og gæti vel verið að þar undir leynist leifar af Fornufjósum. Hóllinn er 17 x 12 m á stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar, 1; Ö-Skaftholt, 1; Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 1

ÁR-291:020 *Grafarmýri* náma mógrafir A 440864 N 395261
Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Móskurður hefur verið, meinast eyddur". Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er talið upp örnefnið Grafarmýri í landi Skaftholts. "Grafarmýri; mýrin milli fjallsins [Skaftholtsfjalls] og Löngudældarholts" segir í örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur. Í örnefnalýsingu Skaftholts segir: "Norður frá honum [Strýtuhól] er Harðibakki (út við Kálfá), fram af honum er Löngudælarholt, vestan við það eru Krókar, en austan við holtið er Grafarmýri." Grafarmýri er norðvestan við Skaftholtsfjall, 1,2 km norðvestan við bæ 001 og tæpum 350 m norðvestan við vörðu 035 sem situr á odda fjallsins. Grafarmýrin sjálf er í stórri lág suðaustan við þjóðveginn og sumarbústaðabyggðina við ána Þar er á að líta uppþornaða, þýfða mýri. Hún er notuð sem beitarland hesta.



Mynd 61. Grafarmýri ÁR-291:020, horft til ANA.

Á svæðinu sést móta fyrir nokkrum mógröfum en þær sjást aðallega sem óþýfð svæði í miðju þýfinu. Þær eru óreglulegar, grónar og þurrar. Mest eru þær um 0,5 metrar á dýpt en flestar þó ekki svo djúpar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM II, 211; Örnefnaskrá BJ, 1; Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 1; Ö-Skaftholt, 1

ÁR-291:021 *Ærhúsdalur* tóft beitarhús A 440560 N 394562
Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er talið upp örnefnið Fjárhúsdalur í landi Skaftholts. Í örnefnalýsingu Skaftholts segir: "Upp frá túninu [Ærhústúni] er Ærhúsbrekka, upp frá brekkunni er Ærhúsdalur. Fyrir ofan og austan dalinn er Ærhúsgil." Samkvæmt örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur var fjárhús neðan við Fjárhúsdal þó hún þekkti dalinn ekki undir því nafni. Í skrá hennar segir: "Ærhúsdalur; valllendisdæld upp af Ærhúsunum, norður af Ærhúsbrekkum." Gengið var upp á Skaftholtsfjall um Bæjarskarð ofan við hús í Skaftholti og niður Ærhúsdal hinu megin til þess að fara í fjárhúsin skv. Örnefnaskrá

Ingunnar. Tóftirnar eru enn greinilegar, stórar fjárhústóftir norðvestan undir Skaftholtsfjalli skammt suðvestan við tóft 028 og um 20 m norðaustan við sumarbústaði sem standa fast vestan við Skaftholtsfjall. Rústirnar virðst nýlegar og ekki víst að langt sé síðan húsin voru rifin.
Tóftirnar standa á hól við rætur vesturhlíðar Skaftholtsfjalls. Bratt er fram af hólnum til suðvesturs og norðvesturs.





Mynd 62. Beitarhús ÁR-291:021, horft til VNV.

Samtals eru húsin um 27 x 20 m að stærð frá norðvestri til suðausturs. Fjárhúsið sjálft er norðar en hlaðan sunnan við. Fjárhúsið er um 17x17 m að stærð og hlaðan um 10x20 m frá suðvestri til norðausturs. Hún er ekki niðurgrafin. Fjárhúsveggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og ná allt að 1 m hæð en hlöðuveggirnir á hinn bóginn steinsteyptir og mun lægri. Þrír garðar eru í húsinu, allir með steinsteyptri plötu. Fjárhúsið hefur opnast í norðvestur og er þar býsna bratt fram af hólnum. Væntanlega hefur verið timburþil fyrir þeirri hlið en svo virðist sem mestallt byggingarefni hafi verið fjarlægt þegar húsið var rifið, enda sjást litlar sem engar timburleifar í tóftinni. Eldri byggingaleifar sjást ekki á þessum stað en sennilega hafa þessi fjárhús verið reist á gömlu hússtæði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar, 1; Ö-Skaftholt, 1; Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 2


ÁR-291:022 *Grettistak* heimild manndómsraun A 441503 N 395021
Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er talið upp örnefnið Grettistak í landi Skaftholts. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905 segir í grein Brynjúlfa Jónssonar: "Enn er eftir að minnast á Grettistak norðan í Skaftholtsfjalli. Það er líklega kennt við Ófeig Gretti, því ekki er þess getið, að Grettir Ásmundsson hafi nokkurn tíma komið á þær slóðir. Það eru 2 steinar misstórir, og er hinn stærri reistur upp við hinn minni. Með lagi og ráðum hafa menn ef til vill getað komið honum svo fyrir. En merkilegast við hann er, að steintegundin í honum er ekki úr Skaftholtsfjalli. Það fjall er úr blágrýti (basalt). En steinninn er úr þursabergi (breccie) sem hvergi er þar nær en í



Mynd 63. Grettistak ÁR-291:022, horft til suðurs.

Núpsfjalli eða ásunum hjá Ásum. ... Leiðin [671:077] milli Steinsholts og Skaftholts liggur fram hjá steininum." Í örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur segir: "Grettistak; móbergsklettur við Laufvöll." "Utan í holtinu fyrir norðan bæinn í Skaftholti er einstakt bjarg, nokkru stærra en maður geti valdið, auðvitað grettistak," segir í Íslenzkum sögustöðum I. Grettistakið er staðsett tæpum 850 m sunnan við bæ 001, undir austurhlíðum Skaftholtsfjalls.
Fjallshlíðin er grasi gróin en þó glitti í rof af og til, einnig í kringum steininn. Mýri er neðar í fjallshlíðinni og mýrarlækur rennur norðan við hann.
Steinninn eða kletturinn er stór og mosagróinn. Hann er 1,5 metrar á hæð og 2 x 1,5 metri að stærð. Steinninn situr á öðrum kletti sem er horfinn niður í jarðveg í fjallshlíðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá BJ, 1; Árbók 1905, 32-33; Örnefnaskrá Ingunnar Halldórsdóttur, 1; KK I, 138

ÁR-291:023 *Skaftholtsrjéttir* hleðsla rétt A 440467 N 393767
"Svo tók hann [Ásgrímur] Snorra við Skaftaholtsrétt og hristi fjötur að honum," segir í Sturlunga sögu. "Sagan segir að Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi hafi staðið á sama stað frá því á 12. öld. [...] Fé af Flóa- og Skeiðamannnaafrétti var réttað í Skaftholtsréttum fram til ársins 1881, en þá voru Reykjaréttir á Skeiðum reistar. [...] Fátt segir af endurbyggingu þeirra fyrr en upp úr miðri 20. öld. Þá voru þær orðnar mjög illa farnar og tæpast nothæfar," segir í Árnesingi XI. Endurbygging réttanna fór fram sumrin 1954 og 1956. Aftur var gert við þær 1962, 1963, eftir jarðskjálfta árið 2000 en þá voru réttirnar "meira og minna hrundar" og áfram á árunum 2005-2009, skv. Árnesingi XI.
Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er talið upp örnefnið Skaftholtsrjéttir í landi Skaftholts. Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Átroðning stórkostlegan líður þessi jörð framar öllum öðrum í sveitinni af afrjettarfé úr öllum Flóa, Eyrarbakka, Skeiðum og þessari



Mynd 64. Teikning Sólveigar G. Beck frá 2007 af Skaftholtsréttum ÁR-291:023 og garðlögum ÁR-291:042 og 046.

sveit, sem rjetta hjer fje sitt þrennum réttum hvert sumar, og uppetur svo þetta fje og hestarnir rjettamanna haga jarðarinnar, so að þar fyrir þarf ábúandi að þiggja haga af öðrum jörðum: en ábúandi fær þó fyrir þennan átroðning öngvan betalíng, hverki fyrir þenna áðurnefnda átroðning nje jarðarspjöll, sem þó verða ei alllítil, að byggja upp svo stóra rjett og marga dilka úr torfi. " Í sóknarlýsingu Hraungerðis- og Laugardælasókna 1841 segir: "Fimmtudaginn í 23ju viku sumars halda Eystrahreppsmenn réttir sínar skammt frá bænum Skaftholti, og eru þær því kallaðar Skaftholtsréttir, en daginn eftir rétta Flóa- og Skeiðamenn í þeim sömu." Í örnefnalýsingu segir: "Sunnar við brekkurnar [Múlabrekkur] er Skaftholtsmúli, vestan við hann eru Skaftholtsréttir". Skaftholtsréttir standa um 1040 m vestan við Skaftholt 001 og um 50 m norðan við Árnesveg. Réttin er með elstu réttum á landinu samkvæmt Ingunni Halldórsdóttur heimildamanni. Réttin hefur verið mikið endurbætt, til dæmis í kringum 1953-´54, en einnig




Mynd 65. Til vinstri er horft til SSV, yfir Skaftholtsréttir ÁR291:023. Myndin til hægri er tekin innan í réttunum.

þurfti að lagfæra réttirnar eftir jarðskjálftana árið 2000. Enn er staðið að endurbótum á réttunum. Ekki er vitað til að lögun réttarinnar hafi verið breytt við endurbætur á 20. öld. Réttin er á mosa- og grasigrónu sléttlendi. Malarplan er fast sunnan við réttina.
Réttin er ferhyrningslaga með rúnuð horn, um 65 m breið en um 85 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru um 1,2 - 1,5 m háir og um 1 m breiðir. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og hraungrýti en réttin er samsett úr bæði gömlum og nýhlöðnum veggjum (5-7 umför). Útveggir í norðausturenda réttar eru þó mjög signir. Réttin er samsett úr 9 stórum dilkum umhverfis stóran almenning sem er um 16 m á breidd og 40 m á lengd. Dilkunum er svo skipt niður í 2-3 minni dilka með trjágrindum og er hver dilkur merktur ákveðnum bæ í sveitinni. Opin inn í dilkana úr almenningi í miðjunni eru steinsteypt með viðarhliði en einnig eru 10 op inn í dilkana á útveggjum réttar (1-2 fyrir hvert stórt hólf) en þeim er lokað með viðargrindum eða málmhliðum. Innrekstrarhólf er á norðausturenda réttar og er það 5-13 m breitt og um 23 m langt með 13 m breiðan inngang.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefnaskrá BJ, 1 og JÁM II, 211-212; SSÁ, 104; Ö-Skaftholt, 2; Sturl II, 824; Árnesingur XI, 65-84

ÁR-291:024 tóft fjárhús A 441506 N 394498
Fjárhústóft er um 360 m NNA við bæ 001 og rúmum 190 m norðaustan við túngarð 039. Hún er í brekkurótum Skaftholtsfjalls, fast vestan við malarveg (sjá 671:077) sem liggur þvert (norður-suður) í gegnum land Skaftholts að Stóra-Núpsvegi 328. Fjárhúsið var í notkun fram





Mynd 66. Tóft ÁR-291:024, horft til suðausturs. Til hægri er teikning af tóftinni.

á seinni hluta 20. aldar en þakið hrundi fyrir nokkrum árum og það hefur ekki verið notað síðan. Grasivaxið, ræktað tún er fyrir vestan tóftina og skjólbelti liggur til norðurs frá henni.
Tóftin er 15x6 m að stærð, snýr NNA-SSV og er einföld. Í veggjum glittir víða í grjót og steinsteypu á milli umfara. Tóftin er á lágum hól og er niðurgrafin. Veggirnir sjást mun betur að innan en utan af þeim sökum. Þeir eru 0,2 - 2,2 m á hæð og algrónir að utan. Að innan má greina 4-9 umför af gjóti auk steypu eins og fyrr sagði. Bárujárn er inni í tóftinni sem og ofan á veggjum, það er komið úr veggjum. Tóftin er opin til norðvesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-291:025 heimild leið A 438807 N 393714
Í sóknarlýsingu Hraungerðis- og Laugardælasókna 1841 segir: "Frá Eyrarbakka liggur enn alfaravegur upp eftir Flóanum fyrir vestan Gegnirshóla, kallaður Gegnirshólavegur. Sá vegur liggur upp eftir Ásunum og svo upp Skeiðin og þaðan upp Eystrahrepp hjá Skaftholtsréttum og upp með Þjórsá fyrir austan Stóranúp og fylgir síðan ánni upp í afrétt."
Svæðið í kringum Skaftholtsréttir og Árnes og suður að Þjórsá er grasi- og mósagróin hæðótt hraun og malarsléttur.
Ekki sést lengur til gatnanna vegna rasks en hugsanlegt er að leiðin hafi legið þar sem þjóðvegur er í dag. Ógreinileg ummerki um aðrar götur á Hofsheiði og í kring um Skaftholtsréttir fundust en ekki var hægt að skera úr um hvort um raunverulegar leiðir eða rollu- og hrossastíga var að ræða. Hér er líklega um leiðir 671:052 að ræða en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SSÁ, 30

ÁR-291:026 garðlag landamerki A 439139 N 393122
Í Friðlýsingaskrá frá 1990 er skráð: "Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti [fjallinu], fyrir norðan Alviðru." Þetta garðlag er um 1,1 km suðvestan við Skaftholt 001 og um 540 m suðaustan við Skaftholtsrétt 023. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Garðlagið afmarkar stórt svæði og var eflaust landamerkjagarður að hluta en nánara hlutverk er ekki þekkt. Garðlagið er ekki fornt en ekki er útilokað að eldri garður sé þarna undir.
Garðlagið er í grasi- og mosagrónu hrauni og malarsléttum.
Frá suðurbakka Kálfár, um 100 m vestan við félagsheimili Árness og fast SA við Nónstein, liggur garðlagið í SA um 250 m að Árnesvegi (vegnúmer 32). Frá Árnesvegi í SA um 680 m er

garðlag horfið vegna bygginga og vegagerðar en þá kemur garðlagið aftur í ljós og heldur áfram um 30 m í SA. Þá beygir garður í austur og heldur áfram um 1600 m. Á um 20 m kafla þar sem garður beygir í austur og um 685 m A er garðurinn grjóthlaðinn. Á um 60 m kafla um 1100 m A við sama horn er garður rofinn vegna vegar heim að Þjórsárholti (bænum). Um 410 m A við




Mynd 67. Friðlýst garðlag ÁR-291:026. Á vinstri myndinni sést hvar ljósleiðari/rafstrengur fer í gegnum það. Á hægri myndinni er vírgirðing og jarðstrengur er þarna nærri.

veg heim að Þjórsárholti beygir garður í ANA meðfram Knarrarholti og liggur ANA í um 145 m þangað til komið er að T mótum þar sem garður beygir bæði aftur í NNV í átt að Skaftholtsfjalli og í SSA í átt að Þjórsárholti (fjallinu). Um 60 m NNV við þessi T mót er 6 m skarð rofið í garð vegna vegagerðar upp að sumarbústað sem stendur utan í Þjórsárholti. Þaðan liggur garður í norður um 140 m að Hraunhólum þar sem hann hverfur undir veg. Þetta garðlag hefur mjög líklega tengst garðlögum sem skráð eru undir númeri 046 og eru norðan og austan við Skaftholtsrétt áður en vegagerð rauf garðinn á um 290 m bili vegna sumarbústaðabyggðar á svæðinu því hægt er að tengja þau saman með einni beinni línu N-S. Trúlega hefur þetta verið einn stór garður sem umkringdi um 1900x1300 fermetra svæði umhverfis Skaftholtsrétt frá Kálfá að Skaftholtsfjalli og Þjórsárholti. Ekki er ljóst hvort garðlagið hefur átt að vera landamerkjagarður eða varnargarður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Skrá um friðlýstar fornleifar, 65; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 188



Mynd 68. Tóftir ÁR-291:028

ÁR-291:027 heimild akur

Í skrá yfir friðlýstar fornleifar frá 1990 er skráð "Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar." Í skýrslunni Friðlýstar fornleifar á Suðurlandi segir: "Ekki er vitað hvar þessi minjastaður var staðsettur enda ábúendaskipti verið tíð þarna á seinnihluta 20. aldar. Rætt var við þrjá heimildamenn en enginn kannaðist við örnefnin né minjar sem passa við lýsinguna. Nánari heimildir þarf til þess að finna staðinn.

Heimildir: Skrá um friðlýstar fornleifar, 65; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 190

ÁR-291:028 tóft óþekkt yfirlit

Tvær tóftir eru um 100 m austnorðaustan við sumarbústaði norðvestan undir Skaftholtsfjalli og um 50 m norður af beitarhúsatóft 021.

Tóftirnar eru neðst í brekku sem hallar til norðvesturs, í hvammi milli hlíða Skaftholtsfjalls og hás melhóls.

ÁR-291:028-01 tóft óþekkt A 440545 N 394607
Þessi tóft er ofar (norðaustar) í brekkunni. Hún er 8x7 m stór og dálítið niðurgrafin. Tóftin snýr suðvestur-norðaustur með op vestarlega á norðvesturhlið. Hæð veggja hennar er allt að 1 m á hæð að innan. Tóftin er einföld og veggir algrónir svo að hvergi sér í grjót.



Mynd 69. Til vinstri er tóft ÁR-291:028-01, horft til norðvesturs. Til hægri er tóft ÁR-291:028-01, horft til suðausturs.

ÁR-291:028-02 tóft óþekkt A 440532 N 394613
Um 7-8 m suðvestar (neðar) er meira niðurgrafin minni tóft. Hún snýr eins og er um 5x7 m að stærð og 1 m á dýpt. Ástand hennar er svipað og fyrrnefndu tóftarinnar og sennilegt að þær hafi verið í notkun á sama tíma. Dyr hafa verið á norðvesturhlið. Hugsanlega standa tóftirnar í tengslum við beitarhús 021.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-291:029 náma mógrafir A 440545 N 394613
Um 400-500 m norðnorðaustur af Skaftholtsréttum 023, vestur undir Skaftholtsfjalli hafa sennilega verið mógrafir.
Mýrlendur hvammur við rætur Skaftholtsfjalls. Neðan við hann eru þurrar flatir. Talsverð trjárækt er á svæðinu.
Óljós dæld, sennilega merki um mótekju, er á þessum stað. Alls er dældin um 20x60 m að stærð snýr norður-suður. Norðurbakkinn er nokkuð reglulegur og beinn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 70. Mógrafir ÁR-291:029, horft til suðausturs.

ÁR-291:030 þúst óþekkt A 437892 N 392950
Þúst er á Hofsheiði um 3,7 km VSV við Skaftholt 001 og um 40 m suðvestan við háspennumastur.
Þústin er á 2-3 m háum hraungrýtishól sem er grasi- og mosagróinn.
Þústin er einföld, grasi- og mosagróin og snýr austur-vestur. Hún er um 2x4 m að innanmáli en 4-6x6 m að utanmáli. Brúnir hennar eru úr grjóti, um 1-2 m þykkar og 0,4-0,6 m háar. Ekki er ljóst hvort torf hefur verið notað sem byggingarefni líka þar sem brúnir þústarinnar eru mjög útflattar og vel grónar. Enginn útgangur er greinanlegur en suðurveggur þústar er há hrúga af náttúrulegu hraungrýti. Ekki er ljóst hvort þústin er náttúruleg eða manngerð en hugsanlegt er að þarna hafi verið lítið skýli fyrir búfénað.



Mynd 71. Þúst ÁR-291:030, horft til suðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


ÁR-291:031 tóft beitarhús A 437811 N 393353
Tóft af fjárhúsi og hlöðu er í Bleiksbrekkum rúmum 3,6 km vestan við Skafholt 001 og 400-500 m sunnan við Kálfá. Ingunn Halldórsdóttir, heimildarmaður, kannaðist ekki við þessa tóft en taldi hana ekki geta verið mjög gamla.
Tóftin er SSA-lega á 4-5 m háu grasi- og mosagrónu holti sem snýr NNV-SSA.
Tóftin tvískipt, um 14 m á lengd og 5-7 m á breidd. Tóftin snýr NNV-SSA og er inngangur inn í hana á SSA-hlið. Veggir tóftar eru hlaðnir úr torfi og hraungrýti. Hlaða er í NNV-enda tóftar



Mynd 72. Tóft ÁR-291:031, horft til NNV.

og nær gólf hennar að minnsta kosti 0,5 m dýpra niður en gólf fjárhússins. Veggir hlöðu eru mikið hrundir en lítið hefur hrunið úr fjárhúsveggjunum. 3-8 umför af hleðslu eru sjáanleg í miðju veggja en efri og neðri hlutar þeirra eru mjög grasigrónir. Innanmál fjárhúss er 2x8 m og snýr hólfið NNV-SSV. Innanmál hlöðu er 2x3 m og snýr hólfið VSV-ANA. Veggir tóftar eru 0,4-1,6 m háir og um 2 m breiðir. Engar undirstöður fyrir garða eru sjáanlegar i fjárhúsi. Um 0,5 m breiður inngangur hefur verið á suðurvegg fjárhústóftar. Þak og viðarþil hafa trúlega fokið út í veður og vind þar sem ekkert brak er sjáanlegt í tóft. Tóftarleifarnar virðast fremur unglegar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-291:032 tóft beitarhús A 440204 N 393557
Nýlegt tóft af fjárhúsi og hlöðu er um 1350 m VSV við Skaftholt 001, 50-60 m austan við veg að Þjórsárholti og um 320 m VSV við Skaftholtsrétt.





Mynd 73. Beitarhús ÁR-291:032, horft til suðausturs.

Tóftin er á 1-3 m háum hól í mosagrónu hrauni.
Tóftin er þrískipt, um 18 m á lengd og 10-11 m á breidd. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er hlaðin úr hraungrjóti og torfi (6-8 umför í fjárhúsi, 6-12 í hlöðu). Þak tóftar var trúlega úr bárujárni og var inngangur í fjárhúsið á norðvesturhlið. Hlaðan er í suðausturenda tóftar og er hún grafin að minnsta kosti 0,5 m dýpra niður en fjárhúsið sjálft. Viðarþil hefur trúlega verið á milli hlöðu og fjárhúss. Veggir tóftar eru mosagrónir, standa 0,5-2 m hátt og eru um 2 m breiðir. Í botni hlöðutóftar er mikið grjót og drasl. Innanmál hlöðu er um 5x4 m og hólfið snýr NA-SV en innanmál fjárhúss er um 4x10 m og hólfið snýr NV-SA. Mikið grjóthrun úr veggjum er einnig í fjárhúshólfi en þó sést um 0,4 m há og 0,5 m breið grjóthlaðin undirstaða garða mjög greinilega og hefur hún legið eftir hólfinu endilöngu. Lítið hólf, 0,8 m breitt og 2 m langt sem snéri NA-SV, hefur verið inn í norðurvegg tóftar en það er nú hrunið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 74. Varða ÁR-291:033, horft til VSV.

ÁR-291:033 varða óþekkt
A 438991 N 393406
Varða er um 1,5 m vestan við Skaftholtsrétt 023 og um 2,5 km vestan við Skaftholt 001.
Varðan er í mosagrónu hrauni á 2 m háum hól.
Varðan er hlaðin úr hraungrjóti (4 umför) og er

um 0,5 m há. Grunnflötur hennar er tígullaga og um 0,5x0,5 m að flatarmáli. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi varða hefur gengt en hún virðist frekar nýleg. Lítill mosagróður er á steinum og bygging hennar er traust.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-291:034 varða óþekkt A 437970 N 392779

Varða er um 3,7 km vestan við Skaftholt 001 og um 1,2 km SV við vörðu 033.
Varðan stendur á 2-4 m hárri mosagróinni hraungrjótshæð.
Varðan er hlaðin úr hraungrjóti (4-6 umför) og er um 0,5 m há. Grunnflötur hennar er þríhyrningslaga og um 0,5x0,4 m að flatarmáli. Neðstu 2 umför hennar eru örlítið mosagróin. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi varða hefur gengt en hún virðist frekar nýleg. Lítill mosagróður er á steinum og bygging hennar er traust.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 75. Varða ÁR-291;:034, horft til norðurs.

ÁR-291:035 varða samgöngubót A 441019 N 394953

Varða er nyrst á Skaftholtsfjalli rúma 830 metra norðvestan við bæ 001. Varðan stendur á odda fjallsins á norðvestari hnjúknum.
Fjallið er flatt að ofan og þar er mikil mosaþemba.
Varðan er 1,5 x 1,5 metrar að stærð og 0,6 m á hæð. Vörðunni hefur verið hrúgað upp frekar en að hún hafi verið hlaðin. Neðsta hleðslan í henni er mjög gróin og sokkin í mosann. Umför eru u.þ.b. 3-4 en þó er erfitt að segja nákvæmlega hve mörg þar sem vörðunni var meira hrúgað upp. Varðan er hátt uppi á fjallinu og hefur líklega sést ágætlega þegar hún var hærri.
Hættumat: engin hætta



Mynd 76. Varða ÁR-291:035, horft til norðurs.

ÁR-291:036 heimild landamerki A 440737 N 393156

Landamerkjabréf Nr. 109 , þinglýst 19. júní 1886: „ […] 2. Milli Skaptaholts og Þjórsárholts: bein stefna úr Svartakletti í vörðu á Knararholti og þaðan bein stefna í "Sauðaklett." Ekki sér til neinna minja á Knarrarholti 011 né er vitað hvar á holtinu varðan var staðsett. Sé tekið mið af núverandi landamerkjum var hún líklega á því miðju, þar er fuglaþúfa. Hnit var tekið á þeim slóðum. Varðan var tæpum 1,2 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 670 m suðaustan við fjárhús 032.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Landamerki 1886

ÁR-291:037 heimild landamerki A 441808 N 394105
Landamerkjabréf, þinglýst 19. júní 1886: "1. Milli Skaptaholts og Stórahofs: bein stefna úr "Nónsteini" við Kalfá í "Efri-snjódís" og þaðan sama stefna í "Svartaklett."
2. Milli Skaptaholts og Þjórsárholts: bein stefna úr Svartakletti í vörðu [036] á Knararholti og þaðan bein stefna í "Sauðaklett".
3. Milli Skaptaholts og Núpanna (Stóranúps og Minnanúps): bein stefna úr Sauðakletti í vörðu á "Markhól" rétt fyrir sunnan skógargöturnar [671:052] í Núpsheiði og þaðan bein stefna yfir "Svarthól" í Steinkerið á heiðinni. Varðan var um 480 m ANA við bæ 001 og um 310 m ASA við rétt 004.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Landamerki 1886

ÁR-291:038 tóft óþekkt A 441221 N 394258
Lítil tóft er í hlíðum Skaftholtsfjalls, rúmum 140 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 80 m norðan við túngarð 039. Tóftin er ofarlega í brekkunni, rétt neðan við klettabelti sem þarna er í brúninni. Tóftin er á milli Stöðulskarðs 015 að sunnan og Bæjarskarðs að norðan, beint upp af Fornufjósum 019.
Brekkan er brött og hallar til ASA að bænum. Tóftin er á flötum stalli ofarlega í brekkunni, laust grjót er víða þarna sem hefur hrunið úr klettunum.



Mynd 77. Tóft ÁR-291:038, horft til suðausturs.

Tóftin er 4,5 x 3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö hólf og er umfang tóftarinnar ekki mikið. Hólf 1 er sunnar. Það er 3x3 m að innanmáli og op til suðausturs, yfir í hólf 2. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það má greina 1 umfar í þeim. Hólf 2 er norðar og er 3,5x2 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og einungis op úr hólfi 1 sést þar. Það er hvergi að sjá op inn í tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-291:039 garðlag túngarður A 441492 N 394305
Á túnakorti frá 1919 sést túngarður afmarka heimatúnið til allra átta nema vesturs, þar réði Skaftholtsfjall. Hlutar túngarðsins eru enn varðveittir, norðaustan og suðaustan við heimatúnið, í túni. Einnig sést hann á tveimur stöðum vestan við túnið þar sem hann liggur niður hlíðar Skaftholtsfjalls.
Svæðið er þýft og grasi gróið. Til austurs eru grasivaxin tún sem nýtt eru til beitar og sláttar. Vestan við túnið má ljóslega greina grasigrónar skriður í hlíðinni.
Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er 320x270 m að stærð og snéri norðaustur-suðvestur.




Mynd 78. Til vinstri er túngarður ÁR-291:039-01, horft til suðausturs. Á hægri myndinni er hluti 04, horft til austurs.

Honum er skipt í fimm hluta í þessari lýsingu. Að austan liggur túngarður 01 frá skógarrjóðri við gróðurhúsin, utan við túnin og þar hverfur hann eftir 70 m. Hann liggur norðaustur-suðvestur, er bæði grjót- og torfhlaðinn og gæti því verið nýrri hluti af túngarðinum. Það sést í stöku steina í honum utanverðum. Hann er 1,5 m á hæð utan túns en mun lægri innan hans eða bara 0,5 metrar. Þessi hluti túngarðarins er um 1,5 á breidd. Túngarður 02 kemur aftur fram við rétt 004 og heldur frá henni áfram til norðurs og norðvesturs upp holtið. Sá hluti er L-laga og 110 m að lengd. Þar er hann skorinn í sundur af skurði og hverfur svo aftur við veginn sem er norðar. Hann er torfhlaðinn og sést ekkert grjót í honum. Hann liggur í beitarhólfi og sést því mjög vel. Hann liggur suður-norður en beygir til norðvestur. Garðlagið er 0,5-0,8 m hátt og 2 metra breitt. Hluti 03 er svo aftur sjáanlegur norðvestar, á milli tveggja akvega. Hann er 40 m að lengd og líkist hluta 01 að gerð. Túngarður 04 er hluti af norðvesturhorni túnsins. Hann liggur til austurs frá klettum ofarlega í Skaftholtafjalli og sveigir síðan til norðausturs. Hann er grjóthlaðinn, 0,2-0,3 m á hæð, 34 m á lengd og 1 m á breidd. Það má greina 1-2 umför honum áður en hann hverfur við skjólbelti sem afmakar gróið tún. Fyrir suðvestan túnið sést hluti af suðurvegg túngarðsins uppi við kletta, ofarlega á Skaftholtsfjalli. Hann fær númerið 05 í lýsingu þessari. Túngarðurinn er rúmlega 80 m að lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Mosavaxið gras þekur ágætan hluta svæðisins, en sums staðar stendur grjótið upp úr mosanum. Þegar sunnar dregur er túngarðurinn kominn innan bakgarðs við starfsmannahús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 79. Garðlag ÁR-291:040, horft til suðurs.

ÁR-291:040 garðlag vörslugarður
A 441203 N 394074

Garðlag er rúmum 180 m vestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við Stöðulskarð 015. Ástand þess bendir til þess að það sé ekki mjög fornt en haft með vegna forns verklags.

Garðlagið liggur í gegnum grasivaxið og smáölduótt landslag upp við rætur Skaftholtsfjalls.

Það er sjáanlegt á um 40 m löngum kafla og liggur það nálega norðaustur-suðvestur. Það er torfhlaðið og er mesta veggjahæð 0,6 m og mesta veggjabreidd 0,5 m. Vírgirðing er reist þvert yfir það að austanverðu; þar

liggur það að hluta til gegnum bakgarð starfsmannahús sambýlisins í Skaftholti og hverfur undir svörð. Renna er norðanmegin við garðinn og er byggingarefni hans fengið þaðan. Ekki er vitað hvert hlutverk garðlagsins var en líklega er það vörslugarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-291:041 hleðsla óþekkt A 441397 N 394014
Hleðsla er rúmum 40 metrum norðvestan við Hádegishól 010 og tæpum 180 metrum sunnan við bæ 001. Hún liggur í átt að trjáreitnum þar sem gróðurhúsin eru.
Þarna er óræktað svæði á milli tveggja túna. Hleðslan er úr hraungrýti og er fremur stór á köflum og illa hlaðin, stundum eins og henni hafi verið hrúgað saman. Hún er þó aflöng, 8 x1,5 metrar að stærð og 0,4 metra há. Vegna þess hve illa hlaðin hún er gæti hleðslan þó vel verið uppsafnaðir steinar út túni sem lagðir hafi verið í röð fremur en haug.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 80. ÁR-291:041, horft til suðausturs.

ÁR-291:042 garðlag vörslugarður yfirlit
Garðlag og ferhyrnislaga vörslugarður eru rúmlega 650 suðvestan við bæ 001 og rúmum 400 m austan við Skaftholtsrétt 023. Minjasvæðið er um 310x120 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Staðurinn var skráður árið 2006 í tengslum við deiliskráningu í Réttarholti, þar var honum lýst með Skaftholtsréttum. Hann var aftur athugaður á vettvangi árið 2017. Til aðgreiningar hefur hverju mannvirki verið gefið sér eininganúmer í þessari fornleifaskrá.
Minjasvæðið er við rætur Skaftholtsfjalls. Svæðið norðanmegin er grýtt og mosagróið. Þegar sunnar dregur verður landið frjósamara.

ÁR-291:042-01 garðlag vörslugarður A 440901 N 393804
Garðlagið liggur meðfram austur- og norðurhluta minjasvæðisins. Í skráningu árið 2016 segir: "[G]arðbrotið sem liggur í austur liggur meðfram Skaftholtsfjalli í NA langleiðina heim að Skaftholti 001." Garðlagið er 340 m langt og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Á vesturhluta garðsins fer hann yfir lækjarsytru og sveigir garðurinn þá til vesturs og liggur í kjölfarið í austur-vestur á um 130 m löngum kafla og endar við vörslugarð 042-02. Garðlagið er torfhlaðið. Mesta hæð veggja er 0,4 m og er veggjabreidd mest 0,3 m. Renna er sunnan austurhluta garðsins og er byggingarefni hans að einhverju leyti tekið þaðan. Lítilsháttar rof er sjáanlegt á garðinum, sér í lagi á vesturhluta hans, en að öðru leyti er hann fremur heillegur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann hefur þjónað en líklega er um vörslugarð að ræða.


Mynd 81. Garðlag ÁR-291:042-01, horft til vesturs.

ÁR-291:042-02 garðlag vörslugarður A 440785 N 393767



Mynd 82. Garðlag ÁR-291:042-02, horft til SSV

Í norðvesturhorni garðlags 042-01 er sambyggður ferhyrnislaga vörslugarður. Í skráningu frá 2006 segir: "[Þ]að [er] um 85 m á lengd, um 40 m á breidd og liggur A-V." Vörslugarðurinn er 100x40 m að stærð og snýr svo að segja norður-suður. Garðurinn er torfhlaðin og er mesta veggjahæð til austurs, þar er hún 0,4 m. Veggirnir eru 0,2-0,4 m breiðir. Vesturhliðin er verst varðveitt og er rof áberandi á einstaka stöðum. Garðurinn liggur undir talsverðum skemmdum vegna margvíslegra ástæðna. Tvær nýlegar lagnir liggja í og við hann. Önnur liggur gegnum hann endilangan og hefur það sennilega rofið vesturvegginn. Hin liggur í beinni línu sunnan við austurvegg vörslugarðsins en hverfur undir svörð við litla bungu, um 5 m norðan við lítinn vatnspoll. Þessu til viðbótar liggur nýtilkomin vírgirðing í austur-vestur, sunnarlega innan vörslugarðsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2007), 12-13

ÁR-291:043 garðlag vörslugarður A 440867 N 393891

Garðlag er rúmum 560 m suðvestan við bæ 001 og um 100 norðan við garðlag 042-01. Garðurinn liggur efst á Skaftholtsfjalli. Til vesturs er landið stórgrýtt og mosagróið, þegar því sleppir tekur við frjósamt og þýft graslendi. Fyrir miðju svæðisins er grasigróinn gilskorningur og rennur lækjarsytra þar niður.



Mynd 83. Garðlag ÁR-291:043, horft til vesturs.

Garðlag sést á rúmum 60 m löngum kafla og liggur svo að segja austur-vestur. Garðurinn er torfhlaðinn og eru hleðslur signar. Mesta veggjahæð er 0,4 m á vesturhluta garðsins og er hann 0,8 m breiður. Veggjahleðslur eru lágar og ekki er óhugsandi að vír hafi verið strengdur yfir garðinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt en staðsetning hans gæti bent til vörslugarðs og hugsanlega er hann hlaðinn í sambandi við önnur garðlög á svæðinu (i.e. 042-01, 044).

Hættumat: engin hætta

ÁR-291:044 garðlag vörslugarður A 440892 N 393869

Óljóst vottar fyrir garðlagi um 550 vestan við bæ 001 og rúmum 30 m suðaustan við vörslugarð 043.

Garðlagið liggur á grösugum gilskorningi og rennur lítill lækur þar niður. Landið er þurrt til deiglent og er mosaþemba áberandi til norðurs, er sunnar dregur verður ýmiss mólendisgróður

meira áberandi og sjá má runna á stangli.
Með ágætum vilja má greina garðlag sem sést á 20 m löngum kafla. Garðlagið liggur nálega NNA-SSV, en sveigir í vesturátt á suðurhluta þess og endar þar. Garðurinn er torfhlaðinn og er 0,3 m á hæð og 0,3-0,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann þjónaði. Hugsanlega er um vörslugarð að ræða og líklega hefur hann verið hlaðinn í sambandi við önnur garðlög á svæðinu (i.e. 042-01, 043).
Hættumat: engin hætta



Mynd 84. Garðlag ÁR-291:044, horft til suðurs.

ÁR-291:045 gata leið A 440694 N 393907
Leið er teiknuð inn á Herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur nálega norður-suður og tengir saman leiðir 671:075, 671:076 og 671:052. Leiðin er um 700 m vestan við bæ 001 og rúmum 240 m norðvestan við Skaftholtsrétt 023.
Leiðin liggur meðfram brekkurótum Skaftholtsfjalls að vestan. Til austurs er hávaxinn trjágróður með gróðurmiklum botngróðri og til vesturs er smáölduótt og grösugt svæði.
Greinilegar götur eru varðveittar á um 720 m löngu svæði og liggja þær hartnær norður-suður. Á vettvangi var suðurhluti gatnanna aðeins rakinn á um á 120 m löngum kafla. Á loftmynd sést að miðhluti gatnanna liggur í gegnum skógræktarsvæði og sumarbústaðabyggð sem ljóslega hefur raskað minjastaðnum. Á sömu loftmynd er framhald að götunum greinanlegt norðan við skógræktarsvæðið og liggja þær á um 600 m löngum kafla að Kálfá. Göturnar eru 2-3 m að breidd. Ljóslega má greina 4 grasigróna paldra sem eru um 0,3 m djúpir, er botn þeirra gróinn. Göturnar verða ógreinilegar þegar þær fara í gegnum minjar 046-02 og hverfa þær alveg af yfirborði upp við nýlegan vegslóða sem þar liggur í norðvestur-suðaustur í átt til sumarbústaðabyggðar.



Mynd 85. Leið ÁR-291:045, horft til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-291:046 garðlag vörslugarður yfirlit
Vörslugarðar eru innan minjasvæðis sem er um 790 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 180 m norðaustan við Skaftholtsrétt 023. Svæðið er 450 x 250 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjastaðurinn var skráður árið 2006, í tengslum við deiliskráningu í Réttarholti. Aftur var farið á vettvang sumarið 2017. Árið 2006 var minjum 042 og 046 lýst saman. Þar segir: „Norðan til norðaustan við réttina eru svo torfhlaðin grasi- og mosagróin garðlög sem mynda stór ferhyrnd hólf sem hugsanlega hafa hýst kvikfénað áður en rekið var inn í réttirnar.



Mynd 86. Garðlög ÁR-291:046, horft til SSV.

Hólfin hafa verið að minnsta kosti fjögur. Tvö þeirra eru hlið við hlið fast upp við NA enda réttarinnar. Vestara hólfið er um 60 m langt og 35 m breitt og snýr NA-SV á meðan hið eystra er 60 m á breidd og 80 m á lengd og snýr NV-SA. Stærsta hólfið er fast NA við hin tvö minni, um 160 m langt, 95 m á breidd og snýr NV-SA. Fjórða hólfið er um 65 m SA við stærsta hólfið og er það um 85 m á lengd, um 40 m á breidd og liggur A-V. Út frá NA og SV hornum hólfsins eru svo garðbrot sem liggja í austur og suður en mynda ekki hólf. Hugsanlegt er að garðbrotið sem liggur í suður út frá SV horninu hafi tengst garðlagi 026 og garðbrotið sem liggur í austur liggur meðfram Skaftholtsfjalli í NA langleiðina heim að Skaftholti 001. Einnig er 157 m langt garðbrot um 220 m NNV við réttina sem liggur NV-SA sem hugsanlega hefur einnig verið hluti af hólfi en það hólf sést ekki í dag. Garðlögin eru 0,5-0,8 m á hæð, 0,5-1,5 á breidd og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en þau eru mjög rofin vegna beitar og vegagerðar. Garðarnir standa í grasi- og mosavöxnu sléttlendi.“ Til aðgreiningar er hverju þeirra gefið sérstök eining í þessari fornleifaskrá.

Minjarnar eru við rætur Skaftholtsfjalls. Fjallshlíðin er vaxin trjágróðri, en við fjallsrætur tekur við hæðhótt svæði. Á þeim slóðum er land nær algróið, en sums staðar eru lítil rofabörð greinanleg.

ÁR-291:046-01 garðlag vörslugarður A 440408 N 394049

Garðlag liggur í norðvesturhluta minjasvæðisins. Í skráningu frá 2006 segir: "Einnig er 157 m langt garðbrot um 220 m NNV við réttina [Skaftholtsrétt, 023] sem liggur NV-SA sem hugsanlega hefur einnig verið hluti af hólfi en það hólf sést ekki í dag." Sama garðlag sést á um 150 m löngum kafla og liggur í nánast beinni línu í norðvestur-suðaustur. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,4 m á hæð og 0,5 m á breidd. Hér er líklega um vörslugarð að ræða.

ÁR-291:046-02 garðlag vörslugarður A 440625 N 393860

Vörslugarður er á norðausturhluta minjasvæðisins. Í skráningu frá 2006 segir að hann sé "[...] um 160 m langt, 95 m á breidd og snýr NV-SA." Vörslugarðurinn er 150x90 m að stærð. Garðurinn myndar nánast ferhyrnislaga hólf sem snýr NNA-SSV. Hann er torf- og grjóthlaðinn og telja má með góðu móti 2 umför af meðalstóru grjóti í hleðslum. Hann liggur undir skemmdum vegna trjáræktar til norðausturs, fast upp við rætur Skaftholtsfjalls. Til viðbótar ræktuninni hefur vegslóði sem liggur í átt til sumarbústaðabyggða verið lagður þvert í gegnum garðinn að norðaustanverðu og nýlega er búið að reisa vírgirðingu um 1 m vestan við vegslóðan. Rof er austarlega á norðurvegg vörslugarðsins þar sem götur 045 liggja í gegn.

ÁR-291:046-03 garðlag vörslugarður A 440495 N 393823

Þessi vörslugarður var skráður árið 2006. Í þeirri skráningu var því lýst sem U-laga hólfi sem varðveitt var til allra átta nema til suðurs. Í skráningunni segir: "[Hólfið er] 60 m langt og 35 m breitt og snýr NA-SV." Sumarið 2017 var minjastaðurinn aftur skráður á vettvangi, en aðeins var garðlagið, sem er austurhlið þess hólfs sem var skráð 2006, athugað. Garðlagið sést á 50 m löngum kafla og liggur frá suðausturhorni vörslugarðs 046-02 í SSV og endar um 20 m norðan

við Skaftholtsrétt 023. Hleðslur eru signar og sjá má 1-2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Mesta veggjahæð er 0,5 m og veggjabreidd er mest 0,5 m. Við yfirferð loftmynda eftir vettvangsskráningu 2017 sást garðlag sem myndar suðurhlið þess hólfs sem skráð var 2006. Garðlagið er 80 m á lengd og liggur frá syðsta enda austurhliðar til VNV. Hér er því um nánast ferhyrnislagaðan vörslugarð að ræða, sem er 80x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2007), 12-13

ÁR-291:047 varða óþekkt A 440989 N 393393

Varða er um 1,1 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 330 m suðaustan við fjárhús 032. Varðan er ekki fornlega á að líta, en fær að njóta vafans; vegna þess er hún með í þessari fornleifaskrá.
Varðan er á gróinni bungu og fast við hana er mosi áberandi. Ósamfelld og hávaxin tré eru sunnan við vörðuna og norðan við hana liggur nýlegur vegslóði nálega til austurs-vesturs.
Varðan er strýtulaga og 2 m að stærð í þvermáli. Hún er sæmilega hlaðin og telja má 9 umför af hraungrjóti í hleðslum. Hún er vel varðveitt og er 1,8 m á hæð og líkast til nálægt sinni upprunalegu hleðsluhæð. Neðstu steinarnir á henni eru mosagrónir en tveir þeirra efstu eru að hluta til steinlímdir. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi, en hvorki eru heimildir um leiðir í grennd við minjastaðinn né er hún er ekki reist á þekktum landamerkjum.



Mynd 87. Varða ÁR-291:047, horft til norðurs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-291:048 garðlag túngarður A 441442 N 394140

Garðlag liggur í miðju túni, rúmum 100 metrum suðaustan við bæ 001. Hér gæti verið um eldri útfærslu af túngarði 039 að ræða og hann sléttaður í tún. Þetta garðlag er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 þrátt fyrir að hafa verið innan túns.
Þar er nú ræktað tún
Túngarðurinn sést ekki fullkomlega enda búið að slétta hann í túnið. Sést sem lítill hryggur í túninu. Hann er 70 m að lengd, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 88. Túngarður ÁR-291:048, horft til suðausturs.

ÁR-291:049 gata leið A 438159 N 393039

Götur voru skráðar árið 2006, í Hofsheiði. Þær sjást um 2,3 km VSV við Skaftholtsrétt 023 og um 230 m norðaustan við vörðu 030. Því miður hefur ljósmynd af leiðinni glatast. Ekki er vitað

hvert leiðin lá.
Leiðin er í mosavöxnu, hæðóttu hrauni.
Leiðin liggur norðaustur-suðvestur. Hún er 0,4 m breið, 0,2-0,3 m djúp og jörð svo samanþjöppuð í þeim að þar nær ekki vaxa gróður. Því miður er ekki getið um hversu langar göturnar eru en ekki er hægt að greina þær á loftmynd.

ÁR-291:050 garðlag landamerki yfirlit
Þrjú garðlög eru nyrst í landi Skaftholts, við landamerki Ása. Stóri-Núpsvegur 328 liggur rétt norðan við garðlögin en gerð hans virðist hafa valdið raski á minjunum. Garðlögin eru tæpum 1,5 km norðan við bæ 001, malarvegur 671:077 liggur þvert yfir þau að norðan. Vírgirðing er á nyrsta garðinum og hefur það valdið nokkru tjóni á minjunum.
Garðlögin eru í grónum móa. Þetta er gróið hraun, víða eru lágir hólar, hryggir og flatir á milli þeirra.
Garðlögin eru þrjú talsins og liggja norðvestur-suðaustur, á svæði sem er 950 x 470 m að stærð. Í lýsingu þessari er þeim gefin einingar til aðgreiningar.

ÁR-291:050-01 garðlag landamerki A 441780 N 395607
Garðlag 01 er nyrst. Það er 475 m langt og snýr norðvestur-suðaustur. Það liggur til norðvesturs frá landamerkjum Skaftholts og Stóra-Núps og endar við gatnamót Stóra-Núpsvegar 328 og Gnúpverjavegar 325. Garðlagið er rofið á nokkrum stöðum vegna girðinga, veglagningar og vatnsleiðslu. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti, neðst er grjót og svo er eingöngu torf í hleðslum. Það sést glitta í eitt umfar grjóthleðslu, neðst. Garðlagið er 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð.


Mynd 89. Garðlög ÁR-291:050 01-02, horft til suðausturs.

ÁR-291:050-02 garðlag landamerki A 4417879 N 39570
Garðlag 02 er 10 m sunnan við garðlag 01. Það er útflatt og liggur upp á norðurenda holts sem þarna er. Þetta garðlag er mun minna umfangs en 01 en ekki er víst að þau hafi verið í notkun á sama tíma. Það er rúmlega 150 m langt og liggur norðvestur-suðaustur, samhliða garði 01. Það er 1-1,5 m á breidd, algróið og 0,2 m á hæð. Það virðist sveigja til suðurs við leið 051 en það er óljóst. Ekki er ólíklegt að girðing hafi verið á garðinum.


ÁR-291:050-03 garðlag landamerki A 441200 N 395505
Garðlag 03 liggur til VSV frá vesturenda garðlags 02. Það er rúmlega 750 m að lengd og endar til vesturs við Gnúpverjaveg 325. Vírgirðing er þar austan við veginn. Þar endar garðurinn. Hann er eins að gerð og lögun og garður 01 en minna raskaður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-291:051 gata leið A 441741 N 395295
Leið liggur til norðausturs frá vegi 671:077, fer fast austan við garðlög 050 og sameinast Stóra-Núpsvegi 328 nokkuð norðar. Hér er mögulega um aðra útgáfu af leið 671:079 að ræða en

frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
Leiðin liggur í grónum móa. Þetta er gróið hraun, víða eru lágir hólar, hryggir og flatir á milli þeirra.
Leiðin er tæplega 450 m löng og liggur norðaustur-suðvestur. Hún hlykkjast í móanum og endar rétt sunnan við veg 328. Það má greina 1-5 paldra í leiðinni sem er 0,5-1 m á breidd og gróin.

ÁR-291:052 tóft útihús A 441235 N 394136
Tóft er tæpum 120 m suðvestan við bæ 001 og 2 m norðan við túngarð 039-05. Hún er innan heimatúns en ekki sýnd á túnakorti frá 1919. Ástand tóftarinnar bendir til þess að hún sé ekki nema nokkurra áratuga gömul en fær að njóta vafans og talin hér til fornleifa. Stafsmannahús frá Skaftholti Sjálfeignarstofnun er 15 m sunnar. Tóftin er í brekkurótum Skaftholtsfjalls, neðan við Stöðulskarð 015.





Mynd 90. Útihús ÁR-291:052, horft til norðvesturs.

Tóftin er fast vestan við vegslóða að starfsmannahúsinu. Skógrækt, að stórum hluta aspir, er í brekkunni og hún gróin. Hún er brött og vírgirðing er rétt norðan við tóftina.
Tóftin er 4 x 4 m að stærð, einföld og opin til suðausturs. Hún er grafin inn í brekku að norðvestan og skagar fram úr brekkunni. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og það sjást 1-2 umför af grjóthleðslu í þeim. Steinsteypa er á milli þeirra í norðurvegg. Þröskuldur úr timbri sést austan í opinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-291:053 heimild landamerki A 441564 N 395827
Landamerkjabréf, þinglýst 19. júní 1886:
"1. Milli Skaptaholts og Stórahofs: bein stefna úr "Nónsteini" við Kalfá í "Efri-snjódís" og þaðan sama stefna í "Svartaklett."
2. Milli Skaptaholts og Þjórsárholts: bein stefna úr Svartakletti í vörðu [036] á Knararholti og þaðan bein stefna í "Sauðaklett".
3. Milli Skaptaholts og Núpanna (Stóranúps og Minnanúps): bein stefna úr Sauðakletti í vörðu [037] á "Markhól" rétt fyrir sunnan skógargöturnar [671:052] í Núpsheiði og þaðan bein stefna yfir "Svarthól" í Steinkerið á heiðinni.
4. Milli Skaptaholts og Ása: bein stefna úr Steinkerinu í vörðu á eystri bakka Kálfár, móts við Bolholt." segir í Landamerkjabréfi nr. 109. Hér er verið að skrá vörðuna við Kálfá. Ekki er vitað með vissu hvar hana var að finna, frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hana.

ÁR-291:054 garðlag áveita A 440798 N 395202



Mynd 91. Garðlag ÁR-291:054, horft til suðausturs.

L-laga garðlag liggur í Grafarmýri 020 samsíða þjóðvegi 328, 1,2 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 90 metrum suðvestan við mógrafir 020.
Garðlagið liggur í jaðri þýfðrar mýrar, hærra en mógrafirnar í mýrinni.
Garðlagið er um 370 m að lengd, 1 m á breidd og 0,6 metrar á hæð. Það er frekar beint og liggur norðaustur-suðvestur en beygir svo að það vísar nánast vestur-austur. Það er torfhlaðið og sjást engin ummerki um grjót í því, í því miðju er rof. Líklega er þetta áveitugarður.
Hættumat: engin hætta

ÁR-291:055 gerði kálgarður A 440473 N 394403

Kálgarður er tæpum 900 m vestan við bæ 001, vestan við Skaftholtsfjall, í sumarbústaðabyggð. Þar er mikið af lauftrjám og grasblettir á milli sumarbústaða.
Kálgarðurinn er líklega ekki mjög gamall. Hann er 11 x 8 m að stærð og 8 x 7 m að innanmáli. Hann er torfhlaðinn og veggjahæð er um 0,5 m.





Mynd 92. Kálgarður ÁR-291:055, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-291:056 gata leið A 441301 N 393655

Þrjár götur, allar hluti af sömu leið, eru sunnan við Þjórsárdalsveg 32. Þær eru tæpum 530 m sunnan við bæ 001 og 190 m austan við leið 671:024. Leiðarinnar er ekki getið í örnefnalýsingum Skaftholts svo ekki er vitað hvert þær lágu. Líklega lágu þær yfir í land Þjórsárholts eða Stóra-Núps en það er ekki hægt að greina það á yfirborði. Leiðin hverfur við norðurenda Þjórsárholts.
Þar er þýft mólendi en einnig hólar með hraungrýti.
Það má sjá þrjár útgáfur af leiðinni. Leið 01 er vesturs og einna greinilegust. Hún liggur norður-suður og er rúmlega 300 m löng. Hún er 0,51 m á breidd og það má greina 2-4 paldra sem eru

mosavaxnir og mynda lág í grónu hrauninu. Leið 02 liggur til suðausturs frá leið 01, rétt sunnan við Þjórsárdalsveg 32. Hún er eins og leið 01 nema stefnir til suðausturs. Á milli þeirra voru mest 140 m, þar enda leiðirnar báðar. Þessi leið hlykkjast SSA-NNV og er tæplega 330 m að lengd. Leið 03 lá til norðurs, nánast frá miðri leið 02. Hún endar sem fyrr á sama stað og hinar til norðurs. Það voru 60-70 m á milli leiðar 02 og 03. Hún er einnig álíka og hinar og sést jafn vel. Ekki er vitað hvert þessar leiðir lágu.



Mynd 93. Leið ÁR-291:056-01, horft til suðurs.

ÁR-661 Fornleifar á fl. en einni jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Skeiðahreppi.

ÁR-661:001 *Skeiðaáveitan* mannvirki áveita yfirlit

"Næst kom Skeiðaáveitan. [...] Bændur á svæðinu stofnuðu áveitufélag 1917 og var verkið unnið á árunum 1917-23. Áveitan var öllu stærri en Miklavatnsmýraráveitan, 3120 ha á 20 bújörðum," segir í Áveiturnar miklu á Skeið og Flóa e. Helga Skúla Kjartansson.

"Alþingi samþykkti árið 1917 að kaupa skurðgröfu og lána áveitufélaginu til þess að grafa aðalskurð áveitunnar og það leigulaust. En vegna stríðsins og flutningaörðugleika dróst að skurðgrafan kæmi til landsins, eða til ársins 1919. Aðra skurði skyldi handgrafa. [...] Hinn 4. júní var áveitunefndin saman komin á austurparti áveitusvæðisins [...]. Þá voru komnir 80 verkamenn til starfa og hófu þeir gröft hinna smærri skurða næsta dag, eða 5. júní. [...] Skýrsla Bjarna Eggertssonar verkstjóra. Þar kemur fram að sumarið 1917 voru grafnir skurðir 25,3 km að lengd og 45.479 rúmmetrar. [...] Samið var í maí [1918] við eftirtalda bændur á fundi á Húsatóftum: 1) Guðmundur Lýðsson, Fjalli: Skurður frá Mið býlismörkum og upp í hornið við flóðið. Áskilur sér 60 aura á hvern rúmmetra. 2) Brynjólfur Bjarnason, Framnesi: Skurður fyrir austan Húsatóftaholt, frá skurðendanum og upp að sandgirðingu á 75 aura rúmm. Undanskilið þar sem er garðhleðsla eingöngu en enginn gröftur 80 aurar rúmm. 3) Bjarni Þorsteinsson og Þorgeir Þorsteinsson, Hlemmiskeiði: Skurður fyrir framan bæinn, 500 m langur á 68 aura rúmm. Skurður í Hraunsnefsengjunum, 400 m á 60 aura rúmm. Mikið grjót eða föst klöpp undanskilið. 4) Guðni Eiríksson, Votamýri og Guðmundur Magnússon, Blesastöðum: Skurður í Votamýrar landi á 60 aura rúmm. 5) Ingimundur Árnason, Arakoti og Eiríkur Þorsteinsson, Löngumýri: Skurður sem liggur frá Arakoti yfir Löngumýrarland og út Löngudæl fyrir 60 aura rúmm. Mikið grjót eða klöpp undanskilið. 6) Jón Brynjólfsson, Ólafsvöllum, Björn Guðmundsson, Vesturkoti og Ingimundur Arnason, Andrésfiósum: Skurður sem liggur fyrir norðan Ólafsvallahverfi frá Hlemmiskeiðsmörkum og út að Arhraunsmörkunum fyrir 60 aura rúmm. 7) Bjarni Jónsson, Utverkum: Skurður yfir Utverkaland upp að Fjallamörkunum á 65 aura rúmm. [...] Þá um sumarið voru grafnir skurðir 16.999 metrar á lengd og 26.202 rúmm. [... Skurðgrafan kom til landsins 1919 en] það var komið fram í október, þegar hægt var að byrja að grafa [...] svo að lítið varð úr vinnu þá um haustið. [...] Bændur héldu áfram skurðgreftri í samningavinnu [árið 1919]. Grafnir voru skurðir og hlaðnir garðar 5.113 m á lengd og 9.123 rúmm. [...] Stóri skurðurinn, sem skurðgröfunni var ætlað að grafa, lá efst úr Hjáleigudælunum í Húsatóftarlandi, yfir Reykjaheiðina og austur að Þjórsá. Hann var 4,1 km á lengd og um 69 þúsund rúmmetrar. Snemma vors [1920] var farið að undirbúa skurðgröfuna og byrjað 14. júní. [...] Var þá [í nóvember sama ár] búið að vinna í 23 vikur með skurðgröfunni og 2800 metra langur skurður að baki, að rúmmáli 24.600 metrar, þannig að skurðurinn var tæplega hálfnaður. [...] Skeiðabændur héldu áfram [árið 1920] við gröft hinna smærri skurða á áveitusvæðinu og luku við flesta. Mælingamenn komu um vorið til þess að mæla fyrir flóðgörðum – og tóku bændur til við að hlaða þá. [...] Handgrafnir skurðir voru 6862 metrar og 15.229 rúmmetrar. Gert hafði verið ráð fyrir að aðalskurðurinn yrði grafinn þetta ár og því lögð áhersla á að gera inntaksvirki áveitunnar. Voru það annars vegar flóðgátt með bílfærri brú og hins vegar flóðlokur úti í ánni. [...] Mölin var tekin á eyri úti í ánni, hörpuð þar og flutt á prömmum yfir álinn og á byggingarstað. [...] Þá komu Kristinn Vigfússon og Guðfinnur Þórarinsson smiður, slógu þeir fyrir mótum og síðan var steypt. [...] Þá steypti hópurinn einnig brú yfir aðalskurðinn vestur á Reykjaheiðinni, þar sem var sýslu- og hreppavegur Hreppamanna og fleiri. [...] Byrjað var að grafa um mánaðarmótin maí/júní [1921], og gekk gröfturinn vel [...]. Þegar eftir voru 680 metrar af skurðinum austur að Þjórsá, kom í ljós samfelld hraunklöpp í skurðbotninum, 80 sm þykk vestast en 1,70 m austast. Á þessari hraunklöpp vann skurðgrafan ekki – og var það ráð tekið að moka ofan af klöppinni allt austur að ánni. Var því lokið 20. ágúst og skurðgrafan þá búin

að vinna í 70 daga. Klöppin var um 6000 rúmm. og hafði skurðgrafan unnið 460 rúmm. á dag eða 32 þúsund rúmmetra yfir sumarið. [...] Reyndin varð sú, að sprengja þurfti 4200 rúmm. af klöppinni [...]. Bændur luku við þá um sumarið [1921] að grafa hina smærri skurði, og reyndist skurðgröfturinn 6600 rúmmetrar, og skurðirnir 6.839 metrar á lengd. [... Árið 1922 var] unnið á sama hátt og árið áður, borað og sprengt en skurðgrafan lyfti grjótinu upp úr skurðinum. Unnið var stöðugt til 10. október og voru þá eftir um 600 rúmm. af klöppinni þar, eða síðustu 250 metrarnir næst ánni. Þar var klöppin ekki jafnsamfell og mold á köflum. Var þá skóflan sett aftur á skurðgröfuna [...]. Um miðjan október var búið að taka ofan af klöppinni og skurðgrafan komin í annað sinn austur að flóðgáttinni. Enn var grjót eftir í skurðbotninum en ekki talið borga sig að grafan elti það. [...] Menn héldu þá áfram í grjótvinnunni og lyftu grjótinu með „handkrönum“. Og enn þurfti að sprengja. [... Haldið var áfram eins næsta vor]. Vinnu var lokið 26. maí [1923]. Var þá flóðgáttin opnuð [...]. Flóðgarðahleðslu var þó ekki lokið fyrr en undir 1930 [...]. Árið 1975 ákvað hreppsnefndin að loka áveitunni," segir í Jarðabók Skeiðahrepps.
"Engjarnar voru suður af bænum og náðu að Útverkalandi en voru blautar í rigningartíð. Skeiðaáveitan náði til 70 ha áveitulands. Engjarnar voru þýfðar en eru að mestu leyti komnar í tún," segir í örnefnaskrá Fjalls. "Landið þornaði þegar skurður Skeiðaáveitunnar kom yfir landið syðst og framræsluskurðir voru grafnir þegar skurðgröfur komu til sögunnar. [...] Skeiðaáveitan náði aðeins til 23 ha lands og var það landið syðst og vestast en bændur hafa veitt vatni á engjar. Veitt var á Vesturmýrina efst, líklega vatni úr Bæjargilinu en safnað var saman lækjarsytrum undan fjallinu og veitt á Austurmýrina. Flóðgarðar voru byggðir og landinu skipt í skákir," segir í örnefnaskrá Birnustaða. "Aðalskurður Skeiðaáveitunnar klýfur land jarðarinnar fremst en þverskurður liggur frá honum til norðurs og vesturs. Skeiðaáveitan var talin ná til 91 ha reiknaðs áveitulands. Áveituengjarnar voru vestast í landinu. [...] Mjóaflóð. Lítið flóð áður. Aðalskurður áveitunnar liggur um flóðið og er það nú þurrt. [...] Skjónaflóð. Leirflóð, áður við Sandlækjarmörkin. Stóriskurður áveitunnar fór yfir flóðið og er það nú þurrt. [...] Stóriskurður. Svo er nefndur aðalskurður Skeiðaáveitunnar úr Þjórsá. Skurðurinn var grafinn með skurðgröfu úr Hjáleigudælunum í Húsatóftalandi, yfir Reykjaland og upp að Flóðgátt á árunum 1919 – 1921. [...] Þverskurður. Áveituskurðurinn úr aðalskurði áveitunnar yfir Reykjaland," segir í örnefnaskrá Reykja. "Engjar voru miklar og góðar í Hjáleigudælum og uppi í Sundum, sérstaklega eftir að Skeiðaáveitan (1917 – 1923) kom í gagnið, og voru engjarnar mestallar véltækar. Aðalskurður áveitunnar liggur eftir jörðinni endilangri og þverskurðir út frá honum efst og vestast. Reiknað áveituland var 386 ha og var það mesta áveituland einnar jarðar á Skeiðum. Hætt var að veita á upp úr 1950 en þá var hafin mikil framræsla og túnrækt Skeiðabænda. Mokað var í aðalskurðinn og honum lokað árið 1975. [...] Markhóll, Syðri-. Hóllinn var millimark Húsatófta og Hlemmiskeiðis en mun hafa lent í áveituskurðinum þegar hann var grafinn 1918. [...] Stórastífla (101). Stíflan var á skurðamótunum í Suðurmýri og var stærsta stífla áveitunnar. Stóriskurður. Aðalskurður áveitunnar, grafinn 1918. [...] Sundaskurður (106). Áveituskurður, þverskurður úr aðalskurði og liggur vestur í Efri-Brúnavallaland, grafinn 1919. Úr þeim skurði liggur svo áveituskurður fram í Stórudæl þar sem Kolslækur var áður," segir í örnefnaskrá Húsatófta. "Skeiðaáveitan náði til allrar jarðarinnar og var áveitulandið talið 278 ha. Engjarnar voru áður norðan og vestan við bæina en engjaheyskapur er löngu aflagður. [...] Grafir, Ytri- [ÁR-240:018]. Gamlar og uppgrónar mógrafir og ná upp fyrir áveituskurðinn. [...] Hverfisskurður. Svo er nefndur áveituskurðurinn sem liggur yfir landið að sunnanverðu," segir í örnefnaskrá Hlemmiskeiðis. "Skeiðaáveitan náði til allrar jarðarinnar. Áveitulandið var talið 207 ha en reiknað áveituland 162 ha. [...] Engjarnar voru aðallega austur og suður af bænum en vestur af bænum eru mikil heiðarlönd, stórþýfður móí með mosaþýfi sem að stórum hluta er kominn í tún. Landið var áður mjög blautt en með skurðum Skeiðaáveitunnar (1917-1923) og með síðari framræslu hefur landið þornað og eru ræktunarskilyrði mjög góð. [...] Arakotsskurður. Svo er áveituskurðurinn nefndur sem liggur um Brjánsstaðaland og yfir í Arakotsland. [...] Brennhóladæl. Slétt dæl og votlend áður fyrr en þornaði þegar

áveituskurðurinn kom vestan við hana. [...] Hverfisskurður. Einn af aðalskurðum Skeiðaáveitunnar og liggur yfir Brjánsstaðaland yfir í Ólafsvallahverfi. [...] Stóriskurður. Svo er aðalskurður Skeiðaáveitunnar nefndur og skar frá horn af landi Brjánsstaða," segir í örnefnaskrá Brjánsstaða. "Jörðin er mýrlend og var talin ein besta engjajörð sveitarinnar meðan Skeiðaáveitunnar naut við en hún var talin ná til 192 ha lands. Engjalöndin voru grösug og mikið af engjunum sléttar og véltækar dælar en rimar á milli. Landið var mjög blautt áður fyrr og mun nafn jarðarinnar dregið af því og mýrunum. Með skurðum áveitunnar þornaði landið og hefur síðan verið ræst fram. [...] Gunnudæl. Allstór dæl, slétt að hluta og stundum slegin. Í dælina liggur áveituskurður, Mýrarskurðurinn, og endar þar. [...] Stóriskurður. Aðalskurður áveitunnar og klýfur landið efst. Skurðurinn var grafinn upp með skurðgröfu í kring um 1950 og var gröfustjóri Hávarður Þórðarson frá Tannastöðum," segir í örnefnaskrá Votamýrar. "Skeiðaáveitan náði til 188 ha reiknaðs áveitulands og voru engjarnar aðallega norðaustur af bæjunum. Mikill hluti þeirra var véltækur en engjaheyskap var hætt upp úr 1950. [...] Stóriskurður. Svo er áveituskurðurinn, aðalskurður áveitunnar á Suður-Skeið, nefndur og liggur yfir Blesastaðaland," segir í örnefnaskrá Blesastaða. "Engjarnar voru áður norður og vestast í landinu og náði áveitan til 266 ha lands.[...] Aðalskurður áveitunnar liggur þvert yfir landið og er nú framræsluskurður. [...] Langadæl. Löng dæl – náði þvert yfir landið – en mjó. Dælin er slétt að hluta og var alltaf slegin. Aðalskurður áveitunnar [Stóriskurður] liggur meðfram dælinni eða um hana," segir í örnefnaskrá Skeiðháholts. "Skeiðaáveitan náði til landsins vestast og sunnar og var áveitulandið talið 213 ha. [...] Mikill vatnságangur mæddi áður á jörðinni að ofan og austan en nú hafa hinir gömlu áveituskurðir verið grafnir upp og landið þurrkað. [...] Áveituskurðir voru tveir, grafnir 1918, en hafa verið grafnir upp og eru nú þurrkskurðir. Efri skurðurinn var kallaður Stóriskurður, var áður aðalskurður Skeiðaáveitunnar fyrir austur og suður Skeið og endar út í Þjórsá. Hinn áveituskurðurinn var þverskurður úr Stóraskurði og liggur einnig í Þjórsá," segir í örnefnaskrá Kálfhóls. "Skeiðaáveitan náði til landsins syðst og þar voru sléttar dælar en áveitulandið var aðeins talið 18 ha," segir í örnefnaskrá Kílhrauns.
"Skeiðaáveitan náði til landsins fremst en áveitulandið var aðeins 6 ha," segir í örnefnaskrá Borgarkots. "Skeiðaáveitan olli tímamótum í búskap á jörðinni en tveir áveituskurðir liggja yfir landið, efst og fremst. Reiknað áveituland var 73 ha og engjarnar voru grösugar og mest allar véltækar. Þá þornaði landið með skurðum áveitunnar en engjaheyskapur er löngu aflagður," segir í örnefnaskrá Arakots. "Með Skeiðaáveitunni urðu tímamót í búskap á jörðinni. Áveitan var talin ná til 203 ha lands og voru engjarnar grasgefnar og meirihluti þeirra véltækar. Var Löngumýrin talin ein besta heyskaparjörð sveitarinnar á áveitutímanum. Áveituskurður lá yfir engjarnar til vesturs um landið mitt. [...] Grænudælarskurður. Áveituskurðurinn sem liggur í gegnum landið, m.a. Grænudæl," segir í örnefnaskrá. Á þessum slóðum er deiglendi til norðurs en til austurs og vesturs er þurrlent og frjósamt graslendi sem er nýtt til hrossabeitar. Landið er flatt og slétt, en sums staðar tekið að hlaupa í þúfur. Eins og gefur að skilja er Skeiðaáveitan gríðarlega umfangsmikil og heimildir um gerð hennar til. Árið 2017 voru skráð fjögur mannvirki sen til heyra henni, það verður að gera áveitunni mun betri skil eftir því sem skráningu í hreppnum miðar áfram.
Ummerki um Skeiðaáveituna sjást víða í landi Húsatófta enda lá áveituskurður þvert í gegnum land jarðarinnar auk fleiri þverskurða og áveitugarða.
Áveitugarðarnir eru í grónum túnum, framræstum mýrum og mólendi.

ÁR-661:001-01 renna skurður A 427024 N 392770
Skuður 01 er austan við Húsatóftaholt, í austurhluta jarðarinnar. Hann liggur til norðvesturs frá aðalskurði áveitunnar, Stóra-Skurði 03 og endar við landamerki Efri-Brúnavalla. Brú 239:060



Mynd 94. Skuður ÁR-661:001-01, horft til suðausturs.

er á skurðinum miðjum, þar sem Sandbraut 661:010 lá yfir hann. Hann er tæpir 1,4 km að lengd, 0,3 m á dýpt og 2-3 m á breidd. Þessi skurður er líklega vélgrafinn. Minjasvæðið, eða engjarnar eru um alla jörðina, bæði norðan og sunnan við Stóraskurð.

ÁR-661:001-02 renna skurður A 425765 N 391155



Mynd 95. Skurður ÁR-661:001-02, horft til suðvesturs.

Veglegur og mjög gróinn handgrafinn áveituskurður er fyrir miðju svæðisins. Hann liggur nálega norðaustur-suðvestur á rúmlega 400 m löngum kafla, til suðurs frá Stóra-Skurði 03. Skurðurinn er 2 m á breidd og á bilinu 0,8-1,2 m djúpur. Hann er allur uppþornaður og er botninn svotil allur gróinn. Auðveldlega er hægt að komast yfir skurðinn. Skurðurinn hefur að hluta til verið raskaður af unglegum og voldugum vélgröfnum skurði, við landamörk Húsatófta og Votumýrar (ÁR-242).



Mynd 96. Aðalskurður Skeiðaáveitunnar, ÁR-661:001-03. Horft er til vesturs í landi Húsatófta.

ÁR-661:001-03 renna skurður
A 426267 N 392023

Vélgrafinn skurður liggur þvert í genum land Húsatófta, þetta er aðalskurður Skeiðaáveitunnar, Stóri-Skurður. Skurðurinn nær yfir um 2,5 km langt svæði. Hann er L-laga og liggur til norðaustur-suðvestur og sneiðir rétt framhjá handgrafna skurðinum 059-02 á suðausturhluta minjasvæðisins. Vélgrafni skurðurinn tekur beygju fyrir miðju til austurs og eftir það snýr hann svo að segja austur-vestur, og liggur rétt framhjá Heiðarhúsum 031. Skurðurinn er 5 m

á breidd og allt að 2,5 m djúpur. Lítið uppsafnað vatn er fyrir honum miðju en að öðru leyti er hann þurr. Að auki eru hliðar hans ekki brattar og teknar að gróa; því er ekkert mál að komast yfir skurðinn.

ÁR-661:001-04 renna skurður A 425771 N 391338

Við suðvesturmörk minjasvæðisins og við landamörk Húsatófa og Votumýrar (ÁR-242), var stífla á áveituskurði 059-02 samkvæmt Aðalsteini Guðmundssyni, heimildamanni. Hægt var að ganga yfir stífluna. Engin ummerki stíflunnar sjást á yfirborði og sennilega hefur hún horfið af yfirborði með tíð og tíma.



Mynd 97. Skurður ÁR-661:001-04, horft til suðurs.

Heimildir: Helgi Skúli Kjartansson, 331; JS, 453-461, 466; Ö-Fjall JE, 5; Ö-Birnustaðir JE, 4; Ö-Reykir JE, 4, 20, 24, 25; Ö-Húsatóftir JE, 2, 16-17; Ö-Hlemmiskeiði, JE, 1, 7-8; Ö-Brjánsstaðir JE, 1, 4-5, 7; Ö-Votamýri JE, 1, 4, 6; Ö- Blesastaðir JE, 1, 8

ÁR-661:009 *Hólagötur* heimild leið A 425483 N 392370

"Góð ferðaleið hefur verið úr [Ytri]hreppnum vestanverðum fram á Skeið, en þó þurfti að fara Stóru-Laxá á Langholtsvaði. Leið þessi var lengi farin og var vagnfær. [...] Í Ósabakkalandi komu svo leiðir Tungna- og Hreppamanna saman, á gömlu göturnar, Hólagötur, og síðar Sandbrautina (010). [...] Hólagötur liggja úr Ósabakkalandi og fram að Húsatóftum um tvenna Ferðamannahóla, og eru því hér kallaðar Hólagötur. Göturnar hafa líklega verið farnar frá landnámi. Helgi Sveinsson, bóndi á Ósabakka (f. 1928) segist muna vel gömlu göturnar í móanum suður af bænum en þær eru nú horfnar í tún og sjást ekki lengur í Ósabakkalandi. Göturnar sjást svo við Ferðamannahóla í Álfsstaðalandi, fara svo undir tún en eru auðraktar yfir heiðina í Álfsstaðalandi og fram í land Efri-Brúnavalla. Þar eru Ferðamannahólar fremri og eru göturnar þar bæði sléttar og djúpar og sýna glöggt hvernig hesthófurinn hefur markað svörðinn í margar aldir. [...] Hægt er að rekja göturnar áfram fram í Hárima, sem er ofan við túnin á Efri-Brúnavöllum, en þær sjást svo ekki meira að Húsatóftum," segir í Jarðabók Skeiðahrepps.
"Hrunamenn úr hreppnum vestanverðum hafa einnig farið þessa leið, sbr. frásögn Flóamannasögu um að Þorgils örrabeinstjúpr hafi riðið „ofan hjá Húsatóftum“ [...]. Hrunamenn hafa þá farið Laxá á Langholtsvaði, eða þar í grennd, yfir Bæjarósinn á vaðinu móts við bæinn og á götur Tungnamanna. Hólagöturnar voru ekki vagnfærar og lögðust af að mestu þegar vagnaöld hófst upp úr aldamótunum 1900," segir í örnefnaskrá Ósabakka. "Ferðamannahólar (sem áður er minnzt á) eru tveir litlir hólar við eystri enda Þambar. Þar um lá leið Ytrihreppsmanna í kaupstað, og var þá farið yfir Laxá á Langholtsvaði," segir í örnefnaskrá Álfsstaða (BH). "Göturnar koma inn í Álfsstaðaland ofan við Einbúa og við Ferðamannahóla eru þær greinilegar. Þær hverfa svo í tún en eru auðraktar yfir Heiðina fram í land Efri-Brúnavalla. Þar um Ferðamannahóla eru göturnar bæði djúpar og sléttar eftir hesthófana sem markað hafa svörðinn í margar aldir. Enn er hægt að rekja göturnar áfram og allt fram að stekkatúninu fyrir ofan Efri-Brúnavelli þar sem þær hverfa í tún en þær hafa legið fram á

þjóðleiðina hjá Húsatóftum," segir í örnefnaskrá Álfsstaða (JE).
"Göturnar eru nú horfnar í tún í Húsatóftalandi og Efri-Brúnavalla allt upp að Háarima ofan við Stekkatúnið. Síðan er hægt að rekja þær yfir mýrina og um Ferðamannahóla eins og áður er lýst. [...] Leiða má líkur að því að Þorgils örrabeinsstjúpr hafi riðið þessa leið ásamt þræl sínum, Kol, á heimleið í Traðarholt í Stokkseyrarhreppi úr brúðkaupsveislu í Gröf í Hrunamannahreppi eins og Flóamannasaga greinir. Þar segir að þeir hafi riðið „ofan hjá Húsatóftum“ og að við Kolslæk hafi Þorgils drepið þrælinn sem ætlaði að drepa húsbónda sinn fyrir fé (sjá síðar, Kolslækur). Kolslækur liggur skammt norður af bæjunum á Húsatóftum og er farið yfir hann þegar farinn er Vorsabæjarvegur," segir í örnefnaskrá Húsatófta.
"Fornar götur koma ofan úr Álfsstaðalandi inn í land jarðarinnar efst og í Ferðamannahólum, eru þær bæði sléttar og djúpar á löngum kafla, eða um meter á dýpt," segir í örnefnaskrá Efri-Brúnavalla.
"Þjóðvegir eru 2, annar [015] frá Skálmholti, hinn [023] vestan frá Hvítá, er liggja upp úr sókninni, fyrst upp undir Ólafsvelli, hvar þeir koma saman, svo þaðan í landnorður fyrir sunnan Hlemmiskeið, hvar skammt frá hann [015] skiptist í 2ær götur. Liggur önnur [012] austur á Murneyrar hjá Þjórsá upp í Gnúpverjahrepp og yfir fyrrtéða á austur í Rangárvallasýslu. Nyrðri gatan [015] liggur frá Hlemmiskeiði fyrir sunnan Húsatóftir en vestan Reyki, hvar hún skiptist aftur í 3 greinir. Hinn vestasti [060] liggur til Skálholtssóknar, önnur [009] upp yfir Stóru-Laxá á Langholtsvaði til Hrunamannahrepps, en sú 3ja [033] til Hrepphólasóknar," segir í Sýslu og sóknalýsingum.
Leiðin var eingöngu skoðuð í landi Húsatófta árið 2017. Þar er hún horfin í slétt, ræktuð tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JS, 548-549; Ö-Ósabakki, 3-4; Ö-Álfsstaðir BH, 3; Ö-Álfsstaðir JE, 3-4; Ö-Húsatóftir JE, 7-8; Ö-Efri-Brúnavellir, 2; SSÁ, 84

ÁR-661:010 *Sandbraut* gata leið A 426748 N 392950
"Í þeirri miklu byltingu, sem verður þegar vagninn tekur við af klyfjahestinum upp úr aldamótunum 1900 breytast ferðaleiðir. Hólagöturnar [009] voru ekki vagnfærar og nú leggst umferð Tungna- og Hreppamanna að vestan fram á Reykjasand. Verður sú leið hér kölluð Sandbraut. [...] Úr Reykjalandi lá svo brautin fram í Húsatóftaland og norðan við efra holtið fram á Húsatóftaholt. Brautin var góð vagnbraut og var farin lengi, en sandur var undir. Jafnvel bílar fóru þessa braut, en farið var að auglýsa ferðir í Reykjaréttir snemma, eða 1917," segir í Jarðabók Skeiðahrepps.


Mynd 98. Sandbraut ÁR-661:010, horft til norðausturs.

"Dragferja var sett á Hvítá hjá Iðu árið 1903 sem tók bæði hesta og vagna, leiðin fram Laxárbakka var rudd, hlaðnir vegaspottar og brú sett á Bæjarósinn hjá Ósabakka. Þetta var sama leiðin frá Iðu og þegar farið var á Hólagötur [009] nema nú lá brautin fram á Reykjasand í Ósabakkalandi. Tungnamenn fóru þá yfir Bæjarósinn á brúnni [ÁR-237:019] og áfram þar sem Skálholtsvegurinn liggur nú fram í Reykjaland en þar er brautin óhreyfð enn. Hrunamenn komu þá á brautina sunnan við Eystrabarðið (H.S.). Í fyrstu lágu leiðir

ríðandi manna, vagna- og heybandslesta vítt og breitt yfir Reykjasand en árið 1908 er lögð braut meðfram sandgirðingunni að vestan og fram á brautina í Húsatóftaland norðan við Efraholtið. Er leiðin frá Ósabakka og fram að Húsatóftum hér nefnd Sandbraut," segir í örnefnaskrá Ósabakka. "Farið var vítt og breitt yfir Reykjasand í fyrstu eins og áður er lýst, eða þar til sandgirðingin kom árið 1908 og gerð var braut meðfram girðingunni að vestan. [...] Bændur úr Biskupstungum af efstu bæjum á Skeiðum og úr Ytrihrepp að vestanverðu hafa farið Sandbrautina. Leiðin hefur því verið fjölfarin ríðandi manna, vagna og heybandslesta, en Ágúst Helgason í Birtingaholti keypti Brúnavallakotið árið 1899 og hóf mikla heyflutninga þaðan. Birtingaholtsmenn fóru Laxá á vaði sem nefnt var Heybandsvað [ÁR-238:019] en það var ekki vagnfært (Ágúst Sigurðsson, f. 1936). [...] Enn er Sandbrautin óhreyfð að mestu og hægt að rekja hana fram á Húsatóftaholt. Brautin var þurr og sendin en þung yfir Reykjasand eins og Sigurjón Guðjónsson, síðar bílstjóri, lýsir í bók Jóns Gísla Högnasonar Ysjur og austræna, 1. bindi: "Einu sinni [fyrir 1920] var ég sendur fram að svonefndum Reykjahúsum á Skeiðum til að sækja timbur. Þá var farið beint af Húsatóftaholti fyrir norðan Reykjagirðinguna og yfir Stóru-Laxá á Langholtsvaði. Það var stundum létt á vögnunum þegar komið var úr kaupstað við þessi beitarhús á Reykjum vegna þess hve vagnarnir voru þungir í drætti yfir sandinn. Í þessari ferð var naut fyrir vagninum og hestur til reiðar. " (Ekki staðfest) Þegar síðari hluti Sandgirðingarinnar var girtur árið 1909 voru hafðar traðir [ÁR-238:018] milli girðinganna til heyflutninga Reykjabóndans og annarar umferðar. Bílar fóru traðirnar og Sandbrautina þegar bílaöld hófst upp úr 1920. [...] Sandleiðin hefur því verið farin þar til Skálholtsvegurinn kom í gagnið upp úr 1950 eða um hálfrar aldar skeið," segir í örnefnaskrá Reykja.
"Leiðin var góð og víða sandur undir. Því er hún hér kölluð Sandbraut. Steinsteypt brú var sett á áveituskurðinn eftir að hann kom. [...] Sandbra[u]tin stendur enn óhreyfð," segir í örnefnaskrá Húsatófta.
Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hann tekur við af leið (015) á Húsatóftaholti, liggur í NA framhjá Reykjum (ÁR-238) og N að Ósabakka (ÁR-237) þar sem við tekur leið (060). Sandbrautin liggur í gömlu mýrarsvæði norðan við þjóðveginn og vallargarð Skálholts eða Holts [013]. Hún liggur suðvestur - norðaustur og sést fyrst um rúmum 560 metrum ANA við bæ 001. Þar heldur hún áfram til norðausturs út í mýrina og var mæld upp á 800 metra löngum kafla en hún heldur þó áfram til norðausturs.
Mýrin hefur nú verið ræst fram og er varla blautur blettur í henni. Hún er mjög þýfð og grasi gróin.
Sandbrautin sést í mýrinni sem breið moldargata með þýfðum bökkum á sitthvorri hlið. Hún er vel greiðfær og um 1,5 metrar á breidd. Gatan er frekar þurr og sumstaðar á henni má sjá móta fyrir hjólförum eftir vagna eða bíla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JS, 550; Ö-Ósabakki, 5; Ö-Reykir JE, 11-12; Ö-Húsatóftir JE, 8; SSÁ, 84; Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-661:011 *Þjórsárgötur* gata leið A 427478 N 391679
"Leiðin yfir Skeiðin meðfram Þjórsá – Þjórsárgötur – var ferðamannaleið og verslunarleið bænda úr Gnúpverjahreppi, Rangæinga úr ofanverði sýslunni og jafnvel Skaftfellinga sem fóru þá Fjallabaksleið – allt frá landnámi og til vorra daga. Einnig hafa Skeiðabændur með ánni að sjálfsögu farið þessa leið. Leiðin var ekki vagnfær. [...] Þjórsárgötur hafa að líkindum verið farnar allt frá landnámi, enda var það besta ferðaleiðin yfir Skeiðin. [...] Leiðin er góð með ánni, bakkarnir þurrir og víða sandur undir Engjar torfærur eru á leiðinni og fólkið hefur nógan tíma til þess að horfa í kringum sig og skoða hinn fallega fjallahring með drottningu Suðurlands, Heklu í austri. Hesturinn hefur í gegnum aldirnar markað svörðinn eins og göturnar gömlu sýna, sem liggja margar hlið við hlið, svo sem á Murneyri og í Votamýrarlandi, en annars staðar eru



Mynd 99. Þjórsárgötur ÁR-661:011, horft til norðausturs.

þær horfnar í hina miklu mulningsvél, Þjórsá," segir í Jarðabók Skeiðahrepps. "Þjórsárgötur. [...] Sýna göturnar sem liggja margar hlið við hlið eftir reiðmenn og baggalestir hve fjölfarin leiðin hefur verið. Reiðleiðin var líka góð, bakkar Þjórsár þurrir og Murneyrin slétt og víða möl undir. Flóamenn ráku fjallfé sitt heiman og heim með ánni áður fyrr eins og örnefni lýsa, svo sem Rekstrarhóll í Kálfhólslandi. Reiðleiðin hélst lengi með Þjórsá og meðan hestaþingin á Murneyri stóðu með blóma riðu flotar hestamanna úr lágsveitunum þessa leið. Árið 2000 var lokið við að leggja reiðvegaslóða frá vegamótunum og upp að Brautarholti. Göturnar með Þjórsá eru enn opnar með þeim takmörkunum að hestar séu teymdir," segir í örnefnaskrá Reykja.

"Þjórsárgötur. [...] Göturnar fram af Murneyrinni voru ekki vagnfærar en þegar vagnaöld og síðar bílaöld hófust voru Þjórsárbakkar farnir áfram [044] frá Þrándarholti og síðan meðfram Heiðarbarðinu á brautina, síðar Bakkaveginn [012] í Húsatóftalandi og breyttist það ekki fyrr en vegurinn kom yfir Sandlækjarmýrina upp úr 1934," segir í örnefnaskrá Húsatófta. "Gömlu göturnar sjást enn, margar hlið við hlið en hluti þeirra farinn í ána. [...] Leiðin er enn vinsæl reiðleið en liggur nú syðst, ofar í Króknum," segir í örnefnaskrá Votamýrar. "Þær lágu með Þjórsá, þar á meðal yfir Blesastaðaland, og voru alfaraleið Gnúpverja og fleiri manna frá fyrstu tíð í verslunarerindum til Eyrarbakka," segir í örnefnaskrá Blesastaða. "Önnur hinna fornu þjóðleiða um Skeiðin lá um Þjórsárbakka, sunnan bæjanna, fjölfarin leið áður fyrr, aðallega bænda og búaliðs úr Eystri-Hrepp og nágrenni til verslunarferða á Eyrar á síðari öldum. Leiðin var þó aldrei vagnfær," segir í örnefnaskrá Skeiðháholts. "Þjórsárgötur, aðalleið Gnúpverja fyrr á öldum, liggja yfir Kálfhólsland, meðfram ánni. Leiðin er þurr og góð og var vinsæl reiðleið hestamanna en er nú aðeins opin hestamönnum með takmörkunum [...] Göturnar lágu skammt frá ánni en sjást ekki lengur," segir í örnefnaskrá Kálfhóls.

"3ji þjóðvegurinn liggur hjá Þjótanda með Þjórsárbökkum upp úr sókninni," segir í Sýslu og sóknalýsingum.

"Þjórsárbakkar. Frá Reykjarétt á Skeiðum um Þjórsárbakka að gömlu Þjórsárbrú. [...] Hefur lengi verið vinsæl reiðleið hestamanna. Förum frá Reykjarétt suðvestur á Murneyrar við Þjórsá. Síðan suður með Þjórsá, um Skeiðháholt að eyðibýlinu Þjótanda [í Flóahreppi]," segir í Þúsund og einni þjóðleið.

Óviss gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún kemur inn í Skeiðahrepp úr Villingaholtshreppi S við Kálfhól (ÁR-245) og liggur í NA meðfram Þjórsá að leið (045).

Leiðin sést vel í landi Húsatófta. Hún sést á flötum, þurrum malarbökkum eða eyrum skammt norðan við Þjórsá.

Meðfram Þjórsárbökkum sjást miklar reiðgötur í landi Húsatófta. Götunar eru milli 20-50 talsins og greinilegt að leiðin er ennþá fjölfarin. Það sést m.a. hvar göturnar stefna út í ánna, þar hefur brotnað úr bökkum árinnar. Það er góð reiðleið þarna nú, hún er rudd og bílfær. Hestagötunar eru þarna á breiðu svæði og greinilegt að farið hefur verið þarna á breiðu svæði. Leiðin er ennþá fjölfarin af fólki í hestaferðum og viðhaldið af lausagönguhrossum.



Mynd 100. Leið ÁR-661:011, horft til suðvesturs. Hér sést vel hvernig Þjórsá hefur brotið landið og um leið göturnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JS, 555-557; Ö-Reykir JE, 10-11; Ö-Húsatóftir JE, 5-6; Ö-Votamýri JE, 3, 6; Ö-Blesastaðir JE, 4; Ö-Skeiðháholt JE, 1; Ö-Kálfhóll JE, 1-2, 7; SSÁ, 84; 1001 þjóðleið, 30

ÁR-661:012 *Bakkabraut* gata leið A 426919 N 392116

"Þjórsárgöturnar [011] voru ekki vagnfærar, en þegar vagnaöldin hófst upp úr aldamótunum 1900, var gerð vagnabraut fram Þjórsárbakka frá Þrándarholti og fram á Murneyri í Reykjalandi. Lá brautin meðfram Heiðarbarðinu og var góð vagnaleið, því möl var undir. Leiðir Gnúpverja og Hrunamanna komu svo saman hjá Efra-Murneyrarskarði og lágu síðan eftir bökkunum í Húsatóftalandi og fram að Húsatóftum. Gamla vagnabrautin var farin þar til Bakkavegurinn kom 1927, en enn sjást leifar gömlu brautarinar sunnan við Bakkaveginn," segir í Jarðabók Skeiðahrepps. "Þriðja vagnabrautin yfir Reykjaland var fram Vallarbakkann, vestur yfir Reykjaheiðina fram á Bakkana (heiðina) í Húsatóftalandi. Þetta var vagnabraut bænda í Ytrihrepp að austanverðu, Eystrihrepps með Laxá fremst og svo Reykjabóndans. Áður hafa bændur sennilega riðið beint af augum austan við Reykjabæinn fram að Húsatóftum og teymt sinn baggahest í verslunarferðum til Eyrarbakka en eftir því sem Reykjasandur hefur gengið lengra fram hefur færðin þyngst og leiðin lokaðist svo alveg þegar sandgirðingin kom árið 1908. Ágúst Helgason í Birtingaholti lýsir í endurminningum sínum vegabótum eftir að rjómabúin voru stofnuð í Ytrihrepp, það fyrra á Syðra-Seli árið 1900 sem jafnframt var fyrsta rjómabú landsins, en það síðara í Birtingaholti árið eftir. Smjörið var flutt í tunnum til Englands sem vógu 120 pund og voru drápsklyfjar. Bændur voru að koma sér upp vögnum til aðdrátta en enginn vegarspotti var til akfær. Ágúst segir svo: „En svo tókum við Hreppamenn okkur til og söfnuðum sjálfboðaliði og sléttuðum braut frá rjómabúunum niður Skeiðin, alla leið niður á þjóðveginn í Flóanum. Sú braut var að



Mynd 101. Bakkabraut ÁR-661:012, horft til norðausturs.

vísu ekki vagnfær nema yfir sumarið en gerði þó mikið gagn.“ Þetta var árið 1903 (segir Helgi Ágústsson í bókinni Þjóð í önn, 1965).(Ekki staðfest) Vagnavöðin á Laxá voru þrjú. Eitt þar sem brúin er núna, þá Sóleyjarbakkvað og Neseyjarvað var vestast á þessari leið. Tvö þau síðarnefndu voru mest farin og Birtingaholtsmenn fóru Neseyjarvaðið en það fór eftir því hvernig áin var. Vöðin voru farin þar til brúin kom á Laxá árið 1929. Síðan lá brautin fram á Sandholtið og yfir ósinn á vaði, nokkru ofar en þjóðvegurinn liggur nú. Ekki kemur fram í frásögn Ágústs hvar Hreppamenn ruddu brautina en þeir hafa sjálfsagt víða þurft að taka til hendinni en um það eru ekki heimildir. Árið 1920 liggur aðalvegur Ytrihreppsmanna fram Reykjaheiðina eins og Guðmundur Ágústsson lýsir í skýrslu sinni: „Skurðgrafa Skeiðaáveitunnar“ í Búnaðarritinu 1921 en þar segir „Á einum stað lá aðalvegur Hrunamanna yfir grófina og urðum við að grafa hann í sundur um 2 m niður. Lögðum við svo brautina á haft, austan við veginn sem var farin þar til steinsteypubrú var fullgerð haust.“ (óstaðfest) Þessa leið hafa Birtingaholtsmenn farið í heyflutningum frá Brúnavallakoti eftir að þeir tóku heygrindur til flutninganna. „Þeir voru með þrjá eða fjóra grindarvagna í lest og 11 sátur í hverjum,“ segir Guðmundur Ámundason frá Sandlæk, síðar bóndi í Ásum, f. 1913. Vagnabraut Gnúpverja var áfram meðfram Þjórsá og niður á Murneyrina í Reykjalandi. Síðan var farið meðfram Heiðarbarðinu og á vagnabraut hreppamanna móts við Efra-Murneyrarskarðið. Bílar fóru einnig þessa leið þar til vegurinn yfir Sandlækjarmýrina kom upp úr 1934," segir í örnefnaskrá Reykja. Síðar í sömu skrá segir: "Bakkabraut. Gamla vagnabrautin um Reykjaland."
"Leiðir fram á Húsatóftaholt úr uppsveitunum á þjóðleiðina þar – Skógarata en Bakkabraut síðar. Fornt örnefni, Skógargata, bendir til þess að bændur hafi farið götuna til skógar í Þjórsárdal og á afrétt meðan það varði. Gatan liggur austur af Húsatóftaholti og má enn sjá slakka í túninu sunnan við gamla veginn þar sem gatan var en hún hefur svo beygt austast í túninu niður á Þjórsárgöturnar. Þegar vagnaöldin hófst fóru Gnúpverjar Þjórsárgöturnar frá Þrándarholti og niður á Murneyri en síðan meðfram Heiðarbarðinu fram á bakkana (heiðina) í Húsatóftalandi og hafa komið á Skógargötuna vestast. Hrunamenn og Gnúpverjar með Laxá komu ofan úr Reykjaheiði og skárust vagnabrautirnar við Murneyrarskarðið efra. Enn má sjá brautina óhreyfða efst í Húsatóftalandi (sjá örnefnaskýrslu Reykja). Bílar fóru brautina eitthvað þar til Bakkavegurinn kom árið 1927," segir í örnefnaskrá Húsatófta.
"Þjóðvegir eru 2, annar [015] frá Skálmholti, hinn [023] vestan frá Hvítá, er liggja upp úr sókninni, fyrst upp undir Ólafsvelli, hvar þeir koma saman, svo þaðan í landnorður fyrir sunnan Hlemmiskeið, hvar skammt frá hann [015] skiptist í 2ær götur. Liggur önnur [012] austur á Murneyrar hjá Þjórsá upp í Gnúpverjahrepp og yfir fyrrtéða á austur í Rangárvallasýslu. Nyrðri gatan [015] liggur frá Hlemmiskeiði fyrir sunnan Húsatóftir en vestan Reyki, hvar hún skiptist aftur í 3 greinir. Hinn vestasti [060] liggur til Skálholtssóknar, önnur [009] upp yfir Stóru-Laxá á Langholtsvaði til Hrunamannahrepps, en sú 3ja [033] til Hrepphólasóknar," segir í Sýslu og sóknalýsingum. Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hann liggur frá vegi (010) A við Húsatóftir (ÁR-239) í A meðfram Þjórsá, mætir leið (045), og fer yfir í Gnúpverjahrepp. Bakkabraut liggur í ræktuðu túni sunnað við þjóðveginn um 1,2 km suðaustan við bæ 001.
Þarna eru nú ræktuð tún, þó þýft að hluta.
Leiðin sést enn austan við túnið en er að hluta komin undir veg. Leiðin var sléttuð í tún en hún sést þó enn sem lág dæld þar. Dældin er 2-3 metrar breið og um 0,3 metrar á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JS, 557; Ö-Reykir JE, 12-13, 17; Ö-Húsatóftir JE, 8; SSÁ, 84; Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-661:014 *Skógargata* gata leið A 427335 N 391680
"Önnur Skógargata kom sunnan úr Húsatóftalandi, lá yfir Murneyrina og upp með Þjórsá," segir í örnefnaskrá Reykja. "Leiðir fram á Húsatóftaholt úr uppsveitunum á þjóðleiðina þar – Skógargata en Bakkabraut [012] síðar. Fornt örnefni, Skógargata, bendir til þess að bændur hafi farið götuna til skógar í Þjórsárdal og á afrétt meðan það varði. Gatan liggur austur af Húsatóftaholti og má enn sjá slakka í túninu sunnan við gamla veginn þar sem gatan var en hún hefur svo beygt austast í túninu niður á Þjórsárgöturnar. Þegar vagnaöldin hófst fóru Gnúpverjar Þjórsárgöturnar frá Þrándarholti og niður á Murneyri en síðan meðfram Heiðarbarðinu fram á bakkana (heiðina) í Húsatóftalandi og hafa komið á Skógargötuna vestast. Hrunamenn og Gnúpverjar með Laxá komu ofan úr Reykjaheiði og skárust vagnabrautirnar við Murneyrarskarðið efra. Enn má sjá brautina óhreyfða efst í Húsatóftalandi (sjá örnefnaskýrslu Reykja). Bílar fóru brautina eitthvað þar til Bakkavegurinn kom árið 1927," segir í örnefnaskrá Húsatófta. Skógargata er sýnd á örnefnakorti af Húsatóftum í Jarðabók Skeiðahrepps. Hún er suðaustarlega í landi Húsatófta og lá til suðausturs af Bakkabraut 012 og sameinaðist þjóðleið 011 á Þjórsárbökkum. Það eru a.m.k. tvær útgáfur af þessum götum varðveittar í landi Húsatófta og það eru fleiri slóðar á þessu svæði með sömu stefnu, bæði eftir umferð gangandi fólks og dýra.


Mynd 102. Skógargata ÁR-661:014, horft til suðurs.

Gróinn mói. Hér og þar eru grónar dælar og lágir rimar. Jarðvegurinn er sendinn og mosi áberandi. Svæðið er nýtt til beitar.
Leiðinni er viðhaldið af lausagönguhrossum. Í lýsingu þessari er þeim gefið númer til aðgreiningar. Leið 01 er suðvestar og sýnd í Jarðabók Skeiðahrepps. Hún er auðrakin, bæði á jörðu niðri og loftmynd. Leiðin kemur í ljós sunnan við ræktað tún, nyrsti hluti leiðarinnar hvarf við sléttunina. Hún liggur til suðausturs frá túninu og það má sjá 5-20 paldra í henni. Göturnar eru tæplega 500 m langar. Götur 02 eru 140 m norðar og sameinast götum leið 01 skammt vestan við Þjórsárgötur 011. Hún er umfangsminni, um 370 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Þar má greina 5-10 paldra á yfirborði og eru þeir 0,2 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reykir JE, 23; Ö-Húsatóftir JE, 8

ÁR-661:015 *Þjóðleiðin fram Skeiðin* heimild leið A 425356 N 391690
"Merkurhraunsvegur, sem sýslunefndin nefndi svo, var önnur alfaraleiðin yfir Skeiðin – sameiginleg þjóðleið uppsveitamanna – Tungna, Hreppa og Skeiðamanna – til kaupstaðarins á Eyrum og síðar til Reykjavíkur, og fjölfarin leið reiðmanna milli byggða, fyrr á öldum. Engar sögur fara af því, hver markaði götuna í upphafi, en leiðin hefur greinilega verið vel valin. Hún er miðsvæðis, liggur lengst af um þurrlenda móa og heiðar og loks yfir Merkurhraun fremst. Þó voru á leiðinni þrjár torfærur, blaut mýrarsund í Húsatófta- og Brjánsstaðalandi og Merkurhraunið hefur verið illfært á kafla. [...] Elstu heimildir um vegbætur á Skeiðum eru þrjú bréf Ófeigs Vigfússonar hreppstóra í Fjalli. Í bréfi dagsettu 31. október 1851 [...] segir svo: "Frá Skeiðahrepp voru á næstliðnu voru ruddur sá partur af almenningsveginum á Merkurhrauni, er Skeiðahrepp tilheyrir ..." Hið annað bréf Ófeigs er dagsett 26. október 1856, en þar segir:

"Ruddur almenningsvegur á Húsatóftaholti og sá partur af almenningsvegi á Merkurhrauni, sem tilheyrir Skeiðasveit ..." [...] Loks segir svo í þriðja bréfi Ófeigs, dagsettu 31. október 1857: ["]Í Skeiðahreppi eru árið 1857 gjörðar þessar vegabætur: 1) Ruddur vegur í Merkurhrauni, það sem er í Skeiðahreppslandi, og 2) Gjört við Ölversbrúna, það sem Skeiðahrepp tilheyrir.["] [...] En til Merkurhraunsvegar á Skeiðum, sem sýslunefnd nefndi svo – var ekki veitt fé fyrr en árið 1885. Voru það 30 krónur til ruðnings í Merkurhrauni [...]. Auðvitað var þjóðleiðin gamla – Merkurhraunsvegurinn sem síðar nefndist svo – aðeins troðningar eða götur [...]. Bændur fóru að koma sér upp hestvögnum upp úr aldamótunum 1900 [...] Rjómabúin, hin nýju fyrirtæki bændanna, risu upp hvert af öðru og kölluðu á betri flutningatæki og nýja vegi. [...] Sjálfsagt hafa Skeiðamenn tekið þátt í vegabótunum á Merkurhraunsvegi þótt um það séu ekki tiltækar heimildir, en rjómabú þeirra tók til starfa við Framneslæk vorið 1903, og þeir þurftu líka að koma smjörinu til Reykjavíkur. [...] Vagnabrautin frá Húsatóftum fór undir tún bændanna á Húsatóftum og á Hlemmiskeiði, nema vestast í Hlemmiskeiðslandi, þar sem hún kemur í ljós sunnan við Móhólana. Yfir Brjánsstaðaland er brautin óhreyfð með öllu, slétt, nokkuð djúp og stílhrein vagnabraut [...]. Heitir þar Sléttakortsheiði, þar sem brautin liggur um og er stórt mosaþýfi. Brautin hverfur svo í tún bændanna í Ólafsvallahverfi en kemur aftur upp efst í Merkurhrauni, þar sem hún kemur aftur upp efst í Merkurhrauni, þar sem hún er bæði djúp og breið og hægt að rekja hana fram á Flóaveg, þar sem brautin hverfur í veginn. [...] Við skulum nú skoða Merkurhraunsveginn nánar og leggjum af stað af Húsatóftaholti. Suðvestur af holtinu, þar sem vélaskemma Búnaðarfélagsins stendur nú, var blautt mýrarsund og illfært. Þar var byggð "brú" [ÁR-239:052] yfir sundið og komu til þess smá upphæðir frá sýslunni. [...] Í Hlemmiskeiðslandi lá brautin yfir stórþýfðan móa austur af bænum, sem nefndist Hæðir. Var brautin bæði slétt og þurr og hinn besti reiðvegur, að núlifandi menn segja. Síðan lá leiðin sunnan við bæina á Hlemmiskeiði, þá yfir Kerlingarima og sunnan við Móhólana fram í Brjánsstaðaland, en brautin er nú komin í tún bændanna þangað frá Húsatóftum, eins og áður segir. [...] Þar austast í landinu er Sunddælin, allbreitt mýrarsund og var illfær eða ófær í rigningartíð. Þar er "brúin yfir Brjánsstaðasund" [ÁR-241:009] [...]. Brautin yfir Sléttakotsheiðina í Brjánsstaðalandi er enn óhreyfð, slétt, breið og alldjúp – heillegasta og stílhreinasta vagnabrautin á Skeiðum og því merkilegar minjar frá vagnatímanum. Þar sem brautin kemur úr Brjánsstaðalandi tekur við tún Andrésfjósabóndans, hún hefur svo legið norðan Götudælanna vestan Ólafsvallavegar. Brautin er einnig horfin í hin víðáttumiklu tín og kornakra þarna á Ólafsvallaheiðinni, þeim mikla heiðarfláka. Góð vagnabraut hefur verið yfir heiðina og hún þurr og slétt. [...] Þegar fram í Merkurhraun er komið kemur þjóðleiðin forna aftur í ljós, breið vagnabraut og djúp vestast í Ólafsvallalandi. Þar í hrauninu blasir við af leiðinni fornu hinn sögufrægi Helghóll, stór hraunhóll en gróinn. [...] Nokkru sunnan Helghóls kemur Árhraunsgatan forna inn á Merkurhraunsveginn, sem liggur svo skammt norðan Áshildarhóls. Heitir þar Sprengir, vegurinn vestast í Ólafsvallalandi. Þar er brautin breið og slétt og sandur undir. Bendir nafnið til þess, að þar hafi menn látið spretta úr spori, þegar þeir komu úr karganum að sunna. Nú erum við kominn inn í Kílhraunsland og liggur brautin þar á stað meðfram Áshildarmýri að norðan. Þá tekur við úfið hraun og hefur verið ógreiðfært áður. Heitir þar Ruðningur, sem bendir til þess að hraunið hafi verið rutt. [...] Þarna er brautin niðurgrafin og liggur síðan inn á sumarhúsalóðir. Aftur kemur brautin í ljós og liggur síðan skammt sunnan Skollaþúfu sem er lítill grjóthóll. Er hún í mörkum Skeiða- og Flóahreppanna og fimm jarða," segir í Jarðabók Skeiðahrepps.

"Gamla brautin – þjóðleiðin forna – fram Skeiðin af Húsatóftaholti er nú horfin í tún í Húsatóftalandi en er víðast óhreyfð og auðrakin þegar kemur vestast í Hlemmiskeiðisland, yfir lönd Brjánsstaða, Ólafsvalla og Kílhrauns, fram í Flóa. [...] Elstu ritaðar heimildir um að gera þjóðleiðina fornu vagnfæra eru endurminningar Ágústar Helgasonar, bónda í Birtingaholti. Þar lýsir hann því að sjálfboðaliðar úr hreppnum hafi farið og sléttað braut frá rjómabúunum og niður á þjóðveginn í Flóa. Þetta mun hafa verið árið 1903 (sjá örnefnaskýrslu Reykja). Þessi

leið var farin þar til Skeiðavegurinn komst í gagnið," segir í örnefnaskrá Húsatófta. "Þjóðleiðin forna kom ofan úr Húsatóftalandi (sjá örnefnaskýrslu Húsatófta) en lá svo yfir Hæðirnar í Hlemmiskeiðislandi. Þar var kargþýfður mói sem brautin lá yfir en hún var bæði djúp og slétt. [...] Brautin er nú komin í tún, nema hún sést enn sunnan undir Móhólunum vestast. [...] Á Hæðunum var áður stórþýfður óræktarmói og um þær lá áður þjóðleiðin hin forna. Voru þar djúpar sand- og moldargötur, rennisléttar og muna núlifandi menn eftir þeim. Móinn var svo sléttaður og eru Hæðirnar nú orðnar að túni," segir í örnefnaskrá Hlemmiskeiðis. "Forn þjóðleið lá áður yfir Brjánsstaðaland [...]. Er brautin enn óhreyfð og greinileg í Sléttakotsheiði," segir í örnefnaskrá Brjánsstaða. "Gamli vegur liggur frá Ólafsvöllum suður Heiði og yfir Merkurlaut skammt frá Axarhóli yfir að Þjórsá hjá Urriðafossi. Gamli vegur var moldarbraut, vagnfær, aðalleið af vestanverðum Skeiðum niður á „Bakka“ þar til nýr vegur var lagður um Skeiðin þar sem hann er nú. [...] Sprengir er sendið valllendi í hraunbrúninni austanverðri. Þar voru góðar reiðgötur og hluti Gamla vegar," segir í örnefnaskrá Ólafsvalla.
"Heitir þar Sprengir, fremst í Ólafsvallalandi og er harður og sléttur völlur [...]. Brautin liggur svo norðan Ruðningahólsins, grjóthólsins þar sem varði Árnesingafélagsins stendur og svo niður í Flóa. [...] Þjóðleiðin forna. Hún lá yfir Andrésfjósaland fremst en er nú horfin í tún," segir í örnefnaskrá Ólafsvallatorfunnar. "Vegurinn telst frá Gilvaði á Hróarsholtslæk, þar sem Ásavegurinn endar, og yfir Skeiðin og upp að Húsatóftum – og vegurinn er búinn að fá nafn," segir í örnefnaskrá Kílhrauns.
"Þjóðvegir eru 2, annar [015] frá Skálmholti, hinn [023] vestan frá Hvítá, er liggja upp úr sókninni, fyrst upp undir Ólafsvelli, hvar þeir koma saman, svo þaðan í landnorður fyrir sunnan Hlemmiskeið, hvar skammt frá hann [015] skiptist í 2ær götur. Liggur önnur [012] austur á Murneyrar hjá Þjórsá upp í Gnúpverjahrepp og yfir fyrrtéða á austur í Rangárvallasýslu. Nyrðri gatan [015] liggur frá Hlemmiskeiði fyrir sunnan Húsatóftir en vestan Reyki, hvar hún skiptist aftur í 3 greinir. Hinn vestasti [060] liggur til Skálholtssóknar, önnur [009] upp yfir Stóru-Laxá á Langholtsvaði til Hrunamannahrepps, en sú 3ja [033] til Hrepphólasóknar," segir í Sýslu og sóknalýsingum.
Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hann kemur inn í Skeiðahrepp úr Hraungerðishreppi og liggur í NA sunnan við Hlemmiskeið (ÁR-240) og Húsatóftir (ÁR-239) að Húsatóftaholti þar sem við tekur leið (010).
Merkurhraunsvegurinn byrjar eða endar á Húsatóftaholti. Hann er horfinn í landi Húsatófta en brú 239:015 var notuð á þessari leið. Í landi Húsatófta var hún fast norðan við núverandi þjóðveg. Þar eru nú grasivaxin tún.
Heimildir: JS, 551-555; Ö-Húsatóftir JE, 6-7; Ö-Hlemmiskeiði JE, 3, 8; Ö-Brjánsstaðir JE, 2; Ö-Kílhraun JE, 5-6; Ö-Ólafsvellir, 1-2; SSÁ, 84; Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-661:016 *Skeiðavegurinn* heimild leið A 425417 N 391736
"Um og upp úr aldamótunum 1900 hefst sókn í samgöngumálum þjóðarinnar. Brýr voru byggðar og varanlegir vegir lagðir, þar á meðal Skeiðavegurinn. Alþingi veitti á fjárlögum árið 1905 fyrir árin 1906 og 1907 6.000 krónur hvert ár „til akbrautar frá Flagholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru-Laxá.“ [...] Byrjað var að leggja veginn árið 1906 og komst hann í þeirri lotu austur fyrir Húsatóftaholt, yfir Dælatöglin og rétt austur fyrir áveituskurðinn þar. Engar upplýsingar er að fá hjá Vegagerðinni um hvernig vegarlögninni miðaði áfram. Vegarstæðið hefur verið ógreiðfært yfir Merkurhraun en þar hefur vegurinn verið púkkaður með grjóti úr hrauninu að öllum líkindum. Frá Borgarkoti liggur vegurinn yfir mýrlendi. Erfitt var með ofaníburð og langt í hann. Sandur var tekinn í Brennihólunum í Brjánsstaðalandi og svo möl í Húsatóftaholti. Eyrbekkingar og Stokkseyringar unnu mest við vegalagninguna þessa 13 km leið en þá voru aðeins handverkfæri og vagnar til ofaníburðar.
Sjálfsagt hafa bændur farið með vagna á veginn eftir því sem hann lengdist. Greinilegt er m.a. hve vagnabrautin á þjóðleiðinni gömlu er verri þegar komið er fram fyrir Árhraunsbrautina og

hefur raunar verið illfær fyrir vagna," segir í örnefnaskrá Húsatófta. "Byrjað var á veginum árið 1906 og náði hann í fyrstu rétt upp fyrir Húsatóftaholt. Vegurinn var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi upp úr 1980. Vegurinn klýfur Hlemmiskeiðisland," segir í örnefnaskrá Hlemmiskeiðis. "Skeiðavegurinn – þjóðvegurinn – liggur yfir landið. Vegurinn var endurbyggður upp úr 1980 og lagður bundnu slitlagi. Þá voru nokkrar beygjur teknar af veginum í Kílhraunslandi og er lega vegarins færð til nútímans á uppdrætti jarðarinnar," segir í örnefnaskrá Kílhrauns. "Skeiðavegurinn liggur yfir land jarðarinnar efst," segir í örnefnaskrá Borgarkots. Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908. Vegurinn kemur inn í Skeiðahrepp úr Villingaholtshreppi V við Kílhraun (ÁR-250) og liggur í NA að leið (010) S við Húsatóftir (ÁR-239). Hann er horfinn í landi Húsatófta.
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 9; Ö-Hlemmiskeiði JE, 4; Ö-Kílhraun JE, 11; Ö-Borgarkot JE, 2; Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-661:020 *Kirkjurif* heimild leið A 425197 N 391975
"Kirkjurif. Rimahaft milli dælanna. Farið var eftir rifinu til kirkju og er nafnið dregið af því," segir í örnefnaskrá Húsatófta. "Kirkjurif, öðru nafni Messurimi. Er á mörkum Hlemmiskeiðis og Húsatófta. Leiðin til kirkju frá Húsatóftum lá um rimann og dregur hann nafn sitt af því," segir í örnefnaskrá Hlemmiskeiðis. Heimildamenn muna ekki eftir reiðgötum á þessum slóðum. Þetta svæði er gróin með þurrum dælum og rimum. Það er nýtt til beitar.
Engin ummerki um götur sjást á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Húsatóftir JE, 14; Ö-Hlemmiskeiði JE, 8

ÁR-661:054 heimild leið A 425542 N 392532
Óviss gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá Húsatóftum (ÁR-239) að leið (048) S við Vorsabæ (ÁR-260). Leiðin er horfin og engin ummerki hennar eru þekkt í landi Húsatófta,
Vorsabæjarvegur, malarvegur sem enn er notaður, er á svipuðum stað og þessi leið lá. Beggja vegna við þjóðveginn eru ræktuð tún.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-671 Fornleifar á fl. en einn jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Gnúpverjahreppi.

ÁR-671:021 *Skógargötur* vegur leið A 438565 N 393859
"Skógarvað [ÁR-287:018]: Um það vað er talið, að frá fornu fari hafi legið aðalferðamannaleiðin upp í Gnúpverjahrepp (og öfugt), en Háimelur var löngum þröskuldur á vegi, en hann gengur vestan Kálfár alveg niður í á. Síðar var farið að sniðskera hann, sérstaklega eftir að vagnaöldin hófst. Það hins vegar tókst ekki að fullu, fyrr en stórvirkar vélar komu til sögunnar. Þessi leið lá um Sandskörð, sem eru í Miðhúsalandi, stuttan spöl niður með ánni á vaðið. Frá Skógarvaði liggja greinilegar götur upp fyrir austan Litla-Hraunsnef, um nyrztu Hrútalágina góðan spöl fyrir vestan fjárhús, upp austan Bleiksbrekkna og þaðan upp í Skaftholtsheiði og áfram austan við Skaftholtsmúla. Þær voru kallaðar Skógargötur og kenndar við þá iðju, sem stunduð var frá alda öðli, að sækja skóg í Þjórsárdalinn og þó aðallega Búrfell. Var hann fluttur suður um allar sveitir til húsagerðar og eldiviðar. Vitað er, að mörg stórbýli áttu skógarítök í Þjórsárdal, s.s. Kaldaðarnes og fleiri," segir í athugasemdum við örnefnaskrá Stóra-Hofs. Skógargötur voru skoðaðar í landi Skaftholts/Réttarholts sumarið 2017, bæði vestan og austan við Árnes. Skógargötur sjást vel víðar í hreppnum.



Mynd 103. Skógargötur ÁR-671:021-01, horft til austurs og leið 02, horft til norðausturs.

Skógargötur liggja í grónu hrauni og smáhæðóttu landi. Mosagróður setur sterkan svip á landslagið en jafnframt er stinnastör áberandi. Jarðvegurinn er þunnur og víða sést í bert hraun og staka kletta.
Fyrir vestan tjaldsvæðið í Árnesi sjást Skógargötur til vesturs, allt að Þjórsárdalsvegi 32. Það má greina tvær útgáfur leiðarinnar þar og fá þær númer til aðgreiningar í lýsingu þessari. Syðri leiðin 01 sést á tæplega 420 m löngum kafla. Þetta er ruddur vagnvegur sem hlykkjast austur-vestur. Hún er 0,2-0,4 m á dýpt og 2-3 m á breidd. Vegurinn er mosavaxinn og ekki sér til paldra þar. Götur 02 sjást um 10 m norðar, á 180 m kafla. Þær liggja nálega norðaustur-suðvestur. Þær liggja í örlitlum sveig til austurs en að öðru leyti þræða þær hraunið nánast í beinni línu. Göturnar er um 1,5-3 m á breidd og greina má 2-5 grasivaxna paldra sem ná um 0,3 dýpt. Botn þeirra er gróinn ef frá eru taldir fáeinir moldarblettir hér og þar. Göturnar hafa gróið smátt og smátt við landslagið til vesturs en til austurs hverfa þær um 10 m austan við garðlag ÁR-291:026 og sameinaðist þar leið 01. Skógargötur koma aftur í ljóst austan við Árnes. Þar sért ruddur vagnvegur sem liggur í sveig sunnan við Þrívörður ÁR-291:009 og sunnan við Réttarholt og að Skaftholtsréttum ÁR-291:023. Þessi hluti er rúmlega 750 m að lengd.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof Aths, 1-2

ÁR-671:022 *Réttargötur* gata leið A 438608 N 393796



Mynd 104. Réttargötur ÁR-671:022, horft til norðurs.

"Gamlar kirkjugötur upp heiði, líka réttagötur í Skaftholtsréttir, sem voru aðalréttir allra suðursveita Flóa og Skeiða til 1881, þá byggðar upp á einum degi," segir í örnefnaskrá Stóra-Hofs. "Réttargötur eða Kirkjugötur lágu upp heiði að Nónsteini, þar í samband við aðalferðamannabrautina [021]. Ég man þetta allt vel, ég var þarna verkstjóri, eftir að þetta varð að sýsluvegi, en þá var farið frá Húsatóftaholti austur að Þjórsá, um Murnheiði og upp Þrándarholtsbakka. Seinna var lagður vegur frá Sandlækjarkoti austur mýri að Þrándarholti og um leið frá Sandlækjarkoti að Laxárholti að brú á Laxá. Þessar Réttargötur eða brautir lágu meðfram Skaftholtsréttum. Þær voru fyrst fyrir allar suðursveitir Flóa og Skeiða," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar um Stóra Hof. "Réttagötur liggja frá Minna-Hofstúngarði og upp í Stekkjardal og þaðan upp í Skaftholtsrétt," segir í örnefnaskrá Minna-Hofs. Leiðin var rakin í landi Skaftholts sumarið 2017. Hún er rúmum 65 m sunnan við leið 671:021 og um 100 m sunnan við Nónstein 017. Leiðin er umfangsmikil, og hægt að rekja hana allt að heimatúni Minna-Hofs.

Á þessum slóðum er mosa- og grasivaxið hraun áberandi. Jarðvegurinn er þunnur og sums staðar má sjá í bert hraun, sér í lagi til vesturs.

Götur liggja norðaustur-suðvestur á rúmlega 1,4 km löngum kafla. Þær eru rúmlega 2 m á breidd og mest má greina 4 grasivaxna paldra sem eru um 0,3 m djúpir. Er botn þeirra algróin mosa. Göturnar hverfa til austurs við tjaldsvæði við Félagsheimilið Árnes Til vesturs hverfa þær undir Þjórsárdalsveg 32, en verða aftur greinilegar um 40 m suðvestan við veginn og halda sömu stefnu uns þær koma í land Stóra-Hofs.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir: Ö-Stóra-Hof GÓ, 4; Ö-Stóra-Hof Svör, 5-6; Ö-Minna-Hof Óþ, 1

ÁR-671:024 *Skaftaholtsgötur* renna leið A 441093 N 393530



Mynd 105. Skaftholtsgötur ÁR-671:024, horft til suðvesturs.

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá leið (068) við Þjórsárholt (ÁR-290) í NA að leið (052) við Skaftholt (ÁR-291)."Akvegurinn [045] beygir frá görðunum [290:041] út á heiðina, þar sem Flataskurðurinn kemur út fyrir þá. Er þar kallaður Sandur, en Skaftaholtsgötur liggja inn með görðum og hjá Knarrarholti [291:011]," segir í örnefnaskrá Þjórsárholts. Leiðin var eingöngu skoðuð í landi Skaftholts sumarið 2017.

Þar sem leiðin lá í gegnum land Skaftholts eru bithagar fyrir hross og lágið hraunrimar. Svæðið hefur verið sléttað að hluta.

Leiðin er óljós í landi Skaftholts og sést lítið

sem ekkert. Hún lá til norðausturs frá Knarrarholti ÁR-291:011 en þar er nú nýbýlið Hrunhólar og bakgarður þess. Leiðin sést sem óljós renna þaðan og lá fast autan við hraunhrygg sem þarna er í grónu beitarhólfi.. Leiðin var 600 m löng í landi Skaftholts og má óljóst rekja hana á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þjórsárholt JJ yngri, 5; Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-671:025 *Stóra-Hofsgatan* gata leið A 437851 N 392510
"Vestur heiðina liggur Stóra-Hofsgatan. Nálægt henni er Svartiklettur eystri, keilulöguð hraunstrýta," segir í örnefnaskrá Þjórsárholts. Stóra-Hofsgata er tæpa 3 km suðvestan við bæ 001, austan við Árneshverfið, í þýfðu mólendi um 800 m norðan við Þjórsá. Þar er vegi fylgt til suðurs í gegnum gámasvæðið og niður að rafmagnslínunum sem þar liggja og þá sjást göturnar. Stóra-Hofsgata var skoðuð árið 2006, í tengslum við deiliskráningu í Réttarholti. Aftur var farið á vettvang sumarið 2017 og leiðin skráð austar í landi Skaftholts. Hún sést einnig í landi Stóra-Hofs og Þjórsárholts en hefur ekki verið skoðuð þar.
Mosavaxið hraun er í Hofsheiði.
Árið 2006 segir: "2-6 götur, hlið við hlið, liggja austur-vestur. Þær eru um 0,3-,4 m breiðar og 0,3-0,6 m djúpar. Bakkar paldranna eru mosavaxnir og rof í botni.“ Leiðin sést liggja beint í gegnum land Skaftholts og er tæplega 1,5 km að lengd. Göturnar sjást sem 3-4 kindastígar í röð sem liggja N-S. Þær eru mjög grónar og hafa greinilega ekki verið notaðar lengi. Þær voru mældar inn að hluta en ekki alla leið.
Heimildir: Ö-Þjórsárholt JJ yngri, 6

ÁR-671:026 gata leið A 438565 B 393859
Við yfirferð loftmynda árið 2017 sáust götur, rétt austan við Árnes. Þær lágu til suðvesturs frá leið 671:021, skammt austan við Árnes og hverfa rétt austan við Heiðarbraut, götu í Árnesi. Þær sjást aftur sunnan við Þjórsárdalsveg 32, liggja þvert yfir Geldingaholtsgötu 065 og fjara úr í Hofsheiði. Þær sameinuðust líklega Stóru-Hofsgötu 025 nokkuð sunnar. Það er hægt að rekja leiðina á tæplega 1 km löngum kafla áður en hún fjarar út til suðvesturs. Ekki er hægt að lýsa leiðinni nánar, hún var ekki skoðuð á vettvangi.

ÁR-671:065 *Geldingaholtsgata* gata leið A 439300 N 393271
Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá Þjórsárholti (ÁR-290) í NV að leið (052). "Geldingaholtsgata liggur út Sléttuheiðina, fyrir sunnan Hamrabala og Brúnir," segir í örnefnaskrá Þjórsárholts. Hér er um sömu leið að ræða. Leiðin lá frá Þjórsartúni að Nónsteini ÁR-291:017 og sameinaðist öðrum leiðum þar. Leiðin var skoðuð í landi Skaftholts ÁR-291 sumarið 2017 og árið 2006 í tengslum við skráningu í Réttarholti.


Mynd 106. Geldingaholtsgata ÁR-671:065, horft til suðurs.

Leiðin liggur í mosavöxnu hrauni. Hér og þar koma klettar og steinar upp úr sverði. Leiðin er mosa- og grasivaxin. Hún er 0,2-0,5 m djúp og 0,3 m breið. Hún liggur NNV-SSA og sést nánast öll. Það er rétt nyrsti hluti hennar sem er horfin undir byggð í Árnesi. Leiðin sést á 1,8 km löngum kafla og er auðrakin. Paldrarnir eru 5-10 talsins í landi Skaftholts.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjórsárholt JJ yngri, 6

ÁR-671:067 gata leið A 439942 N 393426
Við yfirferð loftmynda var hægt að greina umfangsmiklar reiðgötur sem lágu til suðurs frá Kálfá, að Þjórsárholti ÁR-290. Leiðina er hægt að rekja alla leið í grónu hrauni en ekki er vitað hvort hennar er getið í örnefnaskrá Þjórsárholts. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi.
Leiðin liggur í mosavöxnu hrauni. Hér og þar koma klettar og steinar upp úr sverði.
Leiðin er rúmlega 2,2 km löng og hlykkjast norður-suður. Hún sést liggja til suðurs frá Kálfa í gegnum skógræktarsvæði og leið 021 liggur þvert í gegnum þær. Hún hverfur við Þjórsárdalsveg 32 en sést aftur sunnan hans og allt að fornum tóftum í hrauninu í landi Þjórsárholts og áfram að bænum þar. Leiðina verður að skoða nánar í lani Þjórárholts, í tengslum við minjar sem eru fast vestan hennar þar.

ÁR-671:068 gata leið A 440323 N 393968



Mynd 107. Leið ÁR-671:068, horft til norðvesturs.

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur til norðurs frá heimatúni Þjórsársholts (ÁR-290) að leið 052. Leiðin er varðveitt að stórum hluta og var hún skráði bæði árið 2006 og 2017, eingöngu í landi Þjórsárholts.
Á þessum slóðum er grasivaxið og þýft. Á stöku stöðum eru litlir hólar sem teknir eru að blása upp.
Árið 2006 var leiðinni lýst. Þar segir: "Þar eru götunar 0,3-0,5 m breiðar, mosagrónar og rofnar á stöku stað.“ Staðurinn var aftur heimsóttur árið 2017 og bætt við lýsinguna. Götur sjást á rúmum 530 m löngum kafla og liggja þær í norðvestur-suðaustur. Göturnar eru rofnar á tveimur stöðum af malarvegum sem liggja að byggingum sem þarna eru.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-671:074 gata leið A 440323 N 393967
Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá leið (072) við Hamra (ÁR-275 og ÁR-276), í SA yfir Kálfá og leið (075) að leið (052). Hér er um framhald af leið 068 að ræða.
Á þessum slóðum er grasivaxið og þýft. Á stöku stöðum eru litlir hólar sem teknir eru að blása upp.
Árið 2006 var leiðin skoðuð þegar svæði innan Réttarholts var deiliskráð. Þar var götunni lýst svo: „Kræklóttar götur, um 0,9-0,4 m breiðar og 0,1-0,2 m djúpar. Þær eru rofnar á stöku stað og liggja út frá rétt 023.“ Árið 2017 var leiðinni lýst svona: „5-7 götur samsíða. Þær liggja norðvestur-suðaustur og beygja svo í suðvestur að Þjórsárholti, frá Skaftholtsréttum. Þær er um 3-5 m breiðar og mest sjást 5 grasivaxnir paldrar sem eru um 0,2 m djúpir. Mold og gras er í botni þeirra. Göturnar eru ágætlega varðveittar, en fyrir miðju þeirra vottar óljóst fyrir vegslóða sem fer þvert í gegnum þær. Göturnar hverfa við skóglendi til vesturs. Til austurs hverfa þær við Skafholtsrétt 023.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-671:075 gata leið A 439514 N 394244
Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá leið (073) í NA með austurbökkum Kálfár, yfir leið (074) að leið (076). Leiðin lá meðfram Kálfá, þarna eru nú m.a. reiðvöllur, sumarbústaðir og tún. Leiðin lá beint norðan við Árnes og áfram til norðausturs.
Árbakkinn grasi og kjarri vaxinn en sést þó glitta í moldarrof af og til í grasi. Svæðið er gróið en víða rask vegna framkvæmda.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-671:076 gata leið A 440717 N 395306
Leiðin liggur meðfram Kálfá norðvestan við sumarbústaðabyggð sem einnig er meðfram ánni. Hún virðist hafa legið alveg við árbakkann, 1,3 km norðvestan við bæ 001 og rúma 130 metra norvestan við garðlag 070.
Þar er árbakkinn grasi og kjarri vaxinn en sést þó glitta í moldarrof af og til í grasinu Leiðin sést sem einfaldur moldarstígur meðfram ánni. Stígurinn liggur norðaustur-suðvestur og er um 0,3 m breiður. Hann sést á litlum parti við sumarbústaðina og gegnur áfram til norðausturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA


Mynd 108. Leið ÁR-671:076, horft til suðvesturs.

ÁR-671:077 vegur leið A 441560 N 395378
Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hann liggur frá leið (052) A við Skaftholt (ÁR-291) í N að Smjörbúi (ÁR:268:029) í landi Ása. Suðurhluti leiðarinnar er horfinn og er líklega á sama stað og núverandi malarvegur sem þarna er.
Vegurinn liggur í grónum móa. Þetta er gróið hraun, víða eru lágir hólar, hryggir og flatir á milli þeirra.
Vegurinn sést enn fyrir sunnan gatnamót Stóra-Núpsvegar 328 og Gnúpverjavegar 325. Hann liggur til suðvesturs frá vatnsleiðslu sem þarna er og hlykkjast í átt að bæ 001. Vegurinn rennur saman við malarveg eftir tæpa 480 m. Hann er 3 m á breidd, 0,5 m á hæð og sléttur.

5. Niðurstöður

Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahrepps hófst í júní 2017, á jörðunum Húsatóftum og Skaftholti. Er þetta fyrsti áfangi aðalskráningar en vonir standa til um að hægt verði að halda skráningu í sveitarfélaginu áfram á næstu árum þar til skráðar hafa verið minjar í sveitarfélaginu öllu. Að þessu sinni var hins vegar ákveðið að hefja verkið þar sem brýnast þótti, í þéttbýlinu sem myndast hefur innan landamerkja jarðanna Húsatófta og Skaftholts.

Að þessu sinni voru skráðar allar þekktar fornleifar innan landamerkja þessara gömlu jarða, samtals 145 fornleifar en 163 minjaeiningar.[3] Af fornleifunum voru 67 á Húsatóftum, 56 í Skaftholti og 22 töldust vera á fleiri en einni jörð. Gengið var á alla þekkta minjastaði en í fimm tilfellum var ekki hægt að staðsetja minjarnar. Í þeim tilvikum var lýsingin á minjastöðum of óljós til að hægt væri að staðsetja þær og ekki náðist í heimildamenn sem gátu aðstoðað við að staðsetja staðina.


Jörðin Húsatóftir í Skeiðahreppi á sér langa sögu. Jörðin er nánast í miðjum heppnum og fornar leiðir lágu þangað úr öllum áttum ef svo má að orði komast. Jarðarinnar er fyrst getið í Flóamannasögu sem talin er rituð á 12. eða 13. öld. Á 16. öld er jarðarinnar getið í máldögum og samfelld búseta hefur verið þar í gegnum aldirnar. Þingstaður var á Húsatóftum sem er einnig góður vitnisburður um að jörðin sé forn. Skaftholt í Gnúpverjahreppi er einnig forn jörð, með þeim elstu í þeim hreppnum. Jarðarinnar er fyrst getið í Landnámu og í gegnum tíðina var hún ein dýrasta jörð sveitarinnar. Skaftholts er einnig getið í Grettissögu en máldagar geta jarðarinnar ekki svo vitað sé. Í landinu eru víða gamlar þjóðleiðir, m.a. Skaftholtsréttum en þar er eitt elsta réttstæði landsins svo vitað sé, en það er talið frá 12. öld.

Ástæða þess að jarðirnar Húsatóftir og Skaftholt/Réttarholt eru í forgangi í skráningu er sú að innan þeirra eru skilgreind þéttbýlissvæði og þar hafa orðið miklar breytingar á síðustu áratugum og líkur á að framkvæmdir haldi þar áfram á næstu árum. Talsvert þéttbýli er risið á báðum stöðum, þar eru m.a. sundlaugar, skólar, hótel og tjaldsvæði auk íbúðarbyggðar. Á báðum jörðum er þó enn stundaður hefðbundin búskapur auk annarrar starfsemi, m.a. ferðaþjónustu og þjónustu við fatlaða. Auk þess eru nokkur nýbýli innan beggja jarða. Á þeim er ekki stundaður hefðbundin búskapur og mætti því e.t.v. kalla býlin dreifbýlt þéttbýli. Þéttbýlið og flest nýbýlanna eru fjarri heimatúnum gömlu jarðanna eða eldri býla. Sökum alls þessa reyndust ekki mjög margar fornleifar innan þéttbýlissvæðanna.

Ástand skráðara minjastaða reyndist því með ágætum innan skráningarsvæðisins en

[3] Á sumum stöðum eru fleiri en ein fornleif. Þeim var gefið undirnúmer til aðgreiningar. Það útskýrir mismuninn á tölunum.


einhver ummerki um minjastaði sáust í um 63% tilfella. Rúm 30% minjastaða voru horfnir og einungis 7% voru óþekktir eða týndir. Hlutfall horfinna minjastaða er örlítið lægra en víða annars staðar á Suðurlandi þar sem algengast er að 40-50% minjastaða horfnir af yfirborði og er það athyglisvert, sér í lagi í ljósi þess að miklar framkvæmdir hafa verið á jörðunum tveimur. Erfitt er að fullyrða um ástæðu þessa og rétt að minna á að hlutfallið gæti breyst eftir því sem fleiri jarðir í hreppnum eru skráðar. En það er ljóst að varðveisla minja í úthögum er með besta móti á báðum jörðunum meðan minjar nærri bæ, sérstaklega á Húsatóftum, eru í flestum tilvikum horfnar. Þar sem sást til minja voru tóftir algengastar en slíkar minjar reyndust rúmlega þriðjungur (33%) greinilegra minja annars konar ummerki s.s. eftir götur og garðlög voru merkjanleg í þriðjung tilfella (29%). Í rúmlega þriðjungi tilvika (31%) eru minjarnar horfnar af yfirborði.



Mynd 109. Ástand skráðra minjastaða á Húsatóftum og Skaftholti

Á hverjum minjastað var metið hvort að hætta steðjaði að fornleifunum og þá hvaða hætta. Rúmlega þriðjungur (33%) af minjastöðum á skráningarsvæðinu taldist ekki í neinni hættu en 67% minja töldust í einhverri hættu. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski og hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfirstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Sem dæmi um þetta má nefna að allir minjastaðir í heimatúnum bújarða í byggð eru að jafnaði taldir í hættu vegna ábúðar, þar sem talsverðar framkvæmdir fylgja oftast búskap í sveit og margar minjar hafa á síðustu

áratugum vikið í slíkum framkvæmdum. Í skráningunni 2017 voru einmitt flestir minjastaðirnir taldir í hættu vegna ábúðar (40%) en 10 % staðanna töldust í hættu vegna framkvæmda. Um 43% minjastaðanna eru ekki í neinni hættu, þeir eru aðallega í úthögum, ekki á svæðum þar sem náttúruvá (s.s. vatnsrof eða uppblástur) ógnar og ekki á svæðum þar sem líklegt er talið að framkvæmdir muni eiga sér stað á næstu árum. Minjar í stórhættu eru 10% og þá aðallega vegna framkvæmda eða trjáræktar.



Mynd 110. Hættumat skráðra minjastaða.

Þeir minjastaðir sem skráðir voru eru að mörgu leyti dæmigerðir minjar um landbúnað og landnýtingu fyrri alda. Hlutverk um 4% þeirra staða sem skráðir voru var óþekkt, þ.e. ekki er lengur vitað nákvæmlega hvaða hlutverki minjastaðurinn gegndi. Slíkir staðir voru t.d. þústir, tóftir eða vörður sem engar heimildir eru um til hvers voru byggð og bera ekki greinileg einkenni sem hægt er að nota til að ráða í mögulegt hlutverk. En einnig voru skráðir minjastaðir sem tengjast samfélagsbreytingum á 20. öld líkt og falla ekki innan dæmigerðs hlutverka fornminja þrátt fyrir að þeir teljist nú þegar, eða muni á næstu árum teljast til fornleifa. Sem dæmi um slíka staði má nefna bensínstöð sem reist var um 1920 á Húsatóftum, Skeiðaáveituna sem var gerð 1917-1923 og akvegir frá því í upphafi 20. aldar.

Báðir bæjarhólarnir á skráningarsvæðinu eru varðveittir en þeir eru þó talsvert raskaðir af völdum bygginga og annarra framkvæmda á 20. öld. Bæjarhúsin eru horfin og núverandi íbúðarhús eru rétt við bæjarhólana eða í jaðri þeirra. Á báðum hólum standa útihús (byggð á 20. öld) sem eru enn í notkun, vegir liggja yfir þá og umsvif vegna búskapar eru þar mikil.

Það eru ekki margir minjastaðir þekktir innan þéttbýlissvæðanna. Í Brautarholti er einungis þekktur einn minjastaður, en hann er nokkuð áhugaverður. Um er að ræða dys eða legstað 239:050 sem kom í ljós árið 1933 við byggingu félagsheimilisins Brautarholts.[4] Beinafundurinn var ekki tilkynntur til Þjóðminjasafnsins á þeim tíma og staðnum rutt út. Ekki er vitað hversu mikið magn af beinum fundust þarna eða hvort að um mannabein var að ræða yfir höfuð. Ekkert bendir til að þarna hafi verið bænhús eða kirkja en mögulegt er að komið hafi verið niður á heiðið kuml en eins má velta fyrir sér hvort beinafundurinn gæti verið í tengslum við þinghald á jörðinni. Þúst 239:051, er í túni um 70 m austan við Brautarholt og samkvæmt staðkunnugum[5] er hún eins í útliti og hóllinn sem fór undir félagsheimilið. Ekki útilokað að þar gætu einnig leynst bein undir sverði og er svæðið áhugavert rannsóknarefni.

Í þéttbýlinu í Árnesi voru skráðir tveir minjastaðir. Annar minjastaðurinn sem skráður var innan þéttbýlisins í Árnesi var Nónsteinsvað 291:017. Hann er skammt norðvestan við félagsheimilið og norðan við tjaldsvæðið. Vaðsins er getið í fjölmörgum ritheimildum og þar fóru nokkrar leiðir yfir Kálfá. Það útskýrir að hluta hinn mikla fjölda fornra leiða sem er að finna á þessum slóðum, t.d. liggja þjóðleiðir 671:021 og 022 að vaðinu að vestan og leið 671:065 að suðaustan. Hinn minjastaðurinn í Árnesi er skammt vestan við tjaldsvæðið á svæðinu. Þar er að finna garðlag 291:026 sem er friðlýst. Minjastofnun Íslands leggur sérstaka áherslu á varðveislu friðlýstra minja en trjám hefur þó víða verið plantað meðfram garðlaginu við tjaldsvæðið, byggingar reist yfir það nokkuð sunnar og aðrar framkvæmdir verið í nánasta umhverfi þess. Garðlagið er gríðarlega langt eða um 2,6 km, það er nánast L-laga og liggur frá Kálfá (vestan við Árnes) til suðausturs, sveigir til austurs meðfram landamerkjum Þjórsárholts, allt að Knarrarholti ÁR-291:011 þar sem það sveigir til norðausturs og fjarar út. Með aðhaldsaðgerðum mætti koma í veg fyrir enn frekara rask á garðlaginu og brýnt er að auka þekkingu á mikilvægi þess og varðveislugildi. Ekkert er vitað um aldur garðlagsins enda þyrfti að gera könnunarskurð til að geta ákvarðað hann en útlit bendir ekki til þess að garðlagið sé fornt. Garðlagið liggur sem fyrr segir að hluta á landamerkjum en einnig afmarkaði það líklega beitiland eða úthaga.

Eins og áður var nefnt er minjadreifing hvergi eins þétt og í heimatúnum gömlu bæjanna og voru skepnuhús því algengustu byggingar á flestum bæjum. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu.

[4] Jón Eiríksson, 2005: bls. 204.
[5] Gylfi Guðmundsson, munnleg heimild.

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Leiðir eru stærsti minjaflokkurinn sem varðveist hefur, bæði í landi Húsatófta og Skaftholts. Alls voru skráðar 31 leiðir á svæðinu eða rúm 22% minjastaðanna. Í flestum tilvikum var um þjóðleiðir að ræða en samgöngukerfi þessa landsvæðis er vel þekkt. Það voru einnig skráðar styttri leiðir, sem tengdu m.a. þjóðleiðir. Þessar þjóðleiðir henta vel til kynningar og nýtingar, bæði í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Þær eru margar hverjar mikið nýttar af hestamönnum og hægt að fara t.d. meðfram Þjórsá úr Flóahrepp allt upp í Þjórsárdal. Þetta samgöngukerfi gæti allt eins hentað vel til kynningar fyrir gönguhópa eða hjólreiðar.

Af öðrum minjastöðum með þekkt hlutverk voru útihús algengust en 16 voru skráð (rúm 10% allra skráðra minjastaða), þar af voru átta staðir þar sem ekki var vitað nákvæmlega hvaða hlutverki útihús gegndi. Tóftir tveggja útihúsa eru ennþá varðveittar í Skaftholti, engin ummerki sjást nú á yfirborði um þau útihús sem stóðu í landi Húsatófta. Í einhverjum tilfellum sjást þústir eða hæðir þar sem húsin stóðu og er svipaða sögu að segja af þeim gömlu kálgörðum sem voru á svæðinu. Þeir voru fimm talsins og eru ummerki um þá alla horfin.

Minjar í úthögum voru í allt 24 talsins (rúm 16%) og tengjast nánast allar útbeit og fjárbúskap. Þar voru skráð 15 beitarhús/fjárhús, eitt hesthús, þrennar kvíar og þrír stekkir en minjastaðirnir virðast dreifast nokkuð jafnt um jarðirnar. Allir stekkirnir og kvíarnar eru horfin en tólf af beitarhúsunum er enn greinileg. Flest þeirra virðast hafa verið í notkun fram á 20. öld og það ein helsta skýringin á góðri varðveislu þeirra.

Af öðrum minjum má nefna að einungis eitt býli var þekkt á skráningarsvæðinu, í landi Húsatófta. Það er býlið Holt 230:049 í svokölluðu Stekkatúni og er það tæplega 700 m ASA við bæinn. Þar má greina þrjá rústahóla auk nokkurra yngri minja, bæði á hólunum og í nánasta umhverfi. Holt var byggt á fornu fjárhússtæði Húsatófta um á 1660-1670 og þar var búið í um 40 ár. Þar var líklega stekkur eftir að býlið féll úr notkun, samanber örnefnið Stekkjartún. Á Herforingjaráðskorti frá 1908 eru sýnd þar fimm útihús en árið 1920 er þarna hlaðinn nátthagi og eitt fjárhús og ljóst að miklar breytingar hafa átt sér stað. Um miðja 20. öld voru síðan reist þar þrjú hús svo vitað sé, eitt þeirra er enn í notkun. Rústahólarnir þrír eru áberandi og greinilegt

að miklar minjar eru þarna undir sverði, líklega fleiri en þær sem vitað er um. Það er ljóst að gríðarlega miklir rannsóknarmöguleikar eru á þessu svæði og að saga þess nær aftur á a.m.k. frá 16.-17. öld og líklega lengur. Ekki eru sagnir um býli í landi Skaftholts sem verður að teljast óvenjulegt miðað við stærð og gæði jarðarinnar. Það eru til sagnir um að bærinn Skaftholt hafi staðið skammt norðaustar en hann gerir nú, ekki er vitað hvenær hann á að hafa verið færður. Þetta er hóll 291:014 en ekki sér til minja á honum.

Á Húsatóftum var þingstaður sveitarinnar og þar er varðveitt tóft þinghúss 239:014 sem reist var á seinni hluta 19. aldar. Þinghúsið var flutt heim að bænum árið 1908, þegar barnaskóli var byggður á bæjarhólnum, á milli bæjanna. Ekki er vitað hvar þingið var staðsett á jörðinni áður en þinghúsið var byggt lok 19. aldar og engin örnefni eru þekkt sem tengjast þinghaldi á Húsatóftum. Einn legstaður var skráður, dys ÁR-239:050 í landi Húsatófta sem áður er getið. Þar fundust mannabein árið 1933 þegar samkommuhús var reist á Húsatóftaholti, það er nú innan þéttbýlisins í Brautarholti. Engin legstaður er þekktur í Skaftholti. Ekki eru heldur sagnir um að kirkjur eða bænhús hafi verið á þessum jörðum en dýrleiki og gæði jarðanna eru þess eðlis að ekki kæmi á óvart að þar hefðu verið bænhús og má minna á að svo getur verið þótt þeirra hafi ekki verið getið í fornum heimildum.

Einn þekktasti minjastaðurinn á svæðinu eru Skaftholtsréttir 291:023. Þær eru við þjóðveginn, skammt austan við Árnes og sem fyrr segir eitt elsta réttarstæði landsins, frá 12. öld.[6] Ekki er vitað til þess að réttin hafi verið færð en hún hefur verið lagfærð og endurbætt í gegnum tíðina. Í hlíðum Skaftholtsfjalls og allt að réttinni má sjá safnahólf sem sum hver gætu verið forn. Skaftholtsréttir eru fallegur minjastaður og henta vel til frekari kynningar og rannsókna en hafa ber í huga að þarna er enn réttað og öll slík vinna yrði að fara fram í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Fjölmargir aðrir minjastaðir voru skráðir en í öllum tilfellum aðeins einn eða tveir staðir af hverri tegund minja og vísast hér með í fornleifaskrá til frekari upplýsinga um þá. Auk friðlýsts garðlags 291:026 sem áður var getið var annar friðlýstur minjastaður er í landi Skaftholts, akur 291:027. Sá staður var innan heimatúns Skaftholts en öll þekking um hann sem og staðsetning er týnd. Við skráninguna fundust engar minjar sem passa við lýsingar, heimildamenn könnuðust ekki við hann og ljóst að hann er glataður

Það er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu að fyllstu varúðar ber að gæta þar eru þekktar minjar en lítil sem engin ummerki sjást á yfirborði. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir

[6] Sturlunga, Árdís Jónsdóttir, 2012

sverði. Þetta er orsökin fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildir

Árdís Jónsdóttir. 2012. „Skaftholtsréttir.“ *Árnesingur. Rit XI* (2012): bls. 65-88.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnessþingi sumarið 1904 (að nokkru leyti áður undirbúin).“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1905:* 1-51. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn.* I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015. *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: skráningarátak. FS570-14171.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Friðlýsingaskrá: Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*. Reykjavík: Fornleifanefnd, 1990. Sótt af: http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf

Guðmundur Daníelsson. 1965. *Þjóð í önn: viðtöl og þættir*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Helgi Skúli Kjartansson. 1988. „Áveiturnar miklu á Skeið og Flóa.“ *Skírnir,* 162, nr. 2 (1988): bls. 330-360.

ÍF: *Íslensk fornrit.* I-XVII. bindi. 1935-2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. II bindi. 1918-1921. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Jón Eiríksson. 2008. *Jarðabók Skeiðahrepps.* [Án útgáfustaðar]: Ungmennafélag Skeiðahrepps.

Jón M. Ívarsson. 2010. *HSK í hundrað ár*. Garðabær: Héraðssambandið Skarphéðinn.

Jónas Kristjánsson**.** 2011. *Þúsund og ein þjóðleið.* Reykjavík: Sögur.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2007. *Deiliskráning í landi Réttarholts í Árnessýslu*. *FS337-06331.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SSÁ: *Árnessýsla*: *Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Reykjavík: Sögufélag.

Sturl: *Sturlunga saga*. I.-II. bindi. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. 1980. I bindi. [Án útgáfustaðar]: Búnaðarsamband Suðurlands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I.-VI. bindi. 1961. Jón Árnason safnaði, ný útg. Reykjavík: Þjóðsaga.

Óprentaðar heimildir

Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906: Uppmælingar Dana á heimatúnum frá árunum 1906-1908. Landmælingar Íslands. Örnefnasjá LMÍ. Sótt af http://atlas.lmi.is/kortasja/

Hkort: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Nr. 47. Sótt af http://islandskort.is/is/category/list/29

Landamerkjabréf: *Árnessýsla – Landamerkjabók 1883-1949*. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort 1919/1920: Túnakort Skeiðahrepps & Gnúpverjahrepps. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Álfsstaðir BH: Örnefnaskrá Álfsstaða. Bjarni Harðarson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

Ö-Álfsstaðir JE: Örnefnaskrá Álfsstaða. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, e.d.

Ö-Birnustaðir JE: Örnefnaskrá Birnustaða. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2003.

Ö-Blesastaðir JE: Örnefnaskrá Blesastaða. Jón Eiríksson skráði Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Borgarkot JE: Örnefnaskrá Borgarkots. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1998

Ö-Brjánsstaðir JE: Örnefnaskrá Brjánsstaða. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2001.

Ö-Efri-Brúnavellir: Örnefnaskrá Efri-Brúnavalla. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Fjall JE: Örnefnaskrá Fjalls. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2002.

Ö-Hlemmiskeiði JE: Örnefnaskrá Hlemmiskeiðis. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Húsatóftir JE: Örnefnaskrá Húsatófta. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Húsatóftir JE eldra: Örnefnaskrá Húsatófta. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

Ö-Húsatóftir VÞ: Örnefnaskrá Húsatófta. Vilhjálmur Þorsteinsson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1977.

Ö-Kálfhóll JE: Örnefnaskrá Kálfhóls. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Kílhraun JE: Örnefnaskrá Kílhraun. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Minna-Hof Óþ: Örnefnaskrá Minna-Hofs. Óþekktur skrásetjari. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

Ö-Ólafsvellir: Örnefnaskrá Ólafsvalla. Þorsteinn Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1977.

Ö-Ósabakki: Örnefnaskrá Ósabakka. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004

Ö-Reykir JE: Örnefnaskrá Reykja. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2004.

Ö-Skaftholt BJ: Handrit Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi. Um 1910. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skaftholt GJ: Gestur Jónson og Þórhallur Vilmundarson skráðu. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1976-77.

Ö-Skaftholt IH: Örnefni og staðarheiti í landi Skaftaholts í Gnúpverjahreppi áður en því var skipt þ.e. í tíð Halldórs Benjamínssonar og fjölskyldu. Ingunn Halldórsdóttir skráði. Í einkaeigu

Ö-Skeiðháholt JE: Örnefnaskrá Skeiðháholts. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1999.

Ö-Stóra-Hof Aths: Stóra-Hof. Athugasemdir Steindór Guðmundsson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1987.

Ö-Stóra-Hof GÓ: Örnefnaskrá Stóra-Hofs. Guðjón Ólafsson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

Ö-Stóra-Hof Svör: Stóra-Hof. Spurningar og svör. Guðjón Ólafsson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1984.

Ö-Votamýri JE: Örnefnaskrá Votamýrar. Jón Eiríksson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1999.

Ö-Þjórsárholt JJ yngri: Örnefnaskrá Þjórsárholt. Jón Jónsson skráði. Örnefnasafn - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1936.

Heimildamenn

Guðjón Vigfússon, fæddur 15.06.1936

Valgerður Guðjónsdóttir, fædd 14.06.1947

Gylfi Guðmundsson, fæddur 29.10.1953

Aðalsteinn Guðmundsson, fæddur 01.05.1952

Ingunn Halldórsdóttir, fædd 16.09.1925

Guðfinnur Jakobsson, fæddur 13.12.1943

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

Sérheiti	A	N
239001	425654.364	392357.012
239002	425696.374	392337.003
239003	425605.033	392318.812
239004	425720.674	392224.925
239005	425732.789	392232.055
239006	425796.911	392273.269
239007	425811.861	392231.278
239008	425794.953	392205.095
239009	425631.659	392172.215
239010	425530.068	392167.837
239011 01	425565.718	392157.687
239012 01	426246.859	392519.955
239013	426319.116	392580.791
239011 02	425517.841	392156.691
239012 02	426299.297	392582.264
239015	425690.303	392368.359
239014 01	425879.396	392107.362
239014 02	425873.149	392089.666
239016	425608.893	392005.319
239017	425591.439	392350.043
239018	425760.898	392296.822
239019	426346.770	392471.727
239020	425706.766	392276.775
239021	426326.376	392491.572
239022	425472.179	392548.023
239023	426409.867	392167.914
239024	426627.982	391563.607
239025	425333.535	392624.307
239026	426483.626	392579.433
239027	425114.154	392417.621
239028	427019.029	391884.494
239029	425909.854	391821.930
239030	424980.793	392103.144
239031	427130.775	392580.412
239032	427177.325	393536.643
239033	425712.751	392310.537
239034	425494.597	392508.336
239035	426848.754	393407.473
239036	427008.287	393375.255
239037	426170.544	392467.582
239038	425081.790	392424.089


Sérheiti	A	N
239039	426683.876	393434.797
239040	427052.239	392779.284
239041	425469.743	392497.672
239043	425220.425	392068.923
239044	425896.516	392045.808
239045	425797.395	392175.654
239046	425910.528	392053.665
239047	426272.584	392565.170
239048	426302.885	392529.769
239049	426365.704	392515.227
239050	425648.499	391925.635
239051	425819.936	391985.197
239052	425461.040	391909.858
239053	425222.720	392486.470
239054	427000.661	393950.188
239055 01	427056.573	393256.799
239057	425813.405	392208.163
239056 01	425833.601	392150.912
239055 02	427062.555	393313.697
239056 02	425864.935	392164.546
239058 01	425953.835	392107.107
239059	427158.155	392747.128
239060	426730.113	392935.778
239058 02	425960.390	392113.306
239058 03	425947.985	392105.910
239061	425948.367	392007.429
239062	426476.529	391685.024
239063	425436.734	391936.205
239064	426679.286	392114.447
239065	426233.283	392442.657
239066	426269.309	392556.991
291001	441344.313	394180.112
291002	441346.924	394157.987
291003	441312.871	394150.605
291004	441505.956	394193.102
291005	441464.258	394181.845
291006	441325.477	394073.428
291007	441326.310	394153.247
291009	439944.227	393840.839
291010	441418.081	393980.900
291011	440774.986	393159.449


Sérheiti	A	N
291012	441404.100	394356.600
291013	441150.372	394625.801
291014	441465.097	394290.441
291015	441227.937	394157.145
291016	441385.108	394146.327
291017	438712.799	393926.363
291019	441269.457	394203.162
291020	440864.326	395261.264
291021	440560.883	394562.950
291022	441503.179	395021.289
291023	440467.376	393767.492
291024	441506.707	394498.389
291025	438807.953	393714.511
291026 01	439139.223	393122.560
291026 02	438642.344	393897.765
291028 01	440545.535	394613.416
291029	440730.990	394050.546
291030	437892.556	392950.343
291028 02	440532.551	394607.918
291031	437811.850	393353.394
291032	440204.291	393557.032
291033	438991.678	393406.018
291034	437970.569	392779.616
291035	441018.691	394952.458
291036	440737.042	393156.092
291037	441808.580	394105.703
291038	441221.641	394258.270
291039 01	441491.907	394305.205
291040	441203.336	394073.824
291039 02	441453.807	394084.255
291041	441396.859	394013.641
291039 03	441472.343	394322.499
291039 04	441327.831	394423.612
291042 01	440901.971	393804.323
291043	440867.619	393891.593
291039 05	441183.035	394188.391
291042 02	440785.249	393767.764
291044	440892.600	393869.146
291045	440694.333	393907.037
291047	440488.743	393392.755
291046 01	440408.538	394049.085
291046 02	440625.769	393860.095
291048	441443.137	394141.018

Sérheiti	A	N
291049	438159.123	393039.777
291046 03	440495.387	393823.637
291050 01	441780.216	395607.250
291051	441741.577	395295.184
291052	441235.052	394136.141
291050 02	441779.759	395570.214
291050 03	441200.756	395505.859
291053	441564.107	395827.651
291054	440798.412	395201.647
291055	440473.367	394402.723
291056	441301.452	393655.186
661001 01	427024.497	392770.237
661001 02	425765.577	391155.214
661001 03	426267.925	392023.868
661001 04	425771.416	391338.605
661009	425483.628	392370.136
661010	426748.002	392949.964
661011	427478.467	391679.754
661012	426819.185	392115.710
661014 01	427335.633	391680.244
661015	425356.231	391690.008
661014 02	427230.177	391924.343
661016	425417.537	391736.977
661020	425197.776	391975.031
661054	425628.130	392186.980
671021 01	438565.307	393859.710
671022	438608.224	393796.829
671021 02	438526.901	393867.835
671024	441093.196	393530.729
671025 01	437851.109	392510.729
671026	439196.370	393614.616
671025 02	439128.925	392349.244
671065	439300.203	393271.746
671067	439942.252	393426.451
671068	440591.716	393542.125
671074 01	440323.456	393967.986
671075	439514.460	394244.440
671074 02	440408.600	393930.343
671076 01	440717.085	395306.016
671076 02	440813.138	395446.458
671078	441560.855	395378.858


Viðauki II: Minjakort

Minjakort voru gerð af Húsatóftum og Skaftholti. Yfirleitt eru fleiri en eitt kort af hverri jörð. Við kortagerð voru notaðar lofmyndir frá Loftmyndum ehf. sem sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur lagði til verksins. Á hverju korti eru útskýringar á þeim merkingum sem þar eru.



Yfirlit yfir skráðar minjar
árið 2017
N
Hólamýri
Hrepphólar
Sandlækjarmýri
Reykjaheiði
Árnes
Laxá
Þjórsá
Hlíðarfjall
Háholtsfjall
Gamlaholt
Reykjaholt
Sandholt
Sandlækur
Prándarholt
Miðhúsaholmi
Árnesfjöður
Murueyrar
Svanhildartangi
Kirkjuhóll
Kaldárholt
Bót
Hagaholt
Hagi
Ketilsstaðaholt
Stúfholt
Flagbjarnarholt
Kolbeinsholt
Setberg
Vindás
Laugar
Hestakleifar
Hestafoss
Búðafoss
Árbrantarholt
Fjósárholt
Stóraholt
Minnahof
Miðmorgunsholt
Votamýri
Blesastaðir
Birnustaðir
Alfstaðir
Vörðufell
85 km
0 1 2 3 4 km
239054
239039
239032
239035
239055 01
239060
661010
239025
239066
239013
239059
239027
239002
239026
239031
239038
239056 02
661012
239004
239046
239030
239016
239050
239028
661011
661015
239062
239024
661014 01
661001 04
661001 02
671076 02
671076 01
671077
291053
291050 02
291051
291054
291022
291035
291028 01
291055
291024
671075
291038
291014
671074 01
291040
291004
671021 02
291017
291006
671021 01
291025
291045
291044
291031
291033
671067
671068
291056
291026 01
671065
291047
291011
291049
291036
291030
671025 01
291034
671025 02



Minjar á Húsatóftum ÁR-239
sýndar á herforingjaráðskorti
frá 1908
Efri Brúnavellir
Húsatóftahóll
Murrumýrar
239054
239032
239039
239035
239036
239055 01
239055 02
239060
661010
661001 01
239040
239059
239031
239026
239012 02
239012 01
239049
239037
239065
239025
239022
661054
239041
239034
239053
239038
239027
661009
239015
239017
239006
239005
239057
239010
239045
239011 02
239030
239043
239016
661020
239063
239044
239051
239061
239052
239050
239029
661016
661015
239023
239064
661012
239058 02
239058 03
661001 03
239028
661014 02
239062
661014 01
661011
239024
661001 04
661001 02
0
250
500
750
1000 m
N


ÁR-239 Húsatóftir
Kort 1: Yfirlit




ÁR-239 Húsatóftir
Kort 2: Norðurhluti





ÁR-239 Húsatóftir
Kort 3: Vesturhluti
N
239038
239027
661009
239001
239015
239033
239003
239006
239020
239007
239005
239010
239009
239008
239056 02
239011 02
239011 01
239056 01
239058 02
239058 03
239058 01
239030
239043
239016
239044
239046
239061
661020
239051
239063
239052
239050
239029
661016
661015
239065
239023
239064
661012
661001 03
661014 02
239028
239062
661014 01
66101
239024
661001 04
661001 02
0
250
500
750
1000 m
Skýringar
Hnit
Heimatún
Áveita
Garðlag
Leið
Landamerki



ÁR-239 Húsatóftir
Kort 4: Austurhluti
661001 01
239040
239059
239012 02
239013
239026
239031
239012 01
239048
239049
239037
239021
239019
239065
239002
239018
239020
239004
239007
239008
239057
239045
239056 02
239058 03
239058 01
239023
239064
661012
239014 02
239046
239044
239061
661001 03
239051
239050
661014 02
239028
239029
239062
661014 01
661011
239024
661001 04
661001 02
N
0
250
500
750
1000 m
Skýringar
Hnit
Heimatún
Áveita
Garðlag
Leið
Landamerki



ÁR-239 Húsatóftir
Kort 5: Brautarholt og bærinn
N
239025
239022
239034
661054
239041
239053
239038
239027
661009
239017
239001
239015
239002
239003
239033
239018
239020
239006
239005
239007
239004
239008
239057
239011 02
239010
239009
239045
239011 01
239056 02
239056 01
239058 03
239058 02
239058 01
239014 02
239046
239044
239061
239051
239016
661020
239063
239052
239050
239029
661016
661015
239030
239043
239012 02
239013
239026
239066
239048
239012 01
239049
239037
239021
239065
239019
239060
239023
239064
661001 03
239062
Skýringar
Hnit
Heimatún
Áveita
Garðlag
Leið
Landamerki
0
100
200
300
400 m


Minjar í Skaftholti ÁR-291
sýndar á herforingjaráðskorti frá 1908



ÁR-291 Skaftholt
Kort 1: Yfirlit




ÁR-291 Skaftholt
Kort 2
Skýringar
Hnit
Heimatún
Áveita
Garðlag
Leið
Uppmældar minjar
Landamerki
291053
291050 01
291050 02
291050 03
671076 02
671077
671076 01
291051
291020
291054
291022
291035
291028 02
291028 01
291013
291021
291024
291055
291039 04
291012
291039 03
291014
291039 01
291038
291039 05
291019
291001
291004
291003
291005
291007
291052
291048
291037
291040
291006
291039 02
291046 01
291029
291041
671074 01
291010
671074 02
291045
291043
291044
291009
291046 02
291046 03
291042 01
291023
291042 02
291056
291032
671068
671024
671067
291047
291036
291011
0 100 200 300 400 m


ÁR-291 Skaftholt
Kort 3
671075
291017
291026 02
671021 02
671021 01
671022
291025
291009
671026
291032
291033
671067
671065
291026 01
Skýringar
Hnit
Heimatún
Áveita
Garðlag
Leið
Uppmældar minjar
Landamerki
0
100
200
300
400 m

ÁR-291 Skaftholt
Kort 4

